**KARL SIGFÚSSON**

*Geymir reiðstígvél afa síns í stofunni heima*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**DUNCAN MCKNIGHT**

*Nældi sér í hjúkrunarkonu*

Á batavegi eftir lífshættulegt slys

**FÓLK 42**






# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

7. desember 2009 — 289. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Útilokuð frá samfélaginu



Kristín Björnsdóttir rannsakaði þátttöku þroskahamlaðra í samfélaginu.

**TÍMAMÓT 26**

### Trúverðug kristni?

Það er gróf söguföIsun að gefa það í skyn að hin lúterska þjóðkirkja sé þúsund ára gömul, skrifar Hjörtur Magni Jóhannsson.

**UMRÆÐAN 20**

### Gerir það gott í Svíþjóð



Þjóðlagasveitin Árstíðir hefur gert samning við útgáfufyrirtækið Adore Music í Svíaríki.

**FÓLK 34**

### Grannagreiði hjá City



Manchester United minnkaði forskot Chelsea í tvö stig um helgina.

**ÍÞRÓTTIR 36**

### VEÐRIÐ Í DAG




**Þurrt SV-lands** en annars úrkoma. Strekkingur á V-fjörðum en annars hægari vindur. Hiti 2 til 7 stig.

**VEÐUR 4**

# Byr verður trauðla bjargað

**Framtíð sparisjóðakerfisins er enn óráðin eftir hrun fjármálakerfisins. AGS er sagt mótfallið frekari björgunaraðgerðum. Möguleiki er að láta yfirtaka Byr en halda sparisjóðanetinu á landsbyggðinni óbreyttu.**

**FJÁRMÁL** Ekki liggur enn fyrir hvort ríkið leggur sparisjóðunum til eiginfjárframlag líkt og þeim stendur til boða samkvæmt neyðarlögunum.

Átta sparisjóðir af þeim tólf sem enn starfa í landinu óskuðu eftir framlaginu í vor. Það hljóðar upp á samtals tuttugu milljarða króna. Byr fengi helming en Sparisjóður Keflavíkur (SpKef) fjórðung.

Kostnaður ríkisins við að bæta eiginfjárstöðu Byrs gæti orðið tæpir ellefu milljarðar króna og óvíst er hvort það dugi. Til viðmiðunar lagði ríkið samtals níu milljarða á endanum inn í Arion banka og Íslandsbanka.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við, bæði innan fjármálaráðuneytisins og í bankageiranum, segja málið enn á borði fjármálaráðherra. Margir telja það stranda á endurskipulagningu Byrs og SpKef. Viðkvæmust sé staða Byrs, sem tók við greiðslumiðlun sparisjóðanna eftir fall Sparisjóðabankans í vor.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir málið á borði síns ráðuneytis að því leyti að það hafi heimild til að leggja sparisjóðunum til fjármagn sem svari til tuttugu prósenta af efnahagsreikningi þeirra á árinu 2007.

„Ef það dugar þeim til fjárhagslegrar endurskipulagningar er það í boði en það er fyrst og fremst á hendi sparisjóðanna sjálfra að vinna úr sínum málum. Svo þurfa þeir auðvitað að fá samþykki Fjármálaeftirlits og eftir atvikum kröfuhafa og fleiri aðila til að áætlanirnar gangi upp,“ segir fjármálaráðherra, sem ekki vill tjá sig um núverandi stöðu málsins.

Þá vill Steingrímur ekkert segja um meinta afstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins meinar AGS stjórnvöldum að borga inn í sparisjóðina. Vísað er til samnings Byrs við kröfuhafa um að framlagið renni til þeirra. AGS er sagt mótfallið slíkri meðferð á skattfé.

Breska ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman veitir fjármálaráðuneytinu sérfræðiaðstoð um endurskipulagningu sparisjóðakerfisins. Fundað er reglulega í ráðuneytinu og dregur að lokum þess verks, að sögn Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur, ráðgjafa fjármálaráðherra.

Niðurstaða kann að liggja fyrir um eða eftir áramót. Einn möguleiki er að nýta tækifærið og skera fjármálakerfi landsins meira niður með tiltölulega litlum tilkostnaði. Hagkvæmt er talið að láta banka eða fjármálafyrirtæki taka yfir eignir og skuldbindingar Byrs ásamt greiðslumiðlun. Rætt hefur verið við MP Banka og Saga Capital um þetta. Þannig sparar ríkið sér framlagið á sama tíma og sparisjóðakerfið helst í óbreyttri mynd á landsbyggðinni. **- jab**



**VONBRIGÐI** Haukar og FH áttust við í átta liða úrslitum bikarkeppninnar í handbolta karla í gær. Gríðarleg spenna var í leiknum og þurfti að tvíframlengja leikinn. Svo fór að Haukar höfðu betur með tveimur mörkum. Vonbrigðin voru gríðarleg eins og sjá má á andlitum stuðningsmanna FH-liðsins en að sama skapi fögnuðu Haukarnir sigrinum vel og lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Börn með offituvandamál:

# Búta vantar í litning sextán

**BANDARÍKIN, AP Offita barna stafar í sumum tilvikum af því að nokkra búta af erfðaefni vantar í litning númer sextán. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem breskir vísindamenn hafa gert á 300 börnum sem eiga við alvarleg offituvandamál að stríða.**

**Svo virðist sem ákveðið gen skorti í sum þessara barna, en það gen virðist nauðsynlegt til þess að heilinn bregðist við hormóni sem stjórnar matarlyst.**

**Þau börn, sem vantar þetta erfðaefni, hafa afar sterka löngun í mat á öllum tímum sólarhringsins. „Þau eru mjög, mjög svöng. Þau vilja alltaf vera að borða,“ segir Sadaf Farooqi við Harvard-háskóla, annar tveggja forystumanna rannsóknarinnar.**

**Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í nýjasta hefti vísindatímaritsins Nature. Niðurstöðurnar hafa þegar orðið til þess að barnaverndaryfirvöld í Bretlandi hafa dregið til baka ásakanir á hendur foreldrum tveggja barna.** **- gb**




Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn hefst í dag:

# Aukin bjartsýni á útkomuna

**UMHVERFISMÁL** Fimmtánda ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál hefst í dag í Kaupmannahöfn. Bjartsýni á útkomu ráðstefnunnar hefur aukist, en þó eru litlar líkur á að samkomulag náist um lagalega bindandi niðurstöðu. Von manna stendur frekar til að pólitísk samstaða náist um markmið sem megi setja í bindandi samning á næsta ári, þegar ráðstefnan verður haldin í Mexíkó.

Umræðan síðustu daga hefur farið fram í skugga upplýsinga um tölvubréf sem prófessorar í enskum háskólum höfðu sent sín á milli og stolið var. Þar kom fram sú skoðun að allt væri á huldu um hlýnun jarðar af mannavöldum. Yvo de Boer, yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, hefur áhyggjur af því að bréfin ýti undir efasemdaraddir. Hann segir þó vart hægt að bera brigður á niðurstöðu 2.500 vísindamanna sem fullyrtu nýverið í skýrslu að hlýnun jarðar af mannavöldum væri óhrekjanleg staðreynd.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sækja báðar ráðstefnuna. **- kóp** **/sjá síðu 18**






## SPURNING DAGSINS



*„Jónína, voruð þið ekki hrædd um að reksturinn færi út um þúfur?*

**„Nei, við höfðum trú á því sem við vorum að gera og það gerðist ekki.“**

Jónína S. Lárusdóttir er ásamt Gísla Sigurðssyni eiginmanni sínum eigandi Garðheima sem nú fagna tíu ára afmæli. Í Fréttablaðinu á laugardag sögðu þau frá því að þegar fyrirtækið var byggt upp í Mjóddinni hefði ekkert annað verið þar en móar.

Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlínu mun ekki að fara fram:

# Þrjár kærur vegna Suðvesturlínu

**UMHVERFISMÁL** Þrjár kærur hafa borist Umhverfisráðuneytinu vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlínu og tengdra framkvæmda.

Kæra Græna netsins, félags jafnaðarmanna um umhverfið, náttúruna og framtíðina, byggist á því að ávinningur af sameiginlegu mati línulagnar, áformaðs álversrekstrar við Helguvík, virkjana og fleiri framkvæmda náist ekki með umhverfismati hverrar og einnar af þessum framkvæmdum. Réttur almennings til fullrar upplýsingar og áhrifa vegi þyngra en rök Skipulagsstofnunar um óhagræði framkvæmdanna af sameiginlegu mati.

Náttúruverndarsamtök Íslands lögðu fram kæru á grundvelli þess að ekki fengist heildarmynd af umhverfisáhrifum framkvæmdanna við Suðvesturlínu nema þær væru metnar saman í einu lagi.

Þá segir í kæru Landverndar að Skipulagsstofnun hafi ekki haft forsendur fyrir ákvörðuninni, þar sem ekki hafi verið búið að upplýsa nema að hluta hvaðan orkan vegna framkvæmdanna ætti að koma. - hhs



**TENGIVIRKI** Fjöldi tengivirkja mun rísa vegna Suðvesturlínu, sem á að liggja um tólf sveitarfélög. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsetakosningar í Rúmeníu:

## Báðir lýsa sig sigurvegara

**RÚMENÍA, AP** Báðir frambjóðendur seinni umferðar forsetakosninganna í Rúmeníu lýstu yfir sigri í gær, eftir að kjörstöðum hafði verið lokað.

Mircea Geoana, fyrrverandi utanríkisráðherra, var þó með vinninginn samkvæmt útgönguspám, en Traian Basescu, núverandi forseti, var skammt á eftir.

Geoana er leiðtogi Sósíaldemókrata, arftaka gamla Kommúnistaflokksins sem stjórnaði Rúmeníu í fjóra áratugi. Basescu vann mikinn kosningasigur árið 2004, en vinsældir hans hafa dalað vegna erfiðs efnahagsástands. - gb

# Íslensk hross send til Mexíkó í fyrsta sinn

**Sjö íslensk folöld eru nú á löngu ferðalagi gegnum Bandaríkin áleiðis til Mexíkó. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskir hestar eru fluttir þangað. Folöldin lögðu af stað 25. nóvember og búist er við að ferðalagið taki tíu daga með hvíldum.**

**HESTAMENNSKA** Sjö folöld eru nú á leiðinni frá Íslandi til Mexíkó. Þetta ungviði er fyrstu íslensku hrossin sem flutt eru héðan þangað til lands. Þau eru í löngu og ströngu ferðalagi, því það tekur að minnsta kosti tíu daga með hvíldarstoppum.

Það er hin kunna hestakona Hulda Gústafsdóttir á Árbakka í Rangárvallasýslu sem hafði veg og vanda af útflutningnum. Ásamt eiginmanni sínum, Hinriki Bragasyni, rekur hún fyrirtækið Hestvit ehf. sem annast meðal annars útflutning hrossa.

„Þetta kom þannig til að þýsk kona sem búsett er í Mexíkó hafði samband við mig,“ greinir Hulda frá. „Hún bað mig um að aðstoða sig við að finna út úr því hvernig hægt væri að flytja hross frá Íslandi til Mexíkó. Hún var búin að ákveða að reyna þetta en var ekki komin með tengilið hingað til lands, annan en þann sem hún var að hugsa um að kaupa folöldin af. Hún vildi ekki festa sér þau fyrr en hún sæi fram á að þetta væri hægt.“

Þegar ljóst var að hægt væri með góðu móti að flytja hross um þennan langa veg keypti konan, Regina Hof, folöldin sjö. Um er að ræða tvö hestfolöld og fimm hryssur. Þau eru litskrúðug mjög, meðal annars moldótt, skjótt og leirljós. Regina átti íslensk hross meðan hún bjó í Þýskalandi og Hulda segir hana greinilega hafa langað til að breiða út fagnaðarerindið í Mexíkó eftir að hún var flutt þangað. Hulda segir að Regina hafi jafnvel verið að íhuga að senda folöldin með flugi til Evrópu og svo þaðan til Mexíkóborgar.

„Við könnuðum þennan möguleika, en sáum svo að það var auðveldara að senda þau eftir öðrum leiðum,“ segir Hulda. Folöldin fóru því með flugi hinn 25. nóvember til New York, þar sem þau þurftu að dvelja í þrjá daga í einangrun. Nú eru þau á leiðinni gegnum Bandaríkin í flutningabílum með hvíldarviðkomu á nokkrum stöðum.

„Þeim heilsast vel og við hlökkum til að frétta af þeim þegar þau eru komin á áfangastað,“ segir Hulda.

Spurð hvort hún viti hvort íslenskir hestar séu fyrir í Mexíkó kveðst hún ekki vita til þess að svo sé. Þá hafi Regina grennslast fyrir um það eftir að hún flutti og enn ekki fundið neina Íslandshesta.

„En nú segist hún vita hvernig flytja eigi hross frá Íslandi til Mexíkó og það er helst á henni að heyra að folöldin verði bara fyrsta sendingin af fleirum á milli landanna.“ jss@frettabladid.is



**HULDA GÚSTAFSDÓTTIR** Talsvert umstang er í kringum það að flytja hross til annarra landa allt árið um kring. En svo gefast rólegri stundir inni á milli eins og þessi mynd ber með sér.



**BÓLIVÍUBÚAR KJÓSA** Morales er fyrsti frumbyggi landsins til að verða forseti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Bólivíu:

## Morales þykir nánast öruggur

**BÓLIVÍA, AP** Evo Morales, forseti Bólivíu, þykir nánast öruggur með sigur eftir forsetakosningar, sem haldnar voru í gær.

Fyrir fjórum árum var hann kosinn forseti, fyrstur frumbyggja landsins, og nýtur mikilla vinsælda. Hann hefur notað völd sín til að gera róttækar breytingar á stöðu fátækra og réttindum frumbyggja. Um sextíu prósent íbúa Bólivíu búa við fátækt.

Efnt var til kosninga nú í samræmi við breytingar á stjórnarskrá landsins, sem Morales kom í gegn fyrr á þessu ári. - gb

## ALÞINGI

### Áfram rætt um Icesave

Icesave-málið verður enn á dagskrá Alþingis í dag, þegar annarri umræðu um ríkisábyrgðina verður haldið áfram. Einnig er á dagskrá þingfundar breyting á lögum um væntanlega skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Sendiherrabústaður í Berlín:

## Íslensk hönnun vekur athygli

**HÖNNUN „Bústaðurinn hefur fengið mikla umfjöllun í bókum, tímaritum og sjónvarpi á undanförnum vikum,“ segir Dennis Davíð Jóhannesson hjá Arkitektar Hjördís & Dennis um íslenska sendiherrabústaðinn í Berlín sem hefur vakið mikla athygli í Þýskalandi.**

**Meðal annars er ítarlega fjallað um sendiherrabústaðinn í hinu virta þýska fagtímariti Md Möbel Interior Design. Þar hrífst greinarhöfundur meðal annars af látleysi sendiherrabústaðarins og hrósar arkitektunum í hástert.** - uhj

Mannslát í Hafnarfirði:

## Lík fannst í flæðamálinu

**LÖGREGLUMÁL** Lík konu á miðjum aldri fannst í Hafnarfirði í gær. Líkið fannst í flæðarmálinu skammt frá æfingasvæði Golfklúbbsins Keilis í Hraunkoti í Hafnarfirði.

Það var vegfarandi sem gekk fram á líkið og tilkynnti lögreglu um það um tvöleytið í gær.

Ekkert bendir til þess að konan hafi látist með saknæmum hætti, að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Málið er í rannsókn og verst lögreglan frekari frétta af því. - þeb

## SAMGÖNGUR

### Ófært í Árneshrepp

Ófært er um Bjarnarfjarðarháls og í Árneshrepp. Að því er kemur fram á strandir.is verður vegurinn þangað norður eftir aðeins mokaður einu sinni í viku fram yfir áramót og síðan ekki söguna meir fram í seinni hluta mars. Í Árneshreppi búa nú um fimmtíu manns.






Dómsmálaráðherra hugnast illa sparnaðarhugmyndir Landhelgisgæslunnar:

# Fækkun þyrla afleitur kostur

**ÖRYGGISMÁL** „Mér finnst þetta afleitur kostur. Ef af verður er þetta það alvarlegt mál að ég mun kynna það ríkisstjórn. Ég vil skoða alla aðra möguleika áður en gripið verður til þessa ráðs og hef þegar óskað eftir minnisblaði frá Landhelgisgæslunni um þetta,“ segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra um þá hugmynd að fækka þyrlum Landhelgisgæslunnar úr þremur í tvær.

Ragna skipaði í haust þverpólitíska nefnd til að fara yfir rekstur Landhelgisgæslunnar. Hún telur að nefndin sé ákjósanlegur vettvangur til að fara yfir málin, enda skipuð fulltrúum Landhelgisgæslunnar og þingmönnum úr stjórn og stjórnarandstöðu.

Landhelgisgæslan þarf að skera niður 300 milljónir króna á næsta ári, um tíu prósent af rekstri sínum. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagði í hádegisfréttum Stöðvar 2 í gær að verið væri að kanna hvar hægt væri að skera niður og draga úr starfsemi. Fækkun á þyrlum gæslunnar væri síðasti kosturinn í stöðunni.

Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru notaðar fyrir öryggis- og löggæslu og leitar- og björgunarflug.



**TF-LÍF Á ÆFINGU** Dómsmálaráðherra vill leita allra mögulegra leiða áður en þyrlum Landhelgisgæslunnar verður fækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ragna segist fyrst og fremst hafa áhyggjur af öryggi sjófarenda. Þeim áhyggjum deilir Sjómannasambandið með henni, sem leggst alfarið gegn fækkuninni. - hhs


Sumir segja að við hjá MP séum gamaldags.
Við lítum á það sem hrós.
Bárður Helgason, viðskiptastjóri
Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.
Þannig á banki að vera.
Debetkort
Launareikningur
Kreditkort
Netbanki
Netgreiðsluþjónusta
Gjaldeyrisreikningar
Sparnaðarreikningar
Yfirdráttur
Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.
Hafðu samband í síma 540 3200.
MP BANKI
Borgartúni 26 · www.mp.is
VISA

**GENGIÐ 04.12.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,54 | 122,12 |
| Sterlingspund | 202,07 | 203,05 |
| Evra | 182,97 | 183,99 |
| Dönsk króna | 24,584 | 24,728 |
| Norsk króna | 21,565 | 21,693 |
| Sænsk króna | 17,649 | 17,753 |
| Japanskt jen | 1,3755 | 1,3835 |
| SDR | 195,32 | 196,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,0287

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþjóðlegur viðburður til að hvetja leiðtoga til dáða á loftslagsfundinum:

# Skilaboð til Kaupmannahafnar

**LOFTLAGSMÁL** Umhverfis- og mannréttindasamtök víða um heim standa fyrir viðburði laugardaginn 12. desember til að undirstrika mikilvægi Kaupmannahafnarfundarins, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, sem hefst í dag og stendur til 18. desember. Vonir standa til að viðburðurinn verði sá stærsti í tengslum við þetta málefni frá upphafi. Þúsund samkomur í níutíu löndum hafa þegar verið skipulagðar, þar af tvær á Íslandi.

Það eru Reykjavíkurborg og Stykkishólmur sem hafa í hyggju að taka þátt í viðburðinum, sem gengur undir nafninu TckTckTck. Markmiðið er að fólk komi saman á friðsamlegan hátt og sendi skýr skilaboð til Kaupmannahafnar til að þar nái fulltrúar þjóðanna samningi sem feli í sér metnað til að ná árangri, sé lagalega bindandi fyrir aðildarþjóðir og sanngjarn fyrir okkur og komandi kynslóðir. Flestallir valdamestu þjóðarleiðtogar heims hafa boðað komu sína til Kaupmannahafnar og alls eru þeir um hundrað. - shá



**MÓTMÆLI** Menn hafa ólíkar aðferðir við að hvetja ráðamenn til dáða vegna loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Elísabet varar ritstjóra við:

# Ljósmyndarar hafi sig hæga

**BRETLAND, AP** Elísabet II. Englandsdrottning hefur varað dagblöð við því að birta ljósmyndir teknar í leyfisleysi af meðlimum bresku konungsfjölskyldunnar.

Lögmaður drottningarinnar sendi ritstjórum breskra dagblaða bréf þar sem þeim var bannað að birta myndir af meðlimum konungsfjölskyldunnar teknar við heimili þeirra.

Konungsfjölskyldan segist hafa skilning á áhuga almennings á lífi hennar. Sá áhugi megi hins vegar ekki teygja sig yfir allt einkalíf fjölskyldunnar og vina hennar. - hhs

Erill í höfuðborginni:

# Þrjár alvarlegar líkamsárásir

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudags.

Tilkynnt var um líkamsárás við skemmtistaðinn Spot í Kópavogi þar sem maður hafði ráðist á konu sína.

Einnig var tilkynnt um átök á Skólavörðustíg. Þar hafði maður verið sleginn í rot og er talið að fjórir menn hafi ráðist á hann.

Þriðja líkamsárásin varð í Bankastræti þar sem maður var sleginn í höfuðið með flösku. Árásarmaðurinn komst undan. - þeb

Ungmennafélag Íslands:

# Vilja stofna lýðháskóla

**FÓLK Hugmyndir eru uppi um að stofna lýðháskóla hér á landi. Þetta segir Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands, í samtali við Vísi í gær.**

**Stofnun lýðháskóla hefur verið draumur Ungmennafélagsins lengi, en málið er ekki komið á alvarlegt stig.**

**Hún segir hugmyndina hafa verið viðraða við Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra og Árna Pál Árnason félagsmálaráðherra. Þau hafi tekið vel í hugmyndina.** - þeb

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

### Vill annað sæti á Akureyri

Sigrún Stefánsdóttir bæjarfulltrúi býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar vegna bæjarstjórnarkosninganna á Akureyri næsta vor. Sigrún segir að sér séu hjartfólgin málefni þeirra sem standi höllum fæti í samfélaginu.



**ORKUVEITAN** Skuldir fyrirtækisins nema rúmlega sjötíu prósentum heildarskulda Reykjavíkurborgar. Borgarsjóður skuldar aðeins um þrettán prósent en afganginn skulda fyrirtæki borgarinnar.

# Meta áhættu vegna skuldsetningar OR

**Skuldir Reykjavíkurborgar verða tæpir 326 milljarðar á næsta ári. Þar af nema skuldir Orkuveitu Reykjavíkur um 250 milljörðum. Borgarstjóri segir áhættumat verða framkvæmt. Skortur á yfirsýn, segir oddviti Samfylkingar.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Rúmlega sjötíu prósent allra skulda Reykjavíkurborgar eru tilkomin vegna Orkuveitu Reykjavíkur. Skuldir Orkuveitunnar verða um 250 milljarðar króna á næsta ári, en heildarskuldir borgarinnar verða tæpir 326 milljarðar samkvæmt fjárhagsáætlun borgarinnar. Skuldir borgarsjóðs eru aðeins þrettán prósent af skuldunum; afganginn skulda fyrirtæki borgarinnar. Eigið fé Orkuveitunnar er fjórtán prósent.

Að því er fram kom í ræðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra um fjárhagsáætlunina hefur verið falið að framkvæma áhættumat vegna ábyrgðar á lánum fyrirtækja borgarinnar. „Þessi ákvörðun var ekki síst tekin vegna þeirrar skuldsetningar sem Orkuveitan er komin í vegna gengis íslensku krónunnar,“ sagði Hanna Birna. Sjóðsstreymi fyrirtækisins væri viðunandi þrátt fyrir núverandi aðstæður, og fyrirtækið stæði fyrir mannaflsfrekum framkvæmdum sem skiptu miklu fyrir atvinnustigið. Þá myndi Orkuveitan skila um einum og hálfum milljarði króna til borgarinnar á næsta ári.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, segir að kallað hafi verið eftir áhættumati vikum og mánuðum saman, án þess að mikil viðbrögð fengjust frá meirihlutanum. „Við höfum haft verulegar áhyggjur af þessu og kallað eftir miklu nákvæmara áhættumati á vettvangi borgarstjórnar á fjármálum Orkuveitunnar. Á skuldaþoli hennar og vaxtaþoli og þar með getu til að standa í stórum fjárfestingaverkefnum,“ segir hann. Hann segir borgarstjórnarmeirihlutann virðast hafa verið í algjörri afneitun hvað það varðar að skuldir OR hafi margfaldast á þremur árum. Þá hafi verið erfitt að fá umræðuna um málið fram.

„Þvert á móti hefur borgarstjóri kallað eftir þreföldum arðgreiðslum. Það fannst okkur út í hött og sýna skort á yfirsýn yfir þá stöðu sem raunverulega er uppi,“ segir Dagur. thorunn@frettabladid.is

Mynda meirihluta í Grindavík:

# Þrír flokkar í nýju samstarfi

**SVEITARSTJÓRNIR** Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Vinstri græn hafa myndað nýjan meirihluta í bæjarstjórn Grindavíkur.

„Flokkarnir eru sammála um að starfa saman til loka kjörtímabils með Ólaf Örn Ólafsson sem bæjarstjóra. Hvað varðar málefni eru flokkarnir meðal annars ásáttir um að vinna samkvæmt auðlindastefnu Grindavíkurbæjar í orkumálum, undir forustu forseta bæjarstjórnar. Flokkarnir munu standa vörð um þá stefnu að styðja við íbúa sína á krepputímum,“ segir í tilkynningu.

Hörður Guðbrandsson verður forseti bæjarstjórnar og Guðmundur Pálsson verður formaður bæjarráðs. - gar



**ÓEIRÐIR** Til átaka kom í Diyarbakir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kúrdar í Tyrklandi:

# Mótmæla aðbúnaði Öcalans

**TYRKLAND, AP Rúmlega tvítugur háskólanemi lét lífið af völdum skotsára þegar Kúrdar í Tyrklandi efndu til mótmælaaðgerða í borginni Diyarbakir í gær.**

**Kúrdarnir voru að mótmæla aðbúnaði Abdullah Öcalan, leiðtoga uppreisnarhreyfingar Kúrda, í fangelsi. Öcalan hefur verið í fangelsi á eyju í meira en áratug. Nýverið var reist nýtt öryggisfangelsi á eyjunni og hann fluttur þangað. Hann hefur sagt aðbúnaðinn verri en í gamla fangelsinu, en tyrknesk stjórnvöld segja ekkert hæft í því.** - gb




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
Veðurfréttamaður

**MILDIR DAGAR**
Fram undan eru mildir dagar en heldur vindasamir. Í dag verður þó fremur hægur vindur víða en síðdegis á morgun hvessir sunnanlands með talsverðri rigningu. Á miðvikudaginn verður væta sunnan- og vestanlands.




**Á MORGUN**
Vaxandi vindur sunnanlands síðdegis.

**MIÐVIKUDAGUR**
Strekkingur vestanlands, annars hægari.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 9° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 10° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 5° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | 2° |
| París | 11° |
| San Francisco | 10° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 48241 12/09

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2009 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 15. jan. 2010.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–14.400 Vildarpunkta.

**KJÖRKASSINN**



*Ætti að skattleggja fjármagnstekjur með sömu prósentutölu og launatekjur?*

| | |
|---|---|
| Já | 39,6% |
| Nei | 60,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er rétt að leggja niður Varnarmálastofnun?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Lélegar leiðslur og hætta á ofhitnun gera jólaseríur varasamar:

# Þriðja hver sería reyndist hættuleg

**ELDVARNIR** Þriðja hver jólasería er hættuleg, samkvæmt nýrri könnun Evrópusambandsins. Kannaðar voru nær 200 seríur í öllum verðflokkum í fimm löndum, Hollandi, Þýskalandi, Ungverjalandi, Slóveníu og Slóvakíu. Seríurnar féllu margar á ýmiss konar öryggisprófunum sem gerðar voru, algengasti gallinn voru lélegar leiðslur í snúrunum og hætta á ofhitnun af ýmsum ástæðum.

Í dagblaðinu Politiken er greint frá þessu og því að ástandið hafi þó verið misjafnt milli landa, einungis helmingur seríanna var lélegur í Hollandi en nær allar í Ungverjalandi. „Mikil krafa er um að seríur séu ódýrar sem getur komið niður á gæðunum,“ segir í greininni

Á heimasíðu Brunamálastofnunar er varað við seríum sem farnar eru að bila. „Sumar seríur eru þannig að þegar slokknar á einni peru þá hitna hinar perurnar meira og þegar nokkrar perur eru farnar er hitinn á þeim perum sem eftir eru orðinn verulegur og þá getur verið stutt í að kvikni í,“ segir þar.



**JÓLALEGT** Flestir setja upp seríur fyrir jólin en ekki er ráðlegt að hafa þær uppi ef þær eru farnir að bila.

Sjálfsvígsárásir í Pakistan:

# Sprengjumenn handteknir

**PAKISTAN, AP** Lögreglumenn handtóku hóp manna sem grunaður er um aðild að sprengjuárásum í borginni Peshawar og nágrenni í Pakistan.

Lögreglunni hafði borist vísbending um að sprengjumennirnir væru í húsi einu í borginni. Þar fundust sprengjur og vopn af ýmsu tagi. Einn maður lét lífið þegar lögreglan réðst til atlögu.

Undanfarið hafa herskáir uppreisnarhópar gert fjölda sprengjuárása í Pakistan, einkum í norðvestanverðu landinu, líklega í hefndarskyni vegna árása hersins á uppreisnarmenn í héraðinu Suður-Waziristan. **- gb**

# Fjörutíu milljónir í samgöngumiðstöð

**Síðan Flugstoðir voru stofnaðar 2007 hafa þær eytt 38 milljónum í undirbúning samgöngumiðstöðvar. Flugmálastjórn eyddi rúmum 800 þúsundum í þetta árið 2006. Ótalinn er kostnaður ráðuneytis og borgar, sem liggur helst í vinnu.**

**SAMGÖNGUR** Opinbera hlutafélagið Flugstoðir hefur eytt 38 milljónum króna í undirbúning samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll síðan 2007.

Áður en Flugstoðir voru stofnaðar sinnti Flugmálastjórn hlutverki þeirra. Flugmálastjórn varði 815.097 krónum í verkefnið árið 2006, en engu árin 2004 og 2005.

Þá er ótalinn kostnaður sem liggur í vinnu starfsfólks samgönguráðuneytis og starfsfólks Reykjavíkurborgar, en hann mun vera óverulegur. Þó gætu einhverjar milljónir falist í hönnunarvinnu vegna lóðarinnar.

Líkt og heyrst hefur íhugar samgönguráðherra nú annan kost; að endurbyggja núverandi flugstöð og hverfa alveg frá stórri samgöngumiðstöð. Umferðarmiðstöð BSÍ yrði á sínum stað. Formaður skipulagsráðs borgarinnar er þessu ekki afhuga. Þó greiddu allir borgarfulltrúar, fyrir utan Ólaf F. Magnússon, atkvæði gegn því í vikunni að festa flugvöllinn í sessi.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja fjármagna hvorn kostinn sem er, flugstöð eða samgöngumiðstöð, og bíða þess að ríki og borg taki ákvörðun. Borgin segist vinna að samgöngumiðstöð þar til erindi berist frá ráðherranum.

Fyrrgreindur kostnaður Flugstoða liggur í vinnu arkitekta, ráðgjöf, þarfagreiningu, gerð reiknilíkana og öðru.

Sigrún Traustadóttir, fjármálastjóri hjá Flugstoðum, segist ekki líta svo á að þetta sé glatað fé, þótt ekkert verði úr samgöngumiðstöðinni. Féð hafi farið í að ígrunda málin vel áður en farið yrði út í stórframkvæmd. Þess má geta að Flugstoðir velta um þremur milljörðum á ári.

Þær upplýsingar fengust í samgönguráðuneytinu að Flugstoðir hefðu borið meginþungann af þróunarvinnu samgöngumiðstöðvar. Kostnaður ráðuneytisins fælist í tíma starfsfólks og hugmyndavinnu.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, hefur bent á að kostnaður vegna lóðarinnar við Hlíðarfót, þar sem samgöngumiðstöðin átti að vera, nemi 450 milljónum á árinu. Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, hefur hafnað beintengingu þess kostnaðar við samgöngumiðstöðina. Kostnaðurinn deilist einnig á Háskólann í Reykjavík og fleiri verkefni.

**klemens@frettabladid.is**



**SAMGÖNGUMIÐSTÖÐ** Þessi mynd úr safni blaðsins er frá árinu 2006 og sýnir hugmynd að samgöngumiðstöð í Reykjavík frá Teiknistofu Halldórs Guðmundssonar. MYND/ÚR SAFNI










Nefnd gert að fjalla um starfshætti ríkisstjórnar og pólitíska aðstoðarmenn:

# Lög um stjórnarráðið endurskoðuð

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að endurskoða lög um stjórnarráðið. Lögin eru að stofni til frá árinu 1969 en hafa tekið ýmsum breytingum. Telur forsætisráðherra rétt og tímabært að fenginni reynslu að ráðast í slíka heildarendurskoðun.

Meðal þess sem nefndin á að taka til sérstakrar skoðunar eru starfshættir ríkisstjórnar og fyrirkomulag ríkisstjórnarfunda. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ætlunin að skoða hvaða mál skuli afgreiða í ríkisstjórn og hver ekki. Einnig hvernig hátta beri undirbúningi mála fyrir ríkisstjórnarfundi.

Þá á að fjalla um pólitíska aðstoðarmenn ráðherra, um stöðu þeirra innan ráðuneyta, ráðningu, starfslok og fjölda. Ýmis sjónarmið eru á lofti í þeim efnum, til dæmis það að ráðherrar eigi að hafa möguleika á að styrkja pólitíska forystu í ráðuneytum með tímabundnum ráðningum. Tilflutningur ráðuneytisstjóra í þeim tilgangi hefur einnig verið nefndur. Á móti vegur sú skoðun að ráðherrar eigi ekki koma nálægt mannaráðningum í ráðuneytum.

Anna Kristín Ólafsdóttir stjórnsýslufræðingur er formaður nefndarinnar en í henni sitja líka Hafdís Ólafsdóttir skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Helgi Áss Grétarsson lögfræðingur og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur. **- bþs**



**STJÓRNARRÁÐSHÚSIÐ** Nefnd forsætisráðherra á að leggja til breytingar á lögum um stjórnarráð Íslands.

# Frábærar jólagjafir

## fyrir fyrirtæki og einstaklinga




### Jólapakki 1

Hamborgarhryggur Hagkaups
Skagfirskt hangikjöt, úrbeinað læri
Ítalía hráskinka
Jólapylsa
Taðreykt lambainnralæri
Jóla pate
Skógarberjasósa
Brie m/hvítlauksrönd

Verð 11.999 kr.

### Jólapakki 3

Hamborgarhryggur Hagkaups
Kabanos pylsa
Parmaskinka
Jólapylsa
Camembert
Jóla pate
Skógarberjasósa
Blönduð ávaxtasulta

Verð 6.799 kr.







### Jólapakki 5

Camembert
Höfðingi
Stóri Dímon
Ostarúlla m/blönduðum pipar
Gullostur
Bóndabrie
Carrs Table Water kex
Melba Toast
Skógarberjasósa
Hindberjasulta

Verð 4.699 kr.

### Jólapakki 7

After Eight 200 g
Quality Street 480 g
Nestle Smarties 170 g
M&M brúnn
Maltesers stór 175 g
Nóa konfekt 1 kg
Kaffitár Selebs kaffi
Nóa konfekt gullmolar 300 g
Toblerone gult 200 g

Verð 8.599 kr.







**EINFALT AÐ PANTA:**
Sendir tölvupóst á jolagjafir@hagkaup.is eða hringir í síma 563-5082 virka daga milli 10:00 og 16:00

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hvaða Framari beitti hinu almræmda „Júggabragði“ á Jón Karl Björnsson, leikmann Gróttu, í leik liðanna á fimmtudaginn?*

*2. Hvað heitir tíkin sem leikur í söngleiknum Oliver! og hverrar tegundar er hún?*

*3. Hversu margar voru nýskráningar bíla frá janúar á þessu ári til nóvemberloka og hversu mikil fækkun er það á milli ára?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 42

Ákæruvaldið áfrýjar til Hæstaréttar Íslands:

# Dómi amfetamínstúlku áfrýjað

**DÓMSTÓLAR** Ákæruvaldið hefur áfrýjað til Hæstaréttar sýknudómi yfir stúlku sem var ákærð fyrir að hafa með framburði fyrir lögreglu og fyrir dómi leitast við að koma því til leiðar að fjórir menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn henni. Stúlkan var sýknuð af ákæru þessa efnis í Héraðsdómi Reykjavíkur í haust.

Stúlkan kærði mennina, sem hún hitti í fyrsta skipti fyrir utan skemmtistað, fyrir að hafa nauðgað sér í húsi ofan við Sundahöfn í Reykjavík. Þeir voru handteknir og síðan úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þeim var sleppt að tveim dögum liðnum, þar sem lögregla taldi ekki grundvöll til frekari rannsóknar. Þeir kærðu stúlkuna og kröfðust samtals tveggja milljóna króna í skaðabætur.

Einn mannanna bar að stúlkan hefði haft fíkniefni meðferðis sem hún neytti í umræddu húsi. Hún bar hins vegar að einn mannanna hefði „mokað“ í sig amfetamíni. Stúlkan hafði kynmök við þrjá mannanna í herbergi inni í íbúðinni. Á upptöku í farsíma eins mannanna mátti ráða að stúlkan beindi því til mannanna að hafa við sig kynferðismök. Staðfest var að styrkur amfetamíns í blóði stúlkunnar hefði verið margfalt yfir eitrunarmörkum. - jss




**HÆSTIRÉTTUR** Ákæruvaldið hefur áfrýjað sýknudóminum til Hæstaréttar.

Bandaríska leyniþjónustan:

# Ekkert spurst til bin Laden

**BANDARÍKIN, AP** Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, segir að árum saman hafi leyniþjónustumönnum Bandaríkjanna engar áreiðanlegar fregnir borist af hryðjuverkapaurnum Osama bin Laden.

Þetta sagði Gates í bandarískum sjónvarpsþætti í gær. Þá sagðist hann ekki geta staðfest fregnir fjölmiðla af því að bin Laden hefði sést nýlega í Afganistan.

Hillary Clinton utanríkisráðherra kom einnig fram í sama sjónvarpsþætti og sagðist sannfærð um að ná mætti góðum árangri í baráttu gegn hryðjuverkamönnum. - gb


ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48333

Hafðu samband
sími 444 7000 ✱ arionbanki.is

444 7000
Hvað viltu vita um lífeyrismál?

Lífeyrisþjónusta Arion banka er opin alla virka daga frá kl. 9 til 16.

Arion banki




**ÚTFÖR Í PERM** Aðstandendur eins hinna látnu við gröfina. NORDICPHOTOS/AFP

Eldsvoðinn í Perm kostaði á annað hundrað lífið:

# Yfirmenn næturklúbbs yfirheyrðir

**RÚSSLAND, AP** Fimm manns voru í gær kallaðir til yfirheyrslu hjá lögreglunni í Perm í Rússlandi vegna eldsvoða í næturklúbbi, sem varð meira en hundrað manns að bana.

Meðal þeirra sem yfirheyrðir voru eru eigandi næturklúbbsins, framkvæmdastjórinn, listrænn stjórnandi staðarins og maður sem útvegaði flugeldana sem kveikt var í inni á staðnum. Mennirnir eru sakaðir um að hafa sýnt refsiverða vanrækslu í meðferð flugelda og gerst brotlegir við reglur um eldvarnir.

Tala látinna var í gær komin upp í 112, en um 130 manns að auki voru á sjúkrahúsi, margir lífshættulega meiddir.

Sumir hinna látnu voru jarðsungnir í gær. Aðstandendur voru harmi slegnir og íbúar borgarinnar margir hverjir í uppnámi vegna eldsvoðans.

„Þetta er ekkert annað en glæpsamleg vanræksla,“ sagði Marina Dryonina, einn íbúanna. „Hræðilegur harmleikur fyrir borgina okkar.“

Víða í Rússlandi er eldvarnareftirliti ábótavant. Allmargir eldsvoðar hafa á síðustu árum orðið á skemmtistöðum, íbúðarhúsum, dvalarheimilum og sjúkrahúsum.

Allt að átján þúsund manns farast í Rússlandi af völdum eldsvoða ár hvert, en það er nokkrum sinnum hærri tíðni en almennt á Vesturlöndum. - gb




Nú er rétti tíminn til að gera bílinn flottari

– Frábær tilboð á aukahlutum í desember

Álfelgur, vindskeiðar, mottur, palllok, toppbogar, krómlistar og margt fleira.

Úrval aukahluta fyrir Volkswagen Polo, Golf, Passat, Touareg og Tiguan, Skoda Octavia og Fabia, Mitsubishi Pajero og L200.

Allt að 50% afsláttur. 100% vaxtalaus þjónustulán í boði.

Tilboðin gilda til 15. desember

MITSUBISHI MOTORS

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA




Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að lífeyristryggingin sé 100% örugg til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.

Nánari upplýsingar um 100% örugga lífeyristryggingu er að finna á **www.sparnadur.is** eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.

SPARNAÐUR
www.sparnadur.is

**Bayern Líf.**

VER SICHER UNGS
KAMMER
BAYERN
Finanzgruppe

Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 | sparnadur@sparnadur.is www.sparnadur.is



**MÓTMÆLT Í NEPAL** Tugþúsundir mótmælenda fylltu götur í kringum stjórnarráðið í Katmandú í Nepal í einum mestu mótmælum gegn forseta og ríkisstjórn sem farið hafa fram um margra missera skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Styrktarfélag um Kvennadeild Landspítalans stofnað:

# Stuðningur til framtíðar

**LÍKNARMÁL** Velunnarar kvennadeildar Landspítala Háskólasjúkrahúss hafa ákveðið að stofna styrktarfélag sem ætlað er að styrkja alla þætti kvennadeildarinnar.

Nafn félagsins verður Líf og standa núverandi og fyrrverandi starfsmenn kvennadeildar að stofnun þess ásamt breiðum hópi fólks víðs vegar að úr þjóðfélaginu.

Áætlað er að fyrsta verkefni félagsins verði að ljúka við framkvæmdir á húsnæði meðgöngu- og sængurkvennadeildar.

Um helmingur deildarinnar var endurnýjaður fyrr árinu. Ekki tókst að afla fjár til að ljúka verkinu. Því standa eftir 400 fermetrar sem þarf að lagfæra og er áætlaður kostnaður um áttatíu milljónir. Um fjórðungur svæðisins er húsnæði sem vökudeild nýtti áður en vökudeildin flutti í nýtt húsnæði árið 2003.

Þetta svæði er vannýtt í dag, meðal annars vegna þess að ekki er hægt að koma inn sjúkrarúmum.

Fjármögnun þessa verkefnis er hvatinn að stofnun félagsins en því er þó ætlað að styðja við starf kvennadeildarinnar til langs tíma.

Félagið mun hafa félagsgjöld, 3.000 krónur á ári en standa síðan að margvíslegum fjáröflunum á næsta ári.



**KVENNADEILD LSH** Stofnfundur Lífs verður haldinn í kvöld klukkan 20.00 í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Innbrot í höfuðborginni:

# Brotist inn í tvo grunnskóla

**LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í tvo grunnskóla í Reykjavík aðfaranótt sunnudags.**

**Brotist var inn í Laugarnesskóla og tölvu stolið þaðan.**

**Vegfarandi tilkynnti lögreglu um glugga sem spenntur hafði verið upp í skólanum. Þjófurinn náðist ekki, en málið er í rannsókn hjá lögreglu.**

**Þá var einnig brotist inn í Háteigsskóla. Lögreglan handtók fjóra drengi á tvítugsaldri á staðnum, einn inni í skólanum og þrjá í bíl fyrir utan.**

**Skjávarpi fannst í fórum þeirra. Þeir gistu allir fangageymslur lögreglunnar.** - þeb

Fornleifafundur í Þýskalandi:

# Greinileg merki um mannætur

**ÞÝSKALAND** Sjö þúsund ára gamlar mannvistarleifar skammt frá bænum Herxheim í Rínarlöndum í Þýskalandi bera þess nánast ótvíræð merki að þar hafi verið stundað mannát í stórum stíl.

Fornleifafræðingar segja jarðneskar leifar allt að fimm hundruð manna, þar á meðal barna og jafnvel ófæddra fóstra, bera þess merki að holdið hafi verið skafið af beinunum og þau jafnvel nöguð.

Frá þessu er skýrt í nýjasta hefti tímaritsins Antiquity.

Á fréttasíðum BBC er þó haft eftir Bruno Boulestin, leiðtoga fornleifarannsóknanna, að erfitt sé að sanna að mannát hafi verið stundað þarna.

Ekki er talið að mannát hafi tíðkast víða í Evrópu. - gb

Nýr samstarfssamningur ráðuneyta og sveitarfélaga:

# Þjónusta við langveik börn aukin

**SAMFÉLAGSMÁL** Stuðnings- og nærþjónusta við langveik börn og börn sem greind hafa verið með ofvirkni og athyglisbrest (ADHD) verður aukin með nýjum samstarfssamningi ráðuneyta og sveitarfélaga um tilraunaverkefni í þessu skyni til þriggja ára. Samningurinn var undirritaður í síðustu viku. Áttatíu milljónir króna renna til verkefnisins árið 2009. Fjárhæðinni er skipt milli félags- og tryggingamálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis en samstarfssamningurinn er milli þessara ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga í landinu.

Samkvæmt samstarfssamningnum geta sveitarfélög eða stofnanir á þeirra vegum sótt um styrki vegna verkefna sem ætluð eru til þess að auka þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni og þjónustu við langveik börn og fjölskyldur þeirra. Sveitarfélög geta einnig sótt um styrki vegna verkefna sem unnin eru í samstarfi við einstaklinga eða félagasamtök.

Á næstu dögum mun stjórn verkefnisins auglýsa eftir umsóknum sveitarfélaga um styrki til verkefna í samræmi við samkomulagið. - jss



**UNDIRRITUN** Frá undirritun samstarfssamningsins: Ingibjörg Karlsdóttir, formaður ADHD, og Ragna Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, félags til stuðning langveikum börnum.


Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar
í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum




Ódýrasti 3G síminn á Íslandi

HUAWEI U1251
Útborgun
0kr.
1.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Verð: 12.000 kr.

Fullkominn og ótrúlega nettur 3G sími
Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi.
- 3G og 3G langdrægt
- Íslenskt valmynd & innsláttur
- 2 megapixla myndavél
- Flýtihnappur fyrir Facebook og netið



HUAWEI U1251
Tveir litir eru í boði.

ENNEMM / SÍA / NM40162

3G sími
á 12 þúsund,
12 þúsund
í inneign, 160
þúsund vinir.

Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti vinahópur á Íslandi ring

Síminn | Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

# Toyota Kópavogi

TOYOTA

## Sértilboð

Veturinn er varasamasti tími ársins í umferðinni og því er mikilvægt að vita til þess að öll öryggisatriði bílsins séu í góðu lagi. Þess vegna viljum við minna á öfluga þjónustu Toyota Kópavogi.

Reglulegt eftirlit eykur öryggi og stórminnkar líkur á bilunum og dýrum viðgerðum. Það skilar sér einnig í betri endingu og hærra endursöluverði.

**Nýttu þér sértilboð á smurþjónustu og ástands- og öryggisskoðun þegar þú kemur með bílinn til okkar í desember og janúar.**

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 2 - 8**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

**Today**
**Tomorrow**
**Toyota**






**KYNNA MÁLSTAÐ SINN** Hælisleitendur á Íslandi vekja við og við athygli á málefnum sínum. Hinn 1. maí voru þeir á Austurvelli og söfnuðu undirskriftum málum sínum til stuðnings. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Þörf á meiri mannúð

**Flóttamannastofnun SÞ gagnrýnir nýlegar breytingar Grikkja á lögum um meðferð flóttamanna. Íslensk stjórnvöld fylgjast ekki með afdrifum hælisleitenda sem vísað er úr landi. Breytinga er að vænta á löggjöf um hælisleitendur.**

**ALÞINGI** Íslensk stjórnvöld fylgjast ekki með reglubundnum hætti með framhaldi mála eða afdrifum þess fólks sem þau senda úr landi á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins.

Þetta kemur fram í svari dóms- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Önnu Pálu Sverrisdóttur Samfylkingunni um málefni hælisleitenda.



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Í svarinu segir að samkvæmt skýrslum norsku útlendinganefndarinnar og mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins er fólk sem sent er til Grikklands á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins skráð með samræmdum hætti á flugvellinum í Aþenu, því fengið leiðbeiningar og sérstakt skírteini sem felur í sér leyfi til atvinnu meðan mál er til meðferðar auk ávísunar á ýmiss konar aðstoð.

Þá kemur fram að grísk stjórnvöld breyttu í sumar lögum um málsmeðferð hælisumsókna. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur gagnrýnt breytingarnar, meðal annars vegna þess að aðgangur að ókeypis lögfræðiþjónustu sé nú takmarkaðri en áður.

Helstu breytingar fólust í að í stað þess að hælisleitendur gátu áfrýjað synjun á hæli til sérstakrar áfrýjunarnefndar geta þeir aðeins krafist ógildingar hjá æðsta stjórnsýsludómstóli Grikklands. Ráðgjafarnefndum er ætlað að aðstoða stjórnvöld við meðferð og ákvarðanatöku en Flóttamannastofnunin hefur hafnað beiðni Grikkja um þátttöku í nefndunum af áðurgreindum ástæðum.

Margt fleira kemur fram í svarinu. Til dæmis að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur, sem kunnugt er, til skoðunar beiðni manns, sem vísað var héðan til Grikklands, um stöðvun ákvörðunar stjórnvalda. Úrskurður liggur ekki fyrir. Dómstóllinn hefur ekki stöðvað flutninga fólks frá Norðurlöndunum til Grikklands þrátt fyrir fjölmargar beiðnir þar um.

Anna Pála Sverrisdóttir segir þetta renna stoðum undir að þeir flóttamenn sem Íslendingar endursenda til Grikklands eigi litla möguleika á að koma hingað aftur. „Mér finnst að hælisleitendur eigi að njóta vafans þegar ótryggt er hvað bíður þeirra,“ segir hún. Þörf sé á meiri mannúð við meðferð málefna hælisleitenda og meta þurfi hvert mál fyrir sig.

Dyflinnarreglugerðin er nú til endurskoðunar á vettvangi Evrópusambandsins og er ætlunin meðal annars að taka fyllra tillit til mannúðarástæðna við meðferð mála, meðal annars vegna fjölskylduaðstæðna. Þá stendur til að setja ítarlegri málsmeðferðarreglur við ákvörðun um framsendingu, aðbúnað, málsskotsreglur og fleira. Fram kemur í svari dóms- og mannréttindaráðherra að íslensk stjórnvöld hafi takmarkaða möguleika á að hfa bein áhrif á þróun Dyflinnarsamstarfsins enda ráði Evrópusambandsríkin þar för.

Anna Pála kveðst almennt ánægð með svör ráðherra enda bendi þau til áhuga Rögnu Árnadóttur á málaflokknum. Bindur Anna Pála vonir við starf þingmannanefndar sem vinnur að endurskoðun laga um útlendinga og meðferð hælisleitenda.

bjorn@frettabladid.is



AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi
auglýsir eftir umsóknum

AVS sjóðurinn leggur áherslu á styttri verkefni og munu umsóknir þar sem verkefni eru til skemmri tíma en 12-18 mánaða að öllu jöfnu njóta forgangs. Lögð verður mikil áhersla á verkefni sem skila verðmætum og störfum fyrir íslenskan sjávarútveg

Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir umsækjendur ásamt eyðublaði er að finna á www.avs.is

Skilafrestur umsókna er til mánudagsins 1. febrúar 2010 fyrir kl. 17:00

Átaksverkefni
- Vinna að vöruþróun og nýsköpun
- Flytja inn nýja þekkingu eða fyrirtæki
- Ráða mastersnema eða doktorsnema

AVS sjóðurinn er tilbúinn til að greiða allt að 50% af kostnaði átaksverkefna, en hámarksstyrkir eru 6-8 m.kr.

Lögð er áhersla á stutt og hnitmiðuð verkefni sem geta skapað mikil verðmæti á stuttum tíma. Sjóðurinn er opinn fyrir öllum hugmyndum sem auka verðmæti sjávarfangs.

Framhaldsverkefni
Með stuðningi AVS sjóðsins eru allmörg 2-3 ára verkefni í gangi og mun sjóðurinn styðja þau áfram ef framvinda rannsókna er í samræmi við fyrirheit og kröfur sjóðsins.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi • Pósthólf 1188 • 121 Reykjavík • Sími 422-5102 • www.avs.is

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

Rúmlega tvítugur ákærður:

## Stórslasaði mann með glasi

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega tvítugan mann fyrir að stórslasa annan í andliti með glerglasi.**

**Atvikið átti sér stað í veitingasalnum Salthúsinu í Grindavík. Árásarmaðurinn sló manninn í andlitið með glerglasi.**

**Fórnarlambið hlaut rof á vinstra auga, tap á augnvef, sjónhimnulos, opið sár á augnloki og augnsvæði, skurði á gagnauga og skurði og mar á enni.**

**Sá sem fyrir árásinni varð krefur hinn um tæplega 1,8 milljónir króna í skaðabætur.** - jss

Innkaupastjóri hjá Nóatúni segir litla ásókn í fínt kjöt frá útlöndum í kreppunni:

# Íslenskt kjöt skákar innfluttu

**MATVÖRUR** „Við verslum við íslenskan landbúnað á meðan gengi krónunnar er eins og það er og við fáum gott verð á Íslandi,“ segir Ólafur Júlíusson, innkaupastjóri hjá Nóatúni, spurður um helmings fall sem orðið hefur í magni á innfluttu kjöti frá í fyrra.

Ólafur segir að innflutningskvótinn fyrir kjöt sé nú notaður á örlítið annan hátt en áður. „Við erum að nota kvótann í það sem hefur vantað, eins og til dæmis svínalundir og einstaka parta í nautinu,“ segir hann.

Að sögn Ólafs er afar lítið um innflutta villibráð fyrir þessi jól. „Öll villibráð, eins og dádýr, krónhirtir og hreindýr, er ekki lengur flutt inn. Ég hugsa að rjúpurnar sem verða fluttar inn frá Skotlandi séu aðeins taldar í fáeinum hundruðum. Þær eru fyrir þá sem geta ekki fengið gefið hjá vinum og ættingjum,“ segir hann.

Spurður um hið geysidýra Kobe-nautakjöt segir Ólafur kjötið ekki á boðstólum enda enginn að spyrja um það. „Ætli það myndi ekki kosta á bilinu 28 til 30 þúsund krónur kílóið.“

Ólafur bendir á að á sama tíma og verðlag í matvöruverslunum hafi almennt hækkað um þrjátíu prósent eftir hrunið þá hafi vísitala innlends kjötverðs lækkað um 2,6 prósent. Innlendir framleiðendur hafa staðið sig afar vel. „Við erum ekkert að sækjast eftir því að kaupa erlent kjöt ef við þurfum þess ekki. Við erum bara að leita eftir sem bestu og ódýrustu kjöti.“ - gar



**ÓLAFUR JÚLÍSSON** Eftirspurn eftir erlendri villibráð og lúxuskjöti er horfin með falli krónunnar, segir innkaupastjóri hjá Nóatúni.

Heimiliserjur í Reykjanesbæ:

## Kýldi lögreglumann í magann

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að kýla lögreglumann í magann.

Lögregla var kölluð í hús í Reykjanesbæ í desember 2008 vegna heimiliserja. Heimilisfólk hafði lokað ófriðarsegginn inni á salerni íbúðarinnar þegar lögreglumenn komu á vettvang. Þegar hann tók að róast var honum hleypt út. Hann æstist þá aftur. Lögreglumaður steig í veg fyrir hann og kýldi ófriðarseggurinn hann þá í magann. Lögreglumenn þurftu að handjárna hann til að fá hann út úr húsinu. - jss



**HÚSAVÍK** Orkukerfi var selt undir mótmælum minnihluta sveitarstjórnar.

Minnihlutinn í Norðurþingi:

## Harmar sölu á dreifikerfi OH

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar minnihlutans í sveitarstjórn Norðurþings segjast harma sölu á rafdreifikerfi Orkuveitu Húsavíkur til Rarik og átelja meirihlutann fyrir vinnubrögð við meðferð málsins.

„Engin umræða hefur farið fram innan sveitarstjórnar Norðurþings um hvort vilji sé fyrir því að einhver hluti Orkuveitunnar sé seldur. Samt sem áður er skrifað undir samninga og frétta sveitarstjórnarfulltrúar það í gegn um fjölmiðla,“ segir í bókun minnihlutans. Meirihlutinn samþykkti hins vegar söluna til Rarik sem og sölu á sölukerfi OH til Orkusölunnar ehf. ásamt samningi um orkusölu. - gar

Söluferli Steypustöðvarinnar:

## Þrír fá að skoða bókhaldið

**VIÐSKIPTI Fimm skuldbindandi boð hafa borist í Steypustöðina. Þeim þremur sem áttu hæstu boðin hefur verið gefinn kostur á að taka áfram þátt í söluferlinu og skoða nánari upplýsingar um starfsemi og fjárhag fyrirtækisins.**

**Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sér um söluferlið og opnaði tilboðin fimm á miðvikudag. Endanlegum tilboðum á að skila 16. desember næstkomandi.**

**Glitnir (nú Íslandsbanki) eignaðist Steypustöðina við yfirtöku í júlí í fyrra þegar félagið MEST var tekið til gjaldþrotaskipta. Það hafði bæði rekið steypustöð og byggingavöruverslanir víða.** - jab

Aukin velta erlendra korta:

## Færri nota greiðslukort

**VIÐSKIPTI** Kreditkortavelta heimila dróst saman um 10,4 prósent frá janúar til október í ár miðað við sömu mánuði í fyrra. Debetkortavelta jókst hins vegar um 5,5 prósent á sama tíma. Samtals dróst innlend greiðslukortavelta heimila frá janúar til október 2009 saman um 2,8 prósent, að því er fram kemur í Hagtíðindum.

Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 17,2 prósent, sem þýðir 17,1 prósents raunlækkun á innlendri greiðslukortaveltu.

Greiðslukortavelta Íslendinga erlendis dróst saman um 22,3 prósent en erlend greiðslukortavelta hérlendis jókst um 57,1 prósent í janúar til október 2009 miðað við sömu mánuði 2008.




*Hafðu samband*
sími 444 7000 ▪ arionbanki.is

# Arion banki kynnir lausnir fyrir *viðskiptavini*

## Erlend íbúðalán

### 1 Þér býðst allt að *30% leiðrétting** og möguleiki á föstum 6,0% óverðtryggðum vöxtum í 3 ár

Höfuðstóll erlendra íbúðalána er leiðréttur um allt að 30%. Lánunum er breytt í fasteignalán í íslenskum krónum til allt að 40 ára. Þú hefur m.a. val um að fá lán með föstum 6,0% óverðtryggðum vöxtum til næstu þriggja ára. Að þeim tíma liðnum færist vaxtaprósentan yfir í bestu fáanlegu íbúðalánavexti sem bjóðast hjá bankanum á þeim tíma. Hægt verður að velja um annaðhvort óverðtryggða eða verðtryggða vexti. Eftir leiðréttingu verður staða lánsins sú sama og hún var þann 29. september 2008, sem þýðir allt að 30%* lækkun en hlutfallið er mismunandi eftir samsetningu lánsins. Í stað 6,0% óverðtryggðra fastra vaxta til þriggja ára hefur þú val um breytilega óverðtryggða markaðsvexti sem í dag eru 9,75% eða breytilega verðtryggða markaðsvexti sem eru í dag 5,4%.

***Kostir***
Höfuðstóll og greiðslubyrði lánsins lækkar. Mögulegt er að létta greiðslubyrði enn frekar með því að lengja lánið í 40 ár.

***Ókostir***
Óverðtryggðu fastvaxtaláni fylgir óvissa um hver vaxtaprósenta lána verður eftir þrjú ár. Ekki er hægt að nýta sér leiðina samhliða sértækri skuldaaðlögun nema að vöxtum sé breytt í markaðsvexti.

***Fyrir hvern***
Hentar þeim best sem eru með veðhlutfall lægra en 155%*.

** 30% leiðrétting er m.v. algengustu samsetningu erlendra lána, 50% JPY og 50% CHF, viðskiptavina Arion banka. Eftir leiðréttingu verður staða lánsins sú sama og hún var 29. september 2008 en hlutfallið er mismunandi eftir samsetningu lánsins. Hlutfallið **getur hækkað eða lækkað eftir gengisþróun.***



*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

## Erlend íbúðalán

### 2 Þér býðst leiðrétting á *höfuðstól* í 110% af markaðsvirði eignar

Erlend íbúðalán verða leiðrétt niður í 110% veðhlutfall. Lánunum er breytt í fasteignalán í íslenskum krónum, óverðtryggð eða verðtryggð. Hægt verður að velja annaðhvort breytilega markaðsvexti verðtryggðra lána, nú 5,4%, eða breytilega markaðsvexti óverðtryggðra lána, nú 9,75%. Til viðbótar býðst sértæk skuldaaðlögun sé greiðslugeta minni en 110% af veðhlutfalli. Virði eigna miðast við núverandi markaðsvirði, en mat á virði eigna fer ekki niður fyrir fasteignamat m.v. 1.12.2009.

***Kostir***
Höfuðstóll lánsins lækkar. Mögulegt er að lækka greiðslubyrði enn frekar með því að lengja lánið til allt að 40 ára.

***Ókostir***
Þessi leiðrétting býðst ekki samhliða 30% höfuðstólslækkun.

***Fyrir hvern***
Hentar best þeim sem eru með veðhlutfall hærra en 155%*. Leiðréttingin getur numið allt að 35–40% af láninu*.

** Hlutfallið **getur hækkað eða lækkað eftir gengisþróun.***



*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

**Við hvetjum alla viðskiptavini Arion banka til að kynna sér þessar lausnir á arionbanki.is.
Nánari upplýsingar fást hjá þjónustufulltrúum í útibúum Arion banka.**

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 47794 12/09

# Innlend íbúðalán

## 3 Þér býðst leiðrétting á *höfuðstól* í 110% af markaðsvirði eignar

Innlend íbúðalán verða leiðrétt niður í 110% veðhlutfall. Til viðbótar býðst fólki sértæk skuldaaðlögun, sé núverandi greiðslugeta minni en sem nemur 110% veðhlutfalli. Virði eigna miðast við núverandi markaðsvirði, en mat á virði eigna fer ekki niður fyrir fasteignamat m.v. 1.12.2009.

***Kostir***
Höfuðstóll lánsins lækkar. Vaxtakjör lána haldast óbreytt.

***Ókostir***
Greiðslubyrði lækkar óverulega sé lækkun láns hlutfallslega lág.

***Fyrir hvern***
Þessi lausn hentar þeim sem eru með veðskuldir sem eru orðnar hærri en 110% af verðmæti eignar. Einkum er um að ræða lán sem veitt voru með 80–100% veðhlutfalli.




*Leiðrétt lán er með óbreyttum lánstíma*

## 4 Eingöngu *vaxtagreiðslur* í eitt ár

Viðskiptavinir með íbúðalán geta óskað eftir að greiða eingöngu vexti í allt að eitt ár*.

***Kostir***
Mánaðarlegar greiðslur lækka um 10–25%, en hlutfallið fer eftir lánstíma.

***Ókostir***
Lánstími lengist um eitt ár.

** Leiðin býðst ekki þeim sem skipta úr erlendum lánum og velja 30% höfuðstólslækkun og 6% óverðtryggða vexti.*

## 5 Kjör *verðtryggðra* lána haldast óbreytt

Lofað var föstum vöxtum á verðtryggðum íbúðalánum út lánstímann og mun Arion banki standa við þau kjör. Innlend íbúðalán sem veitt hafa verið frá árinu 2004 með föstum verðtryggðum vöxtum, halda óbreyttum vöxtum, þ.e. þeim verður ekki breytt til hækkunar út lánstímann.

***Kostir***
Vextirnir breytast ekki við sértæka skuldaaðlögun eða við leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra lána í 110%.

***Ókostir***
Ekki er hægt að lengja lánstíma þessara lána nema að breyta vöxtum í breytilega markaðsvexti.

Leiðir 1-4 standa *viðskiptavinum* til boða fram til 1. júlí 2010.

## Engar *uppboðsbeiðnir* íbúðalána út árið 2010

Bankinn mun fresta öllum uppboðsbeiðnum til sýslumanna út árið 2010. Það mun gera fleirum kleift að greiða úr sínum málum.

## Aðgerðir *stjórnvalda*

Einnig eru í boði úrræði stjórnvalda svo sem greiðslujöfnun lána. Bæði þeir sem völdu að segja sig úr greiðslujöfnun og þeir sem völdu að gera það ekki eiga kost á öllum framangreindum leiðum.

## FJÁR*mál,* vettvangur fjármálafræðslu Arion banka

**Miðvikudaginn 9. desember kl. 18** stendur Arion banki fyrir kynningarfundi um lánalausnir í höfuðstöðvum sínum **Borgartúni 19**. Þar mun starfsfólk Arion banka útskýra helstu leiðir og lausnir í lánamálum. Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, skoðar úrræðin með gagnrýnum augum. Sérfræðingar verða á staðnum og svara þeim spurningum sem kunna að vakna að dagskrá lokinni.

Kynningarfundurinn er hluti af FJÁR*málum*, fyrirlestraröð og fræðsluátaki á vegum bankans.

Skráðu þig á arionbanki.is – komdu og njóttu góðra veitinga í bland við verðmætan fróðleik.

Arion banki



**MIZUHO FUKUSHIMA** Ráðherra neytendamála í Japan ræðir við blaðamenn eftir ríkisstjórnarfund í gær. Fukushima, sem fer fyrir einum stjórnarflokka, segir stjórnarslit kunna að fylgja ef herstöð sjóhers Bandaríkjanna á Okinawa verður færð á norðurhluta eyjunnar, líkt og ráð er fyrir gert í áætlun frá 2006.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný reglugerð ESB útheimtir gríðarlega skriffinnsku hjá fiskútflytjendum:

# Þurfa 1.875 upprunavottorð

**SJÁVARÚTVEGUR** Norskir útflytjendur standa nú frammi fyrir því að útflutningur á óverulegu magni af fiski getur kallað á gríðarlegt flóð vottorða vegna hertra reglna Evrópusambandsins. Þetta kemur til vegna tilrauna til þess að stemma stigu við ólöglegum fiskveiðum.

Reglugerð þar að lútandi tekur gildi þann 1. janúar næstkomandi. Eftir breytinguna eru dæmi um að framvísa gæti þurft 1.875 upprunavottorðum vegna útflutnings fimm tonna af blönduðum fiski frá Noregi til kaupanda í Þýskalandi.

Þetta kemur fram í frétt vefmiðilsins IntraFish þar sem rætt er við þá Matthias Keller, framkvæmdastjóra samtaka fiskvinnslustöðva í Þýskalandi, og Jurgen Meinert, framkvæmdastjóra samtaka framleiðenda sjávarafurða í Noregi.

Meinert segir breytingarnar kalla á „pappírsflóð" og Keller segir það orðið augljóst að ógerningur sé að uppfylla þær kröfur sem ætlað er að ná fram með breytingunum.

Samkvæmt tilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu hafa íslensk stjórnvöld óskað eftir upplýsingum frá framkvæmdastjórn ESB um um hvernig framkvæmd umræddrar reglugerðar ESB verður háttað í aðildarríkjum sambandsins. **- shá**



**LÖNDUN** Útflutningur á litlu magni af ferskfiski getur útheimt gríðarlega skriffinnsku taki ný reglugerð gildi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Góðkunningjar lögreglunnar:

## Stálu bíl hjá löggustöðinni

**LÖGREGLUMÁL** Þrír góðkunningjar lögreglunnar voru handteknir á stolinni bifreið á Laugaveginum í gær.

Mennirnir, sem eru allir á þrítugsaldri, stálu bílnum á Snorrabraut, skammt frá lögreglustöðinni, og óku sem leið lá niður Laugaveg. Eigandi bílsins var á leið upp Laugaveginn þegar hann mætti þjófunum. Þegar hann áttaði sig á því að bílnum hans hafði verið stolið lét hann lögregluna vita og brást hún skjótt við.

Mennirnir voru handteknir skömmu síðar og fengu að dúsa í fangageymslum á lögreglustöðinni á Hverfisgötu.

Handtekinn á Kastrup:

## Grínið féll ekki í góðan jarðveg

**KAUPMANNAHÖFN Tæplega sextugur þýskur kaupsýslumaður var handtekinn á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn í síðustu viku eftir að hann kvaðst vera með sprengju.**

**Öryggisverðir hugðust líta í tösku mannsins þegar hann sagði þeim að taskan spryngi væri hún opnuð.**

**Maðurinn ætlaði sér þó ekki annað en að slá á létta strengi en var handtekinn tafarlaust.**

**Lögreglan á Kastrup-flugvelli segist líta það mjög alvarlegum augum að talað sé um sprengjur á flugvellinum.**

**Stutt er síðan kona hlaut tíu daga fangelsisdóm bara fyrir það eitt að segja orðið „sprengja" í flugstöðvarbyggingunni á Kastrup.**

Þrír hlutu Múrbrjótinn, viðurkenningu Þroskahjálpar:

# Stuðla að þátttöku og jafnrétti fatlaðs fólks

**VIÐURKENNING** Norðlingaskóli í Reykjavík, MS á Selfossi og List án landamæra hlutu Múrbrjótinn, viðurkenningu Landssamtaka Þroskahjálpar.

Verðlaunagripurinn er smíðaður af fötluðum listamönnum á handverkstæðinu Ásgarði. Landssamtökin Þroskahjálp hafa á síðustu árum veitt viðurkenningar til þeirra aðila sem að mati samtakanna hafa staðið sig vel í því að ryðja fötluðum nýja braut í samfélaginu, sýnt ábyrgð og frumkvæði og stuðlað að þátttöku og jafnrétti fatlaðs fólks.

Norðlingaskóli í Reykjavík fær verðlaunin fyrir skólastefnu sína um nám fyrir alla nemendur, án aðgreiningar. MS á Selfossi fær viðurkenninguna fyrir atvinnustefnu sem hefur stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á. List án landamæra, er menningarhátíð með það hlutverk að stefna saman fötluðum og ófötluðum listamönnum. **- sbt**



**MÚRBRJÓTURINN AFHENTUR** Fulltrúar Norðlingaskóla taka við verðlaununum úr hendi Árna Páls Árnasonar, félags- og tryggingamálaráðherra.



**VARASAMUR VINNUSTAÐUR** Í greininni segir að algengt sé að menn slasist við meðhöndlun stórra gripa. Myndin er úr safni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Annar hver bóndi slasast við störf sín

**Talsverðar líkur eru á að bændur slasist við meðhöndlun búpenings. Rannsókn sýnir að slík slys eru tíð. Fimmtungur bænda hefur sinnt störfum ölvaður.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Um helmingur íslenskra bænda hefur lent í vinnuslysi og þurft að vera frá vinnu vegna þess. Rúm átján prósent höfðu þurft að vera frá vinnu í meira en tvær vikur. Þetta kemur fram í könnun sem tveir læknar hafa gert á meðal ríflega þúsund bænda. Greint er frá niðurstöðum hennar í nýjasta hefti Læknablaðsins.

Rannsóknin leiðir í ljós að langflest vinnuslysanna, um helmingur, verða við meðhöndlun búpenings. Segir í greininni að umhirða búpenings geti enda verið erfið, einkum stórra skepna á borð við nautgripi. Viðhald og endurnýjun húsa er næstalgengustu aðstæðurnar sem slys verða við.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir að þessar niðurstöður komi sér í sjálfu sér lítið á óvart. Hann segir til dæmis algengt að menn sinni verkum einir sem þeir ættu ef til vill að hafa aðstoð við. Það bjóði hættunni heim. „Við höfum í nokkurn tíma hvatt til þess að menn hugi að vinnuaðstæðum, að þær séu öruggar og heilnæmar. En mér heyrist á þessu að við þurfum að gera betur og vera markvissari í þessari vinnu," segir Haraldur.

Þá segir í niðurstöðunum að um fimmtungur bænda hafi einhvern tímann verið ölvaður við störf, og að vinnuslys meðal þess hóps séu tíðari en hjá hinum sem aldrei hafi sinnt bústörfum undir áhrifum áfengis. Þrátt fyrir þetta séu áfengisvandamál fátíðari meðal bænda en annarra.

Þetta undirstriki þá staðreynd að bóndinn sé í raun alltaf í vinnunni, „þannig að líkurnar á að bóndi sem neytir áfengra drykkja þurfi að sinna starfi sínu undir áhrifum eru í eðli sínu miklar".



**HARALDUR BENEDIKTSSON**

Segir í greininni að þessar niðurstöður kalli á að átak verði gert í forvörnum vegna slysa af búpeningi annars vegar, og hins vegar að umræðu og átak þurfi meðal bænda til að taka á þeim vanda sem er notkun áfengis við bústörf.

„Ég fatta þetta nú ekki alveg," viðurkennir Haraldur. Vissulega geti menn þurft að sinna vinnu hvenær sem er, en hann hafi ekki litið á þetta sem stórvægilegt vandamál. „En auðvitað er algjörlega óásættanlegt ef menn eru til dæmis að vinna á vélum undir áhrifum, það vita menn."

Könnunin var send 2.042 bændum með bú stærra en 100 ærgildi og svöruðu 54 prósent þeirra.

Könnunin var hluti af stærri könnun á heilsufari íslenskra bænda. Meðal annarra helstu niðurstaðna var að bændur væru almennt viðlíka heilsuhraustir og aðrir, þrátt fyrir hærri meðalaldur. Þetta var skýrt með því að ef heilsa bænda brysti þyrftu þeir jafnan að bregða búi.

Þá kom í ljós að andleg heilsa bænda væri almennt betri en annarra og þeim fyndist vinnuálag síður of mikið. **stigur@frettabladid.is**

PIPAR\TBWA • SÍA • 92224

Gefðu hænu



Gefðu gjöf sem gefur

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is gefurðu vinum og ættingjum frumlega og skemmtilega gjöf. Um leið styrkir þú bágstadda fjölskyldu um til dæmis hænu, geit, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu gjöf sem gefur!

www.gjofsemgefur.is
Gjafir til verkefna heima og erlendis.

Hjálparstarf kirkjunnar

# Breyttu lífi þínu. Skelltu þér í nám í Háskólanum á Bifröst. Bifröst býður markvisst og hagnýtt háskólanám í fjölda greina, bæði í fjarnámi og á staðnum þar sem er að finna frábæra aðstöðu og góðan félagsskap. Þú getur leigt herbergi eða íbúð á hagstæðu verði – allt eftir því hvað hentar þér. Breyttu hugsun þinni um skólagöngu. Kennslan á Bifröst er persónuleg og mikil samvinna nemenda og kennara. Litlir og vel skipulagðir verkefnahópar tryggja að allir fái stuðning og hvatningu. Þessar aðferðir eru meginástæða þess að brottfall úr háskólanámi er minna á Bifröst en annars staðar. Breyttu framtíðar möguleikum þínum. Háskólinn á Bifröst er nátengdur atvinnulífinu. Reynslan sýnir að flestir útskriftarnemar frá Bifröst eru fljótir að fá vinnu og fá bestu meðmæli vinnuveitenda.

Taktu skrefið inn í framtíðina í Háskólanum á Bifröst. Við tökum inn nemendur um áramótin. Sæktu um í dag á bifrost.is.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

DAGUR & STEINI

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

GLÆNÝ LÍNUÝSA
PLOKKFISKUR
FISKIBOLLUR
ÝSA Í RASPI
OG STÚTFULLT BORÐ AF NÝJUM FISKI OG FISKRÉTTUM

TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

fyrir Jólin



SIEMENS

Heimilistæki, stór og smá, ljós og símar í miklu úrvali.

Líttu inn og gerðu góð kaup. Við tökum vel á móti þér.

Sjáið jólatilboðin á www.sminor.is

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte



Upplýst umræða
um nýtt skattafrumvarp og áhrif þess á atvinnulífið

Í tilefni af nýju skattafrumvarpi býður Deloitte til opins upplýsingafundar um frumvarpið, miðvikudaginn 9. desember kl. 16.00–17.30 á 20. hæð í Turninum við Smáratorg.

**Fundurinn er öllum opinn og enginn aðgangseyrir.**

Heitt kaffi verður á könnunni.

www.deloitte.is

Deloitte.

PIPAR\TBWA • SÍA • 92369

**FRÉTTASKÝRING:** Loftslagsmál

# Karpað um loftslagsmál

**Fimmtánda loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefst í Kaupmannahöfn í dag. Þar á að reyna að ná bindandi samningum um minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Þrátt fyrir að meiri bjartsýni ríki um útkomuna nú en fyrir skemmstu er ekki búist við bindandi niðurstöðu. Vonast er eftir pólitískum markmiðum sem varða brautina.**



**VIÐ ÖLLU BÚIN** Lögreglan í Kaupmannahöfn er við öllu búin og hefur heimild til að handtaka hvern þann sem henni hugnast án þess að gefa upp ástæðu. Von er á um sjötíu þjóðarleiðtogum á ráðstefnuna og öryggisgæsla verður því mikil. NORDICPHOTOS/AFP

Fátt hefur breyst í umræðu um loftslagsmál síðustu árin. Enn eru þeir til sem halda því fram að ekkert þurfi að ræða þau mál; hlýnun jarðar sé ekki af mannavöldum. Fylgismönnum þeirrar skoðunar fer sem betur fer fækkandi og í dag viðurkenna flestir þjóðarleiðtogar vandann. Viðurkenning er hins vegar ekki nóg; finna verður leiðir til að takast á við vandamálin.

Sérfræðingar eru ekki á eitt sáttir um hvað gerist á næstu árum, verði ekkert að gert í að takmarka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Tiltölulega óumdeilt er þó að hlýni andrúmsloft um 2° verði trauðla við snúið. Þá muni hefjast bráðnun ísmassa sem erfitt verður að stöðva, þrátt fyrir að veðurfar kólni á ný.

Þetta hefur verið kallað „tipping point“ á ensku og er þar átt við þau mörk sem þú getur hallað einhverjum hlut þar til þyngdaraflið tekur yfir og hann fellur af sjálfsdáðum. Nefnt hefur verið að ef ekki takist að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2015 sé komið að þessu mörkum.

**Bandaríkin og Evrópa**

Ríki Evrópusambandsins hafa skuldbundið sig til að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda um 25 prósent miðað við árið 1990. Samstaða um það náðist í Balí árið 2007 og þótti tilefni til bjartsýni. Gallinn er sá að í Evrópu er ekki að finna helstu gerendur í útblæstrinum. Þar þarf að líta til austurs og vesturs.

Bandaríkin og Kína eru ábyrg fyrir fjörutíu prósentum af öllum útblæstri gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Þrátt fyrir það, eða kannski einmitt þess vegna, eru þau lönd tregust í taumi til að setja sér hömlur.

Nokkur bjartsýni ríkti í heiminum við kjör Obama í Bandaríkjunum, enda þykir hann ólíkt meðvitaðri í umhverfismálum en forveri hans. Nýverið gaf hann út yfirlýsingu þess efnis að Bandaríkin gætu, árið 2020, hafa minnkað útblástur sinn um sautján prósent miðað við árið 2005. Það er vissulega skref í rétta átt, en er í raun aðeins fjögurra prósenta samdráttur miðað við árið 1990.

Hvað Kína gerir er óljóst. Við annan tón kvað eftir heimsókn Obama til landsins fyrir skemmstu. Hverju það skilar er óljóst, en Kínverjar hafa áttað sig á því að verði hlýnun jarðar eins og svörtustu spár gera ráð fyrir bitnar það illa á þeim sjálfum.

**Hver ber ábyrgð?**

Afstaða Bandaríkjanna hefur verið sú að eitt skuli yfir alla ganga í þessum efnum. Verði mönnum gert að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda skuli það eiga við um alla; líka þróunarríkin. Þau hafa hins vegar bent á að vestræn ríki hafi dælt út slíkum efnum síðan í iðnbyltingunni og hagnast gríðarlega á því. Þar sé því ólíku saman að jafna. Taki þau á sig samdrátt í þessum efnum þurfi að bæta þeim ófenginn gróða.

Evrópuríki hafa hallast að sjónarmiði þróunarríkjanna og segja spurninguna snúast um hver eigi að borga okkar veislu og þeirra skaða.

**Lítil bjartsýni**

Núverandi loftslagssamningur rennur út 1. janúar 2013. Nauðsynlegt þykir því að niðurstaða náist í Kaupmannahöfn. Engu að síður er lítil bjartsýni um að bindandi lagalegur samningur náist. Sú von jókst lítillega þegar þjóðarleiðtogar heimsins tilkynntu um komu sína hver á fætur öðrum; Obama mun meira að segja mæta á svæðið. Sú heimsókn verður hins vegar í mýflugumynd, hann kemur og fer 9. desember.

Yvo de Boer, yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, orðaði þetta hins vegar skýrt á dögunum. Ef Bandaríkin og Kína leggja ekki fram skýrar tillögur um samdrátt gróðurhúsalofttegunda verður nánast ógjörlegt að gera samning í Kaupmannahöfn.

Litlar líkur eru á slíkri yfirlýsingu frá ríkjunum tveimur. Obama er nýbúinn að koma frumvarpi um heilbrigðismál í gegnum þingið og leggur varla í annan stóran slag á næstunni.

Leiðtogar Evrópuríkja búa hins vegar við það að því verður ekki tekið létt heima fyrir komi þeir tómhentir til baka frá Kaupmannahöfn. Þeir eru því tilbúnir til að leggja nokkuð á sig til að ná einhvers kona samkomulagi.

Loftslagsráðstefnur eru haldnar árlega og vonir þeirra bjartsýnustu standa til að pólitískt samkomulag náist sem varði línurnar fyrir næstu ráðstefnu, sem verður haldin í Mexíkó árið 2010.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

## ÓÞÆGILEGUR LEKI

Undirbúningur fyrir loftslagsráðstefnuna stóð sem hæst þegar fréttir bárust af tölvubréfum sem breskir háskólaprófessorar höfðu sent sín á milli. Þar kom fram að þeir höfðu oftar en ekki ýkt niðurstöður sínar um alvarleika hlýnunar jarðar og áhrifa útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Sumir þeirra sögðu hreint út að ekki væri með vísindalegri vissu hægt að fullyrða neitt í þessum efnum og því gætu menn kynnt hvaða niðurstöðu sem er.

Yvo de Boer, yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, telur að lekinn hafi ekki áhrif á þá sem hafa lýst yfir efasemdum í þessum efnum. „Þessi samskipti koma mjög illa út,“ sagði hann við Associated Press í gær. Hann varði rannsókn sem 2.500 vísindamenn unnu saman að, sem sýnir að maðurinn hefur haft áhrif á hlýnun jarðar.

De Boer vonast eftir góðri útkomu í Höfn, að ráðstefnan marki viðsnúning í þessum efnum. „Aldrei, í sautján ára sögu samninga um loftslagsmál, hafa svo margar þjóðir lýst því yfir að þær séu reiðubúnar til skuldbindinga á þessu sviði.“

## FJÖLMENNAR MÓTMÆLAGÖNGUR

Ljóst er að fjöldi manns hyggur á ferð til Kaupmannahafnar til að taka þátt í mótmælum. Langflestir munu líklega gagnrýna leiðtoga heims fyrir að draga lappirnar í loftslagsmálum, en einnig er ljóst að fjöldi manns mun nýta tækifærið og koma skoðunum sínum á ýmsum málefnum á framfæri. Þannig er búist við fjölda andstæðinga hnattvæðingarinnar, en sá hópur hefur verið áberandi á fjölþjóðlegum ráðstefnum undanfarin ár.

**Handtökuheimildir rýmkaðar**

Danir hafa brugðist við þessu og lögreglan er við öllu viðbúin. Þá hafa handtökuheimildir verið rýmkaðar og nú má lögreglan hneppa hvern þann í varðhald sem henni hugnast án ástæðu. Þetta hefur verið gagnrýnt af mannréttindahópum en stjórnmálamenn hafa vísað til almannaheilla, líkt og venjan er þegar gengið er á mannréttindi fólks.

Reikna má með mótmælum þegar Barack Obama mætir til Hafnar. Þá hefur verið boðað til friðsamlegrar mótmælagöngu laugardaginn 12. desember og búast skipuleggjendur við allt að 60 þúsund manns. Sunnudaginn 13. hefur önnur ganga verið boðuð, en ekki er eins víst að hún verði friðsöm. Þá má búast við að mótmælt verði við setningu og á lokadegi ráðstefnunnar.

**Mótmælahefð**

Hefð er komin á mótmæli við slíkar ráðstefnur og flykkist fólk hvaðanæva að úr heiminum á fundina. Vakin er þá athygli á hvers kyns ranglæti í heiminum og er mótmælahópurinn oftar en ekki sundurleitur.

Þá eru Danir sjóaðir í mótmælum, þótt aðeins hafi dregið úr þeim síðari ár. Heilu göturnar voru teknar í herkví á áttunda og níunda áratug síðustu aldar þegar hústökufólk kom sér fyrir í auðum húsum.

**Sjálfstæð félagasamtök**

Ráðstefnur Sameinuðu þjóðanna eru einnig vettvangur fjölda sjálfstæðra félagasamtaka (svokallaðra NGO´s) til að kynna málstað sinn. Fjöldi slíkra hefur boðað komu sína til Hafnar og skipta félagar þúsundum.

Þá eru haldnar ráðstefnur innan ráðstefnunnar, fundir og fræðsluþing þar sem ýmis mál eru krufin til mergjar. Fulltrúar ýmissa fyrirtækja munu einnig nýta tækifærið og kynna framleiðsluvörur sínar; ekki síst í græna geirunum.

# FLJÓTLEG, ÓDÝR OG ÞÆGILEG LEIÐ...

TIL AÐ BÚA TIL PERSÓNULEGAR JÓLAGJAFIR, VISTA MINNINGARNAR OG HAFA TÍMATALIÐ Á HREINU!

## BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL




## BÚÐU TIL ÞÍN JÓLAKORT




## BÚÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBÚM




KÍKTU Á **www. prentlausnir.is** OG BÚÐU TIL ÞÍNAR GJAFIR.

**Ármúla 15 | 108 Reykjavík | Sími: 533 6000 | prentlausnir@prentlausnir.is**

**Prent**lausnir

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fréttaflutningur á villigötum:

## Rangar áherslur

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Fyrir helgi var dregið í riðla á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu, sem fram fer í Suður-Afríku næsta sumar. Talsvert var fjallað um þennan atburð í fréttum og kom þar meðal annars fram að verðlaunafé keppnisliða hefði verið hækkað verulega. Lét einn af reyndari íþróttafréttamönnum Íslands þess getið að nú væri til mikils að vinna að verða heimsmeistari, þar sem gullið gæfi mun hærri fjárhæð en annað sætið.

Fáránleiki þessarar fullyrðingar er augljós. Þegar nýir heimsmeistarar verða krýndir hinn 11. júlí næstkomandi munu íbúar sigurlandsins streyma út á göturnar svo milljónum skiptir, en enginn þeirra mun svo mikið sem leiða hugann að ávísuninni frá FIFA. Þátttaka og sigur í vinsælustu íþróttakeppni í heimi snýst um annað og miklu merkilegra en peninga.

Auðvitað gerði íþróttafréttamaðurinn óheppni sér grein fyrir þessu. Orðin voru væntanlega sögð í fljótfærni og án þess að hugur fylgdi máli. Þróunin í umfjöllun fjölmiðla um íþróttir hefur hins vegar verið mjög í þá átt á liðnum árum að tönnlast er á því sem snýr að peningum: verðlaunafé, auglýsingasamningum og gróða.

Þegar rætt er um einstaklingsgreinar á borð við tennis og golf virðast íþróttafréttamenn telja það skyldu sína að láta þess samviskusamlega getið hversu marga dollara eða evrur sigurvegarar móta fengu í sinn hlut. Heilu og hálfu umræðuþættirnir um knattspyrnu hverfast um samanburð á launum helstu stjarnanna og vinsælustu frjálsíþróttamótin snúast að miklu leyti um hverjir muni hreppa gullstangir að launum.

Auðvitað ætti megnið af þessum fjármálaupplýsingum ekki að skipta aðra máli en viðkomandi íþróttamenn og endurskoðendur þeirra. Hin sífellda umfjöllun um peningahliðar íþróttanna er hins vegar birtingarmynd gildismats sem telur allt það fánýtt sem ekki er hægt að græða á.

Peningahyggja í íþróttaumfjöllun er ekki bara hvimleið, heldur hreinlega skaðleg. Skilaboðin sem hún sendir ungu fólki eru þau að velgengni í íþróttum sé æskileg, ekki vegna þess að hún skapi vellíðan og ávinni virðingu og aðdáun annarra, heldur geri hún fólki kleift að synda í seðlum.

Sú hugmynd að ekkert hafi gildi nema það verði metið til fjár er ótrúlega sterk í hugum margra barna og unglinga. Til dæmis kvartar starfsfólk menningarstofnana á borð við lista- og minjasöfn yfir því að yngri gestirnir þráspyrji um hvað einstakir sýningargripir kosti – án verðmiða séu hlutirnir einfaldlega ekki áhugaverðir.

Það gildir um öll svið mannlífsins að það eitt er fréttnæmt sem við ákveðum sjálf að sé fréttnæmt. Í umfjöllun um menningarmál ber til dæmis ekki mikið á peningaumræðunni. Þannig er svikalaust sagt frá því þegar íslenskir söngvarar eða tónlistarfólk kemur fram í helstu óperu- eða tónlistarhúsum án þess að farið sé ofan í saumana á kaupum og kjörum. Gott væri ef sveigja mætti íþróttafréttir í sömu átt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hópar fyrir öll tilefni

Öll hitamál samfélagsins þessi misserin virðast vera skeggrædd á Facebook og um þau eru stofnaðir fjöldamargir hópar. Fjölmiðlar hafa nú tekið upp á því að segja frá stofnun slíkra hópa og fjölda þeirra sem ganga í þá. Þannig hefur það verið reglulegt fréttaefni hversu margir séu meðlimir í hópi sem vill ekki að Alþingi samþykki Icesave. Þá hefur verið greint frá því hversu margir hvetja forsetann til að staðfesta ekki lögin, verði þau samþykkt. Þetta tvennt varð væntanlega til þess að hópur var stofnaður þar sem Alþingi er hvatt til að samþykkja Icesave strax. Frá því varð auðvitað að segja í fjölmiðlum líka, til að gæta jafnræðis.

### Facebook í fjölmiðlum




En hvorki Facebook-notendur né fjölmiðlar láta þar staðar numið. Nú er til dæmis greint frá því að fjöldinn allur af fólki hafi skráð sig í hóp gegn afnámi sjómannaafsláttar, en engar fréttir berast enn af þeim sem eru fylgjandi afnáminu. Svo eru þeir sem vilja að Ríkisútvarpið sýni tónleika Fíladelfíu og þeir sem vilja það ekki. Og svona mætti lengi telja.

### Facebook á Kanarí

Og nú hafa bæst í endalausa flóru Facebook-hópanna hópar fyrir þá 100 Íslendinga sem fóru frítt til Kanaríeyja á dögunum. Íslendingarnir verða jú að halda þar hópinn, deila myndum og endurupplifa gleði sína með skipulagningu endurfunda, nú þegar þeir hafa snúið aftur í skammdegið á Íslandi. Þó að verkefnið heiti „Say No to Winter Blues“ virðist það hafa haft öfug áhrif og einmitt hafa valdið blús hjá ferðalöngunum, sem skrifa nú sín á milli um söknuðinn eftir hitanum og lúxusnum á Kanarí.

thorunn@frettabladid.is

# Trúverðug kristni?



HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON

Í DAG | Trúmál

Löglegt en siðlaust. Þetta á við um æði margt af því sem leiddi til hruns og kreppu hér á landi. Það á einnig við um þá ókristilegu mismunun sem felst í sérstöðu þjóðkirkjustofnunarinnar hér á landi.

Pétri Kr. Hafstein forseta kirkjuþings og fyrrverandi hæstaréttardómara er mikið í mun að sýna fram á lögmæti þessa fyrirkomulags í grein 27.11. sl. Þar bregst hann við skrifum mínum í hátíðarriti Fríkirkjunnar í Reykjavík. Lögvitringurinn á kirkjuþingi er harður í sérhagsmunavörslunni. Hann vill ekki kalla þá ríkisstofnun sem hann tilheyrir „ríkisstofnun“ þrátt fyrir að hátt í tvö hundruð starfsmenn hennar séu á föstum ríkislaunum, njóti réttinda og beri skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum og vinni ötullega að sínum kjara- og réttindamálum á þeirri forsendu. Trúverðugt?

Milljarðarnir skulu tilheyra stofnun lögvitringsins, bara hans félagi. Þrátt fyrir mismunun og ótrúverðugleika. „Samninga ber að efna í ríkisfjármálum,“ ritar hann.

Lögvitringurinn nefnir hvorki Martein Lúter eða Jesú Krist þó þetta mál sé þeim nokkuð skylt. En hvorki Jesú né Lúter voru lögvitringar og hafa þess vegna kannski ekkert vit á öllum þessum lagalega gjörningi. Enda litu Jesú og lögvitringarnir í Nýja testamentinu hlutina aldrei sömu augum.

### Löglegt en siðlaust

Það er gróf söguföIsun að gefa það í skyn að hin lúterska þjóðkirkja sé þúsund ára gömul. Það sem veldur mesta ranglætinu í lagaumgjörð trúmála hér á landi eru hinar svokölluðu kirkjujarðir og kirkjueignir sem þjóðkirkjustofnunin telur sig eina eiga. Megnið af þeim auði sem í raun er trúarlegur arfur allra Íslendinga, varð til þegar kaþólskur siður ríkti hér á landi allt til ársins 1550. Víst er að sá auður sem að baki liggur, var oft myndaður með miskunnarlausri innheimtu og skattpíningu. Greiðendur sem voru allir landsmenn, áttu enga valkosti. Hér ríkti trúarnauðung, enginn komst undan. Í Evrópu var ranglætið svo yfirgengilegt að siðbótarmenn eins og Marteinn Lúter risu upp og mótmæltu. Til varð annar siður, gamla félagið yfirgefið, nýtt félag stofnað. Sjálftaka þjóðkirkjustofnunarinnar á trúararfi okkar allra blasir nú við.

Ég legg til að allir landsmenn fái notið þess trúararfs sem formæður og forfeður okkar allra strituðu og blæddu fyrir. Það er í anda Jesú Krists og Marteins Lúters og upplýsts nútíma lýðræðis.

Pétur Kr. Hafstein forseti kirkjuþings bregst illa við og ritar: „Sá sem yfirgefur félag getur ekki um leið gert kröfu til þess að mega hverfa á brott með hluta af eignum félagsins.“

Þessi orð forseta kirkjuþings dæma sig sjálf. Siðaboðskapur Jesú Krists og allmargar dæmisögur og líkingar Nýja testamentisins dæma þessa afstöðu.

Það kann að vera löglegt en það er vissulega siðlaust.

Forseti kirkjuþings heldur því fram að engin óvissa hafi ríkt um það hvort þjóðkirkjan hafi verið sjálfstæður eignaraðili kirkjueigna gagnvart ríki. En prófessor í kirkjusögu við Háskóla Íslands sem einnig brást við skrifum mínum í hátíðarriti Fríkirkjunnar virðist ekki sammála. Hann ritaði fyrir örfáum dögum: „Fram á 20. öld var það frámandi hugsun að einhver kirkjustofnun eða trúfélag ætti þessar eignir“.

*Það er til skammar að búa kirkjunni svo flókna og svo ótrúverðuga umgjörð að hún þoli hvorki samanburð við siðaboðskap Krists né gegnsæi nútíma samfélags.*

Einnig viðurkennir prófessorinn að: „Það er að sönnu rétt að fjárhagstengsl ríkis og þjóðkirkju eru óþægilega flókin hér á landi.“

Það er til skammar að búa kirkjunni svo flókna og svo ótrúverðuga umgjörð að hún þoli hvorki samanburð við siðaboðskap Krists né gegnsæi nútíma samfélags.

Það er til skammar að refsa lúterskum fríkirkjum fyrir að taka það nauðsynlega skref sem þjóðkirkjustofnunin hefur ekki haft trú eða djörfung til að taka í 110 ár.

Jú, við búum í réttarríki eins og lögvitringur bendir á. En við búum einnig í lýðræðisríki. Skaðlegri lagaumgjörð á að breyta, það er okkar skylda og nú er lag á nýju Íslandi!

Í hátíðarriti Fríkirkjunnar sem lesa má á www.frikirkjan.is er kallað eftir nýrri umgjörð lífsskoðana og trúmála í anda heiðarleika og réttsýni.

Allt tal um skyldur og ábyrgð þjóðkirkjunnar umfram önnur trúfélög er ómerkilegur tilbúningur, settur fram til að réttlæta hróplega mismunun.

Kristnihald á landsbyggðinni á ekki að vera háð miðstýringu frá biskupsstofu í Reykjavík.

### Söfnuðir ráði sjálfir sína presta og segi þeim upp

Til að byrja með mætti Alþingi láta eitthvað af milljörðunum renna tímabundið til sóknarnefndanna og þær greiði prestum sínum laun. Síðan kemur í ljós raunveruleg þörf og eftirspurn. Söfnuðir þjóðkirkjunnar og sóknarnefndir þeirra eiga auðvitað sjálf að ráða sína presta, greiða þeim laun og segja þeim upp ef þörf krefur.

Þar værum við loks að skapa lúterska, grasrótar umgjörð trúmála og breytni vandamál leysast.

Með því mætti fyrirbyggja vandræðalegar deilur og átök sem þjóðin hefur oft orðið vitni að innan þjóðkirkjunnar svo sem í Keflavík fyrir nokkru og nú á Selfossi.

Ný könnun Capacent Gallup leiðir í ljós að um 75% landsmanna eru hlynnt aðskilnaði ríkis og kirkju. Og 70% þeirra sem tilheyra þjóðkirkjunni vilja aðskilnað!

Nú er það okkar allra að fylgjast með að kirkjustofnunin fari ekki í hundraðasta sinn eftirfarandi flóttaleiðir:

Að gefa það í skyn að íslenskur almenningur sé svo fávís og fákunnandi um sín eigin kirkjumál að hann hafi ekki þekkingu til að tjá sig um þau.

Að vísa í nágrannaþjóðir með sín gömlu konungsveldi á bakinu, og segja að þær hafi það enn verr en við, á þessu sviði. Við höfum engar slíkar sögulegar byrðar.

Að þagga nýjar upplýsingar og láta sem aðskilnaðurinn hafi þegar átt sér stað.

Jú, milljarðafé hefur verið fært milli stofnana, frá ráðuneyti upp á Laugaveg, skilgreiningum hagrætt og auglýsingaskiltum breytt.

En sá veruleiki sem blasir við frjálsum kristnum trúfélögum er nákvæmlega sá sami og áður.

Sérhvert ár fær eitt „sértrúarfélag“ umfram önnur trúfélög, u.þ.b. fimm milljarða króna af almannafé, sturtað í sína sjóði.

Mismununin setur allt tal um trúfélagafrelsi – sem eru grundvallarmannréttindi, á svið fáránleikans. Það sem gerir okkur að kristinni þjóð er ekki rekstur milljarðastofnunar sem gengur fram með forræðis- og drottnunarhyggju. Það sem gerir okkur að kristinni þjóð er hjartalag og breytni fólksins. Að einstaklingar og samfélagið í heild gangi fram í heiðarleika, réttlæti og miskunnsemi og hafi siðaboðskap Jesú Krists að leiðarljósi.

Í hugum Íslendinga er einkavæðing trúararfsins jafn óhugsandi og einkavæðing andrúmsloftsins eða einkavæðing norðurljósanna. Förum nú að haga okkur kristilega.

*Höfundur er prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


ora
Ástríða í matargerð
Gleðilega Hátíð
ora
GRÆNAR BAUNIR

# Framtíðarsýn Styrmis Gunnarssonar

UMRÆÐAN
Andrés Pétursson og Gunnar Hólmsteinn Ársælsson skrifa um Evrópumál


ANDRÉS PÉTURSSON


GUNNAR HÓLMSTEINN ÁRSÆLSSON

Umsáturskenning Styrmis Gunnarssonar, fyrrverandi Moggaritstjóra og Nei-sinna, sem hann setur fram í nýrri bók sinni, Umsátrið, hefur vakið töluverða athygli. Tekið skal fram að Styrmir er einnig í stjórn samtaka Nei-sinna hér á landi. En kenning Styrmis er þessi, eins og hann orðar „vel" í viðtali við sitt gamla blað hinn 30. nóvember sl.:

„[…] á árinu 2008 upplifði ég það þannig að þessi þjóð hefði verið umsetin án þess að vita af því nema tiltölulega fámennur hópur og það sem fyrir okkur kom hafi raunverulega verið eins konar umsátursástand. Seðlabankar Bandaríkjanna, Bretlands, Hollands, Evrópu, Lúxemborgar og Norðurlandanna hafi tekið höndum saman um að loka okkur inni og á sama tíma hafi breska fjármálaeftirlitið hafið tangarsókn á Landsbankann til að stoppa hann af í sambandi við innlánasöfnun á Bretlandi. Með þessum hætti vorum við rekin í fangið á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum."

Það eru s.s. hinir vondu útlendingar sem að þetta er allt að kenna og þeir ráku okkur í fangið á AGS! Í þessu felst mikil fórnarlambshugsun, eða eins og Jón Baldvin Hannibalsson sagði; þetta væri svona álíka fórnarlambshugsunarháttur og einkennt hefur fjölmarga Serba í árhundruð, eins konar serbneskt heilkenni!

Margir Serbar hafa nefnilega litið á sig sem fórnarlömb, síðan bardaginn mikli milli þeirra og Tyrkja átti sér stað við Kosovo Polje (Þrastarvelli) árið 1389. Og vitna óspart til hans, þá helst miklir serbneskir þjóðernissinnar.

Í lok viðtalsins afhjúpar Styrmir síðan sína framtíðarsýn fyrir Ísland 21. aldarinnar. Blaðamaðurinn, Karl Blöndal, spyr Styrmi hvernig þjóðin eigi að bregðast við þessum aðstæðum. Styrmir svarar:

„Ég held að hún eigi að horfast í augu við veruleikann og gera sér grein fyrir að hún skiptir engu máli í samfélagi þjóðanna. Við erum ekki nema 300 þúsund manns hér uppi á Íslandi og við eigum bara að reyna að byggja hér upp farsælt og gott samfélag, en reyna ekki að vera eitthvað annað en við erum. Hætta þessum leikaraskap, að halda að við höfum einhverju hlutverki að gegna á alþjóðavettvangi, hætta þessum hégómaskap í sambandi við samskipti við aðrar þjóðir, að vera með þjóðhöfðingja, sem ferðast um allan heim af því að hann telur sig hafa einhverju hlutverki að gegna þar. Við eigum bara að sníða okkur stakk eftir vexti, lifa hér því góða lífi, sem hægt er að lifa í þessu fallega landi, nýta auðlindir okkar og byggja á þeim, en hætta að gera okkur einhverjar hugmyndir um að við séum eitthvað annað en við erum. Við erum fámenn þjóð, sem lifir á fiski hér í Norður-Atlantshafi. Það er gott hlutskipti og við eigum að vera sátt við það."

Skilaboð Styrmis eru því þessi: Við lifum í landi, sem skiptir engu máli! Fyrir komandi kynslóðir hlýtur þetta að vera mest niðurdrepandi framtíðarsýn sem hægt er að hugsa sér! Þótt vissulega sé hægt að taka undir orð Styrmis um nýtingu auðlindanna. En eigum við ekki bara að leggjast á hjarnið og bíða þess að tíminn stöðvist?

Hagfræðingar eru flestir sammála um að Íslendingar gætu framfleytt sér á fiski ef við værum ekki fleiri en um 80 þúsund miðað við þau lífsskilyrði sem við teljum ásættanleg. Ekki eru miklir möguleikar að auka sókn í núverandi stofna þannig að ekki er víst hvað Styrmir vill að hinir 230 þúsund Íslendingarnir eigi að gera!

*Höfundar eru í stjórn Evrópusamtakanna.*

# Sjóðir eða stofnanir?

UMRÆÐAN
Ágúst Guðmundsson skrifar um niðurskurð til menningarmála


ÁGÚST GUÐMUNDSSON

Í niðurskurðartillögum mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur verið tekin sú stefna að fara varlega í niðurskurð til stofnana, en draga þeim mun meira úr framlögum til hinna ýmsu sjóða. Á yfirborðinu kann þetta að virðast eðlileg stefna, en hún er ekki öll þar sem hún er séð.

Nú er rétt að taka það strax fram að öllum er ljós nauðsyn þess að draga úr útgjöldum ríkisins, og þar eru listamenn engar undantekningar. Það er hins vegar eðlilegt að fólk hafi mismunandi skoðanir á því hvernig að því skuli staðið, og vitaskuld er öllum ofarlega í huga að samdrátturinn skapi sem minnstan atvinnumissi og útiloki ekki framkvæmdir, t.d. á mikilsverðum sviðum menningarlífsins.

Það má ekki gleymast að úthlutanir úr ýmsum sjóðum halda uppi mikilli starfsemi fyrir tiltölulega lítið fé. Um allan menningargeirann er mikið að fást fyrir lítið. Dæmi má taka af Bókmenntasjóðnum, sem einkum veitir framlög til þýðinga. Þýðendur eru ekki hátekjufólk, en ómissandi þegar kemur að kynningu á verkum íslenskra höfunda – sem raunar hafa verið að draga að sér athygli víða um lönd og varpa þar með jákvæðu ljósi á Ísland í augum útlendinga. Tillagan er að Bókmenntasjóðurinn minnki um 15%, og sama niðurskurð mega sjálfstæðu leikhúsin þola, en líklega fæst hvergi jafnöflug starfsemi út úr framlagi ríkisins en einmitt þar. Það er raunar spurning hvort tap ríkisins verði ekki meira ef listafólkið, sem þar hefur unnið fyrir stórskert laun og stundum engin, neyðist til að þiggja atvinnuleysisbætur. Við þetta má bæta sama niðurskurði á Tónlistarsjóði, sem hefur m.a. stutt við kynningu á íslenskri tónlist erlendis. Lagt er til að verkefnið Tónlist fyrir alla minnki um fimmtung, sömuleiðis Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, árið sem íslenskur listamaður slær í gegn í Feneyjum svo um munar.

Mestur er svo niðurskurðurinn hjá Kvikmyndasjóði, og ástæður þess eru óljósar, svo ekki sé meira sagt. Framlög til kvikmynda virðast í augum sumra vera styrkur, jafnvel ölmusa, en reynast við nánari skoðun vera skynsamleg og beinlínis arðbær fjárfesting fyrir ríkið. Og af hverju er litið á Kvikmyndamiðstöð sem sjóð en ekki stofnun? Af því að orðið Kvikmyndasjóður kemur fyrir í lögunum?

Fleiri dæmi má nefna um sjóði sem gjarnan mætti veita góðan stuðning, en einn er sjóðurinn ónefndur sem nær þó líklega að vera þeirra stærstur. Sá heitir því hógværa nafni Safnliður fjárlaganefndar og veitir styrki til ýmissa málefna, einkum úti á landi. Víst er um það að mörg þeirra málefna eru stuðningsins verð og jafnvel sjálfsögð, ekki síst þau sem lúta að menningu og listum, en sjálft fyrirkomulagið er gagnrýnivert. Stjórnmálamenn eiga að leggja línurnar, veita fé í sjóði, en ekki standa sjálfir í úthlutunum. Í sem flestum tilfellum á að leggja slíkt í hendur faglegra sjóðstjórna. Þannig er því t.d. háttað með starfslaun listamanna, og hefur gefist vel.

Listir eru velferðarmál, mun Tage Erlander einhvern tíma hafa sagt. Við þurfum að standa vörð um velferðarmálin. Ekki gleyma listunum – og mikilvægi hinna ýmsu sjóða sem halda uppi bráðnauðsynlegri starfsemi.

*Höfundur er kvikmyndagerðarmaður.*

# Stöðvum kynbundið ofbeldi

UMRÆÐAN
Karl V. Matthíasson skrifar um kynbundið ofbeldi


KARL V. MATTHÍASSON

Ég sá í fréttum um daginn að nokkrar konur í Súdan voru hýddar fyrir það eitt að mæta í buxum á veitingastað. Í kjölfarið varð mér hugsað til þess misréttis og jafnvel þeirra glæpa sem konur verða fyrir bæði hér á landi og annars staðar.

Við hljótum að spyrja hvernig við getum upprætt nauðganir, mansal, rán á stúlkum, vændi, kvennakúgun og kvenfyrirlitningu.

Hvenær mun sá dagur renna að karlar og konur munu sjá hvort annað sem jafningja? Svona hljótum við að spyrja vegna þeirrar óhugnanlegu kúgunar og framkomu við konur, þar sem karlmenn eru oftast gerendurnir.

*Hvenær mun sá dagur renna að karlar og konur munu sjá hvort annað sem jafningja? Svona hljótum við að spyrja vegna þeirrar óhugnanlegu kúgunar og framkomu við konur, þar sem karlmenn eru oftast gerendurnir.*

Hvað er til ráða? Samþykkt hafa verið lög og reglur sem banna þetta ofbeldi. Allt er það til bóta en við verðum að gera betur og sækja á fleiri mið í þessari baráttu því ekki nægir að grípa eingöngu til refsinga.

Við verðum að auka umræðu og skapa viðhorfsbreytingu sem felur í sér að þolinmæði og umburðarlyndi samfélagsins fyrir hvers kyns kúgun kvenna og kvenfyrirlitningu verði engin.

Ein leið til þess er að markviss jafnréttisfræðsla verði tekin upp í leikskólum, grunnskólum og ekki síst framhaldsskólum og að sú fræðsla verði skyldunámsefni.

Er ég sat á Alþingi árið 2003 lagði ég fram ásamt nokkrum öðrum jafnaðarmönnum þingsályktunartillögu um gerð námsefnis um ólíkt hlutskipti kvenna í heiminum. Í tillögunni var gert ráð fyrir að menntamálaráðherra sæi um framkvæmdina.

Fram kom í greinargerðinni að alþekkt væri hér á landi hversu mikill munur hafi verið á réttindum kvenna og karla. Þetta kæmi meðal annars í ljós þegar litið væri til sögu kosningalöggjafar og menntamála. Og jafnvel þó að lög um jafnrétti kynjanna væru góðra gjalda verð væri nauðsynlegt að allir fái inngróna tilfinningu fyrir því að konum bæri sama staða og körlum í samfélaginu.

Þessi ályktun hlaut ekki náð fyrir augum Alþingis og kom mér á óvart hversu fáir lögðu eitthvað til málanna , þrátt fyrir aukna umræðu um nauðganir, mansal, klám og kynferðislegt ofbeldi gegn konum. Þá var bent á að tilkoma netsins ætti nokkurn þátt í því að virðing fyrir lífi og líkama annarra hafi farið þverrandi og einnig að kærleiksástin njóti ekki sömu viðurkenningar samfélagsins og fyrr.

Við þessu ber að sporna af alefli. Það verður helst gert með viðhorfsbreytingu og gæti gerð námsefnis verið lóð á vogarskálarnar. Slíkt myndi líka vera vel til þess fallið að auka kærleika barna og unglinga í garð hvers annars og benda þeim á ábyrgð hvers og eins við að skapa betri heim í krafti þeirra eigin hegðunar og betri framkomu.

Ég ákvað að fylgja þessum málum eftir á Alþingi árið 2007 og gerði það á vettvangi Vestnorræna ráðsins en ég var formaður þess árið 2007 til 2008. Á aðalfundi ráðsins í ágúst 2007 lagði ég fram sambærilega tillögu og heimfærði hana upp á aðstæður hinnar norðlægu víddar. Það vakti mér gleði að finna hvað tillögunni var vel tekið og ekki síst hvað grænlensku þingkonunum fannst þetta skipta miklu máli sem innlegg í jafnréttisbaráttuna.

Í tillögunni var skorað á stjórnvöld Íslands, Færeyja og Grænlands að gera með sér samkomulag um gerð skyldunámsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi. Markmið þess yrði að auka umræðu um jafnréttismál og skilning á því að kvenréttindi eru mannréttindi óháð menningu, sem og að auka þekkingu á ólíkum kjörum og hlutskipti kvenna á norðurslóðum. Samhljóða tillaga var svo samþykkt hinn 15. maí 2008 á Alþingi. Auk þess samþykktu þjóðþing Grænlands og Færeyja sambærilega tillögu.

Nú er ekkert annað að gera en að ganga í þetta verk og þróa þetta námsefni sem yrði gott verkfæri í baráttunni fyrir bættum og betri heimi. Við skulum ekki gleyma því að lengi býr að fyrstu gerð. Ef við ætlum að koma raunverulegum breytingum á í þessum efnum þá verðum við að koma okkur úr þeirri dapurlegu varnarstöðu sem við erum nú í yfir í sóknarstöðu þar sem karlar taka frá upphafi þátt í því að uppræta kvennakúgun og ofbeldi.

*Höfundur er prestur.*


**Þurfa skattar að vera ósanngjarnir?**

**FÍS og VR boða til opins fundar um skattamál og breytta hegðun neytenda á samdráttartímum, þriðjudaginn 8. desember kl. 8.30–10.00 í Gullteig á Grand Hótel.**

**Niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar meðal almennings um skattabreytingar og tengd mál verða birtar á fundinum.**

**Dagskrá:**

1. **Hvað finnst almenningi um skattabreytingar? Hvernig hefur neysluhegðun breyst?**
   *Einar Einarsson*, framkvæmdastjóri hjá Capacent Gallup
2. **Áhrif tekjuskattsbreytinga á framboð og eftirspurn.**
   *Axel Hall*, lektor við Háskólann í Reykjavík
3. **Skattabreytingar frá sjónarhóli VR.**
   *Kristinn Örn Jóhannesson*, formaður VR
4. **Skila hærri skattar sér í auknum tekjum ríkissjóðs? Hver verða áhrif hækkunar skatta á fyrirtæki?**
   *Almar Guðmundsson*, framkvæmdastjóri FÍS

Þátttökugjald 1.850 kr. Frítt fyrir félagsmenn FÍS og VR félaga.
Skráning í síma 588 8910 eða á www.fis.is.

FÍS VR



**JÓLABASAR KLÚBBSINS GEYSIS** verður haldinn fimmtudaginn 10. desember í húsnæði klúbbsins að Skipholti 29. Til sölu verður fjölbreytt handverk og hannyrðir sem klúbbfélagar hafa unnið að á síðastliðnu hausti. Basarinn stendur frá 16 til 18 og allur ágóði rennur til starfsemi klúbbsins.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordis@365.is 512 5447








Frábært úrval af gjafavörum frá Weber

Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan - Búsáhöld Kringlunni - Pottar og Prik Akureyri. www.weber.is




„Þau eru númer 41 en ég er með talsvert stærri býfur en svo að ég komist í þau," segir Karl um reiðstígvélin hans afa síns, Karls Magnússonar bifreiðarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stígvélin hans afa aftur komin til síns heima

**Karl Sigfússon verkfræðingur sinnir sínum rótum vel. Hann býr ásamt konu og börnum í húsi sem afi hans og amma áttu í áratugi og eitt af því sem prýðir stofuna þar eru hin brúnu reiðstígvél afa hans.**

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Ziemsenhúsið í Grófinni



Til sölu Ziemsenhúsið. Glæsilegt hús við Grófina í hjarta Reykjavíkur. Húsið er kjallari og tvær hæðir, samtals um 670 fermetrar. Í kjallaranum er rekinn vinsæll veitingastaður. Á hæðunum eru skrifstofur. Um er að ræða um hundrað og tuttugu ára gamalt sögufrægt hús sem var flutt í Grófina og uppgert á glæsilegan hátt af Mynjavernd. Húsið er allt í útleigu. Góðir leigusamningar. **Allar nánari upplýsingar veitir Hilmar Þór Hafsteinsson í síma 824-9098.**

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

### Glæsilegt raðhús með útsýni í Skjólsölum Kópavogi



Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvö fullbúin baðherbergi.Rúmgóð stofa, eldhús með fallegri innréttingu. Vandaðar eikar innréttingar og gólfefni. Upphitað bomanite bílaplan, pallur og heitur pottur. Eignir er vel innréttuð og frágengin í alla staði Verð 55,9. Möguleiki á skiptum á eign í Hlíðunum, 105 Rvk. **Upplýsingar gefa : Sigþór S: 899 9787. sb@valholl.is, Jón Rafn S: 695 5520. jonrafn@valholl.is**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

# Einbýlishús óskast

Viljum kaupa einbýlishús í Fossvogi.

Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.
Áhugasamir hafa samband á egilljon@hotmail.com

# Landhelgismálið og Icesave

UMRÆÐAN

Björgvin E. V. Arngrímsson skrifar um Icesave

Tilefni þessara skrifa eru ummæli sem viðhöfð voru í umræðunni um Icesave á Alþingi 30. nóvember síðastliðinn. Þingmaður Framsóknar sagði að fjölmiðlar væru hið þriðja vald, og hinsvegar þau orð sjálfstæðismanns, að allir flokkar ættu að standa saman í Icesave-deilunni eins og í landhelgisdeilunni. Lengra er ekki hægt að komast frá sannleikanum.

Það má segja að margt sé líkt með landhelgisdeilunni upp úr 1957 og Icesave í dag. Árið 1956 sleit Framsóknarflokkurinn stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Í kjölfarið var mynduð þriggja flokka vinstristjórn Framsóknar, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags. Í dag er tveggja flokka vinstristjórn.

Varðandi ummæli þingmannsins um samstöðu allra flokka í landhelgisdeilunni þá er þetta að segja. Allan þann tíma sem barist var fyrir útfærslu landhelginnar í 12 sjómílur gekk Sjálfstæðisflokkurinn erinda Breta, Bandaríkjamanna og NATO. Það eina sem skipti sjálfstæðismenn máli var að ná völdum hvað sem það kostaði. Þjóðarhagur var þar hvergi inni í myndinni. Öllum meðulum var beitt til að reka fleyg í stjórnarsamstarfið og fella ríkisstjórnina. Þeim varð lítið ágengt nema að einu leyti, sem var að Alþýðuflokkurinn gekk á laun til liðs við Sjálfstæðisflokkinn, en hafði ekki hugrekki til að segja sig úr stjórnarsamstarfinu. Það hefði verið pólitískt sjálfsmorð, því þjóðin vildi stækkun. Það var þjóðin sem stóð heilshugar að baki ríkisstjórnarinnar í landhelgisdeilunni, ekki Sjálfstæðisflokkurinn, svo því sé haldið til haga. Sjálfstæðisflokkurinn verður seinna sporgöngumenn í frekari útfærslu á efnahagslögsögunni. Núlifandi Íslendingar geta þakkað Lúðvík Jósepssyni fyrir hans baráttuþrek og Alþýðubandalaginu með Hannibal Valdimarsson sem formann, að útfærsla landhelginnar í 12 mílur varð að veruleika. Þessir menn höfðu þor til að svara hótunum fullum hálsi. T. d. að kæra Breta fyrir hin freklegustu brot á stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, en í henni segir: „Allir meðlimir skulu í milliríkjaviðskiptum varast hótanir um valdbeitingu eða beitingu valds gegn landamærahelgi eða stjórnmálasjálfstæði nokkurs ríkis eða á neinn annan hátt sem kemur í bága við markmið hinna Sameinuðu þjóða.“

Í dag stöndum við í slag vegna Icesave, ein og óstudd að undanskildum Færeyingum. Bretar voru með valdbeitingu þegar þeir beittu fyrir sig hryðjuverkalögunum og brutu freklega á okkur. NATO er ekki með hótanir, en allar þjóðir í þeim samtökum styðja við bakið á Bretum og Hollendingum og eru því samsek og hafa því brotið 1. grein Norður- Atlantshafssamningsins: „Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hverskonar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé ekki stofnað í hættu, og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaviðskiptum á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna.“



BJÖRGVIN E. V. ARNGRÍMSSON

Í Icesavemálinu duga engin vettlingatök frekar en í landhelgismálinu. Það hefur valdið mér vonbrigðum, raunar farið óskaplega í taugarnar á mér hvernig núverandi ríkisstjórn og þær tvær þar á undan hafa haldið á málum varðandi lendingu í Icesave-málinu. Allt svo yfirþyrmandi máttlaust og fálmkennt þegar kemur að því að verja okkar málstað erlendis. Það er skipuð fjölmenn nefnd sérfræðinga vegna viðræðna um inngöngu í Evrópubandalagið sem á eftir að kosta þjóðarbúið milljónatugi fyrir utan allan annan kostnað sem fellur til varðandi umsóknina. En að skipa nefnd færustu sérfræðinga bæði innlendra og erlendra til að gæta okkar hagsmuna erlendis vegna Icesavedeiluna, nei það má ekki. Í staðin er sett á laggirnar sendinefnd íslenskra embættismanna, sem gerði það eitt að semja af sér. Hefði ekki verið betra að hafa Lee Buchheit, sérfræðing í milliríkjasamningum og lánamálum ríkja, með í för. Hann hefði skilið 100% það sem stóð á prenti og það sem sagt var og sparað okkur ef til vill milljarða. Allavega hefði hann unnið fyrir kaupinu sínu.

Að lokum til að fyrirbyggja misskilning. Ég er ekki að væna Sjálfstæðisflokkinn um að ganga erinda andstæðinga okkar í Icesave né í öðrum málum í dag. En ég tel nokkra þingmenn vanhæfa í umræðunni um Icesave. Vegna þess að þeir voru ráðherrar og þingmenn í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar fyrir og eftir hrun. Einnig set ég siðferðilegt spurningarmerki við setu Kjartans Gunnarssonar þá framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins í stjórn Landsbankans þegar Icesave-óskapnaðurinn var búinn til. En gamla formúlan lifir góðu lífi, að ná völdum hvað sem það kostar.

*Höfundur er félagi í Frjálslynda flokknum.*

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Hlutverk þingsins við meðferð skýrslu rannsóknarnefndarinnar

**UMRÆÐAN**
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir skrifar um rannsóknarnefnd Alþingis


ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Síðustu daga hefur verið nokkur umfjöllun í fjölmiðlum um væntanlega skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og birtingu hennar, sem og kosningu sérstakrar þingmannanefndar til að fjalla um niðurstöður skýrslunnar. Til að eyða öllum misskilningi vil ég taka skýrt fram að skýrsla rannsóknarnefndarinnar verður birt í heild sinni um leið og hún verður afhent Alþingi. Aldrei hefur staðið til að hafa annan hátt á í þeim efnum. Jafnframt er mikilvægt að Alþingi, sem setti rannsóknina af stað, sé vel undir það búið að taka við skýrslunni. Frumvarpi forsætisnefndar Alþingis, um kosningu sérstakrar þingmannanefndar, er ætlað að tryggja að niðurstöður rannsóknarnefndarinnar fái eðlilega meðferð innan þingsins.

### Rannsókn á ábyrgðinni á bankahruninu

Þegar rannsóknarnefnd Alþingis var komið á fót var meginhlutverk hennar að leita sannleikans um ástæður bankahrunsins og lýsa afstöðu sinni til þess hverjir beri ábyrgð á því. Rannsóknarnefndinni var hins vegar ekki falið að úrskurða um sekt og sakleysi manna eða ákveða hvernig bregðast eigi við. Málinu lýkur því ekki þegar skýrsla rannsóknarnefndarinnar liggur fyrir heldur verður að fylgja niðurstöðum hennar eftir. Þannig munu sérstakur saksóknari og einstök ráðuneyti, dómstólar og stjórnvöld þurfa að vinna úr ábendingum rannsóknarnefndarinnar um mögulega ábyrgð einstakra manna á því sem gerðist í aðdraganda bankahrunsins. Það kemur hins vegar í hlut Alþingis að fjalla almennt um skýrsluna m.a. í þeim tilgangi að draga megi lærdóm af því sem gerðist haustið 2008.

Nokkuð hefur borið á efasemdum um að Alþingi sé réttur aðili til að fylgja skýrslu rannsóknarnefndarinnar eftir. Í okkar lýðræðissamfélagi er Alþingi eina stofnunin sem hefur lýðræðislegt umboð til að ráða fram úr sameiginlegum hagsmunamálum þjóðarinnar og segja handhöfum framkvæmdarvaldsins fyrir verkum. Þá bera ráðherrar ábyrgð á embættisathöfnum sínum gagnvart Alþingi og þingið getur eitt tekið afstöðu til þess hvort tilefni sé til að ákæra ráðherra samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna er það beinlínis hlutverk Alþingis að leggja mat á viðbrögð ráðherra og annarra stjórnvalda í þessu máli, draga lærdóm af mistökum og bæta úr því sem aflaga hefur farið. Þó að hrun fjármálakerfisins sé á ýmsan hátt sneypa fyrir ríkisvaldið verður ekki undan því vikist að Alþingi fjalli um það út frá þessum forsendum.

*Væntingar standa þó til þess að skýrsla hennar geti orðið faglegur grundvöllur að almennu uppgjöri málsins og að íslensk stjórnmál og samfélagið í heild geti dregið af því einhvern lærdóm.*

### Tryggja þarf vandaða þingmeðferð

Í frumvarpi forsætisnefndar er umfjöllun Alþingis um niðurstöður rannsóknarnefndarinnar sett í ákveðinn farveg. Þar er leitast við tryggja að skýrslan fái vandaða og ítarlega meðferð og að viðbrögð þingsins verði bæði fumlaus og skýr. Á Alþingi er engin föst eftirlitsnefnd eins og víða í nágrannalöndum okkar. Því er fyrirhugað að kjósa níu manna þingmannanefnd sem er ætlað að fara vandlega yfir skýrslu rannsóknarnefndarinnar og móta viðbrögð Alþingis við niðurstöðum hennar. Henni er síðan ætlað að skila skýrslu til Alþingis ásamt tillögum að öðrum þingmálum eftir því sem efni máls krefur. Þingmannanefndin getur leitað aðstoðar sérfræðinga í störfum sínum. Eins getur hún falið einum eða fleiri sérfróðum aðilum að rannsaka einstök atriði og gefa sér skýrslu um niðurstöðuna. Stjórnskipanin leyfir aftur á móti ekki að aðrir en þingmenn eigi hlut í flutningi þingmála. Því verður nefnd sem er ætlað þetta hlutverk að vera skipuð þingmönnum, en ekki utanþingsmönnum. Þá er mikilvægt er að skipan nefndarinnar endurspegli eftir fremsta megni litróf stjórnmálanna á Alþingi. Því hefur forsætisnefnd mælst til þess að þingflokkarnir komi sér saman um einn lista við kjör í nefndina þar sem allir þingflokkarnir eiga a.m.k. einn fulltrúa.

Ekki er á þessu stigi hægt að ákvarða viðfangsefni þingmannanefndarinnar. Það mun ráðast af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar og niðurstöðum hennar. Væntingar standa þó til þess að skýrsla hennar geti orðið faglegur grundvöllur að almennu uppgjöri málsins og að íslensk stjórnmál og samfélagið í heild geti dregið af því einhvern lærdóm. Þá má ætla að þingmannanefndin muni fylgja eftir ábendingum rannsóknarnefndarinnar um breytingar á lögum og reglum.

Við það er miðað að þingmannanefndin geri grein fyrir athugun sinni í áliti sem lagt verður fyrir Alþingi. Þar verður eftir atvikum unnt að gera tillögu eða tillögur til þingsályktunar sem kæmu til afgreiðslu við lok umræðunnar um skýrsluna. Þó að ekki sé í frumvarpi forsætisnefndar settur ákveðinn tímafrestur fyrir athugun þingmannanefndarinnar er eftir sem áður mikilvægt að hraða meðferð málsins eftir fremsta megni og að þingmannanefndin setji sér skýr markmið í þessu efni. Þá mun ég sem þingforseti gera mér far um að tryggja þingmannanefndinni sem besta aðstöðu til að sinna verkefni sinu, bæði með aðstoð skrifstofu þingsins og sérfræðingum utan hennar.

*Höfundur er forseti Alþingis.*




# Lítilræði frá Lottó

**UMRÆÐAN**
Hörður Þorsteinsson skrifar um Lottó


HÖRÐUR ÞORSTEINSSON

Eiður Guðnason, fyrrverandi sendiherra, skrifaði grein um ágóða af lottórekstri og skiptingu hans sem hann nefnir, Lítið eitt um Lottó. Þar tekur hann undir þau sjónarmið sem fram komu í grein forseta Bandalags íslenskra listamanna um sama málefni þar sem Ágúst Guðmundsson fer fram á endurskoðun á skiptingu Lottóhagnaðar.

Í grein fyrrverandi sendiherra og fyrrverandi ráðherra greinir hann frá umræðum á Alþingi sem fram fóru fyrir tæpum aldarfjórðungi og er þar að finna greinargóða lýsingu á því hvernig vélað var um þetta mál á þeim vinnustað. Þar staðfestir Eiður það sem við vissum, sem störfum innan íþróttahreyfingarinnar, að Ellert Schram var betri en enginn þegar kom að málefnum er vörðuðu íþróttahreyfinguna og stóð dyggan vörð um hagsmunamál hreyfingarinnar. Það væri betra ef fleiri jafnaðarmenn áttuðu sig á mikilvægi íþróttahreyfingarinnar fyrir samfélagið með sama hætti og Ellert Schram gerði á þessum árum.

Eiður óskar eftir því að endurskoðað verði fyrirkomulag á skiptingu Lottóhagnaðar og að nauðsynlegt sé að gefa fleiri samtökum möguleika á að starfrækja starfsemi af því tagi, því að Lottóhagnaðurinn eigi ekki að fara í að greiða innlendum eða innfluttum atvinnumönnum í íþróttum ofurlaun. Þessi skilgreining á ráðstöfun Lottóhagnaðar er sett fram af vanþekkingu og ber þess merki að slík röksemdarfærsla á vondan málstað að verja. Allir sem vilja kynna sér ráðstöfun á hagnaði Lottó hér á landi sjá að þessir fjármunir hafa nýst vel til samfélagslegra verkefna hvort sem er á vettvangi íþrótta- eða mannúðarmála. Öryrkjabandalagið hefur byggt upp fjölda íbúða fyrir sína skjólstæðinga og hefur getað stutt við þá sem standa höllum fæti í okkar samfélagi og íþróttahreyfingin og Ungmennafélag Íslands hefur nýtt þessa fjármuni til að efla íþrótta- og félagsstarf á þeirra vettvangi. Þrátt fyrir að vel hafi tekist til í rekstri Lottó frá stofnun þess er þó rétt að geta þess að hagnaður þess skiptist víða og ekki koma stórar upphæðir í hlut hvers aðila. Undirritaður, sem er í forsvari fyrir næststærsta sérsamband innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, getur upplýst að hlutur golfsambandsins af Lottóhagnaði 2008 var kr.7.561.343 og ef með er talið framlag til sambandsins sem greitt er í gegnum Íþrótta- og Ólympíusambandið sem fjármagnað er að hluta með Lottóhagnaði og hins vegar beint framlag til afrekssjóðs af fjárlögum og að auki reiknað inn framlag til sérsambanda sem sérgreint er á fjárlögum eru heildargreiðslur til sambandsins kr.16.653.654 á árinu 2008.

Þessi styrkur er ætlaður til að reka næststærsta sérsamband Íslands með um 16 þúsund félaga, þjóna 65 klúbbum og halda úti landsliðum í fullorðinsflokki og unglingaflokkum. Að sjálfsögðu dugar stuðningur opinbera aðila engan veginn til að standa undir starfseminni og eru þessar tekjur einungis um 13% af heildarveltu sambandsins á því ári. Í samanburði við frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum sem fyrrverandi sendiherra þekkir eflaust miklu betur en undirritaður, er stuðningur opinberra aðila margfalt meiri við sérsamböndin þar í landi og miklir fjármunir lagðir í að efla afreks- og útbreiðslustarf þeirra. Þar er viðurkennt samfélagslegt gildi íþróttastarfs og sú mikla forvarnarvinna sem felst í því að halda úti öflugu íþróttastarfi og skilningur á að slík starfsemi skapi samfélaginu mikinn sparnað í útgjöldum á heilbrigðissviði og á sviði félagsmála. Enda ef skoðuð eru fjárlög ársins 2009 sem hljóða upp á rúmar 555 milljarða, þá er hlutfall þessara málaflokka 229 milljarðar, eða um 50% af heildarútgjöldum ríkisins.

Sú leið ríkisvaldsins að úthluta íþróttahreyfingunni einkaleyfi á lottó og talnagetraunum var skynsamleg á sínum tíma og samkvæmt tölum sem fram koma í ársskýrslu ÍSÍ fyrir árið 2008 þá koma 219.390.840 krónur til skiptanna af hagnaði Lottó og Getrauna til íþróttahreyfingarinnar. Því miður hefur þessi leið orðið til þess að annar stuðningur ríkisins við íþróttahreyfinguna mælist varla. Ef skoðuð eru fjárlög ársins 2009 þá eru heildarútgjöld til íþróttamála um 400 milljónir á meðan t.d. Sinfóníuhljómsveit Íslands fær 652 milljónir, Þjóðleikhúsið 720 milljónir, Kvikmyndamiðstöð Íslands 668 milljónir, Listasjóður 362 milljónir, Liðurinn Listir, framlög 918 milljónir, Íslenski dansflokkurinn 122 milljónir, Listasafn Íslands 165 milljónir svo þeir stærstu séu teknir.

Ef Bandalag íslenskra listamanna vill hlutdeild í lottóhagnaði íþróttahreyfingarinnar er þá ekki líka sjálfsagt að taka upp þá umræðu hvort ekki sé rétt að endurskoða heildarútgjöld til þessara málaflokka og athuga á hvern er hallað. Íslensk íþróttahreyfing hefur hingað til verið rekin að mestu af sjálfboðaliðum og þurft að velta hverjum aur til að láta enda ná saman. Ósanngjörn og villandi umræða í takt við það sem fram kemur í grein sendiherrans fyrrverandi er engum til framdráttar og mikilvægara er að forystumenn íþróttahreyfingarinnar og forystumenn listamanna snúi bökum saman, því samfélagslegt gildi lista og íþrótta er ómetanlegt og aldrei eins og nú þegar að okkur er sótt og fyrirsjáanlegur er mikill samdráttur á öllum sviðum.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


sumarferdir.is
JÓLASÓL Á TENERIFE
Verð frá:
20.-27. desember
118.500 kr.*
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúðargistingu.
Verð frá 127.274 kr. ef miðað
er við 2 fullorðna.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega.

**NOAM CHOMSKY FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1928.**

*„Það að veita leyfi fyrir drápum á fjölda saklausra borgara er hreinræktað hryðjuverk, en ekki stríð gegn hryðjuverkum.“*

***Noam Chomsky er bandarískur málvísindamaður, rithöfundur og virkur þátttakandi í stjórnmálum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. DESEMBER 1933

## *Miðilsfundi útvarpað í Ríkisútvarpinu*

Miðilsfundi var í fyrst sinn útvarpað í Ríkisútvarpinu á þessum degi árið 1933. Þar kom fram Ingibjörg Lára Ágústsdóttir (1899–1971), betur þekkt sem Lára miðill, og mælti fyrir munn margra framliðinna.

Lára er einn þekktasti miðill sem Ísland hefur alið. Hún hélt miðilsfundi á heimili sínu sem vöktu umtal og þóttust gestir hennar meðal annars verða fyrir yfirskilvitlegri reynslu af ýmsu tagi.

Lára varð þó síðar uppvís að svikum á miðilsfundum, nánar tiltekið árið 1940, og dæmd í eins árs fangelsi. Hún er eina manneskjan sem dæmd hefur verið í Hæstarétti fyrir svik á miðilsfundum.

Lára lét eftir sig handrit af sjálfsævisögu sem fært var í letur árið 1945. Það var hins vegar aldrei gefið út en blaðamaðurinn Páll Ásgeir Ásgeirsson studdist við það þegar hann skrifaði bókina Játningar Láru miðils, sem kom út árið 2005.

Heimild: www.wikipedia.org



**MERKIATBURÐIR**

**1431** Hinrik 6. Englandskonungur krýndur konungur Frakklands í París.

**1881** Minnisvarði um Jón Sigurðsson forseta afhjúpaður á gröf hans í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík að viðstöddu miklu fjölmenni.

**1936** Í Bjarneyjum á Breiðafirði rignir skyndilega síld og er talið að skýstrókur hafi náð að sjúga upp síldina er hann átti leið yfir sjó.

**1975** Indónesía ræðst á Austur-Tímor.

**1980** Golfklúbburinn Kjölur er stofnaður í Mosfellsbæ.

**2005** Evrópusambandið fer að nota lén undir þjóðarléninu .eu sem kom í stað .eu.int.

AFMÆLI



**ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR** leikkona er 47 ára.



**JÓRUNN VIÐAR** tónskáld er 91 árs.



**DAMIEN RICE** tónlistarmaður er 36 ára.



**TOM WAITS** tónlistarmaður er sextugur.



**AUÐNUTITTLINGUR** Auðvelt er að laða auðnutittlinga í garða með fóðrun en þá þarf að gæta vel að köttum. MYND/JAKOB SIGURÐSSON

**FUGL VIKUNNAR:** AUÐNUTITTLINGUR

## *Lítill, kvikur og fimur*

Auðnutittlingur er lítil grábrún finka með stutt stél og rauðan blett á enni sem dvelur hér á landi allt árið um kring. Kjörlendi er helst birkiskógar, kjarr, ræktað skóglendi og garðar. Hann gerir sér hreiður í trjám og runnum og verpir venjulega oftar en einu sinni á sumri. Hann er kvikur og mjög fimur og lifir aðallega á skordýrum og birkifræjum. Auðvelt er að laða auðnutittlinga í garða með fóðrun. Á síðustu árum hafa þeim aðallega verið gefin sólblómafræ, sem fást í 2,5 kg pokum í fáeinum verslunum. Þeir taka einnig ýmiss konar finkufóður og gárafræ en eru ekki hrifnir af korni því sem ætlað er snjótittlingum. Auðnutittlingar geta orðið afar spakir þar sem þeim er gefið og því þarf að gæta vel að köttum.

www.fuglavernd.is



**KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR** Rannsakaði samfélagsþátttöku fólks með þroskahömlun í doktorsritgerð sinni í fötlunarfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR: RANNSAKAÐI ÞÁTTTÖKU ÞROSKAHAMLAÐRA Í SAMFÉLAGINU

# Finnst þau ekki vera velkomin

Kristín Björnsdóttir varði nýlega doktorsritgerð sína í fötlunarfræðum við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Ritgerð hennar nefnist Í andstöðu við almenningsálitið: Samfélagsþátttaka ungs fólks með þroskahömlun. „Í rannsókninni tóku þátt 29 einstaklingar á aldrinum tuttugu til þrjátíu ára. Þar af voru sex einstaklingar virkir þátttakendur í öllu rannsóknarferlinu sem samrannsakendur mínir. Þetta er tiltölulega ný nálgun í rannsóknum en tilgangurinn er að fólk með þroskahömlun fái aukið vald um hvað er fjallað um og með hvaða hætti.“

Kristín segir að árið 1979 hafi verið samþykkt lög um aðstoð við þroskahefta. „Í lögunum var staðfest að þroskaheftir ættu rétt á eðlilegu lífi, lífi sem væri eins og líf ófatlaðra. Þeir fengu því formlega aðgang að samfélaginu og þátttöku í því. Nú, þrjátíu árum seinna, kemur í ljós í þessari rannsókn að það er gjá á milli raunveruleika og réttinda,“ bendir hún á og bætir við að þeir sem þátt tóku í rannsókninni hafi allir eytt miklum tíma í sérúrræði. „Án þess að við séum að setja út á þessi úrræði, þá finnst þeim margar hindranir standa í vegi fyrir sér og þeir eiga erfitt með að fá aðgang að almennu samfélagi. Þá voru tveir hamlandi þættir sérstaklega áberandi. Annars vegar bágur fjárhagur, sem kom í veg fyrir að þau gætu til dæmis farið í bíó, í leikhús eða út að borða og ef þeim buðust störf voru þau yfirleitt illa launuð. Hitt, sem þeim fannst ekki síður mikilvægt, var að finna viðhorf samfélagsins í sinn garð en það fannst þeim neikvætt.“

Kristín segir hópinn hafa greint alla fjölmiðla frá 2003-2005 og skimað eftir umfjöllun um þroskahömlun. „Það var áberandi lítið fjallað um málefnið. Ef svo vildi til var rætt við sérfræðinga um þroskahömlun en sjaldan sjálft fólkið með þroskahömlun. Væri það gert á annað borð var oft talað við það eins og börn. Almennt upplifði það sig því óvelkomið í samfélaginu.“

Kristín segir það unga fólk sem tók þátt í rannsókninni hafa haft ákveðnar skoðanir um hvað þyrfti að breytast svo það gæti tekið meiri þátt í samfélaginu. „Það vildi að viðurkennt væri að fólk með þroskahömlun væri ekki allt eins, heldur mjög fjölbreytt ur hópur. Það vildi fá að taka ákvarðanir um eigið hversdagslíf án þess að þurfa sífellt að berjast fyrir því. Það vildi það hafa aukin áhrif á stefnumótun í málefnum fatlaðra, sem og aukinn aðgang að rannsóknarsamfélaginu,“ segir Kristín og vonast til að leggja lóð á vogarskálarnar með þessari rannsókn.

unnur@frettabladid.is



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, amma og systir,*

**Sólveig Traustadóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja mánudaginn 30. desember.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 9. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Magnús Þór Jónsson** **Helga Lind Hjartardóttir**
**Drífa Þöll Arnardóttir** **Gunnlaugur Erlendsson**
**Örn Arnarson** **Harpa Sif Þráinsdóttir**
**Lucinda Hulda Fonseca**
**Trausti Magnússon** **Hulda Jónsdóttir**
**systkini og barnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Atli Örn Jensen**

Strikinu 10, Garðabæ,

lést á St. Jósepsspítala í Hafnarfirði mánudaginn 30. nóvember. sl. Jarðsett verður frá Garðakirkju miðvikudaginn 9. desember kl. 15.00.

**Árni Valur Atlason** **Eydís Lúðvíksdóttir**
**Markús Þór Atlason** **Katrín Yngvadóttir**
**Jens Pétur Atlason** **Kristín Sigurbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartkær systir mín,*

**Guðbjörg Auðunsdóttir**

frá Minni-Völlum,

verður jarðsungin frá Skarðskirkju þriðjudaginn 8. desember kl. 13.00.

**Ásgeir Auðunsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

## FORÐASTU AÐ LENDA Í ÓÞARFA BIÐRÖÐ SÍÐUSTU DAGA MÁNAÐARINS

# KOMDU NÚNA MEÐ BÍLINN Í SKOÐUN




Nú er rétti tíminn til að láta skoða bílinn þinn því vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og biðraðir með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

**Þann 1. janúar n.k. leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðuð ökutæki með endastafinn 0 í númeri.**

**Opið kl. 8–17**

Aðalskoðun

**Skoðunarstöðvar:**

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344

www.adalskodun.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-2200




# Komin til að vera bókin

**BAKÞANKAR**
**Gerðar Kristnýjar**



Fréttastofa Ríkisjónvarpsins sagði frá því fyrir viku að verð á bókum hefði hækkað frá því í fyrra. Eins og flestir hafa gert sér grein fyrir hefur býsna margt hækkað í verði síðan þá. Og það þarf ekki einu sinni að fara svo langt aftur því verðlag hefur hækkað heilmikið frá því bara í sumar sem leið. Í ágúst keypti ég borðspil á verði sem nú er orðið 80% hærra. Hér er um að ræða fjóra trékalla, tréhettur sem hægt er að hvolfa yfir þá, tening, sjálft spjaldið og loks kassann utan um herlegheitin. Skýringin sem mér var gefin í búðinni á þessari hækkun var sú að það hefði komið ný sending af vörunni.

**SPILIÐ** er að mestu leyti úr pappír – líkt og bækur – og pappír hefur hækkað í verði. Það er gott að íslenskar bækur hafa ekki hækkað jafnskarpt og umrætt spil, heldur aðeins um nokkur hundruð krónur hver og sumar ekki neitt. Þeir sem ætla að gefa börnum jólagjafir í ár reka sig fljótt á að verð á bókum er mun viðráðanlegra en á mörgum vinsælum innfluttum leikföngum. Þessi jólin er það útsjónarsemin sem gildir og um að gera að bera saman verð og þjónustu áður en innkaupin hefjast. Fjöldi manns nýtti sér bókamarkaðina sem stóðu fram í október og runnu þar með saman við jólabókaflóðið. Þar sást til fólks velja klassískar og góðar bækur til jólagjafa. Bók er og verður góð gjöf, hvort sem hún er nýkomin út eður ei.

**BÆKUR** eru nefnilega ekki bara kækur. Þær eru líka lækur sem seytlar um heilabúið og svalar þörf mannsins fyrir ævintýri og lönguninni til að skilja annað fólk og sjálfan sig helst líka. Fréttaflutningur Ríkisjónvarpsins á mánudagskvöld, daginn fyrir fullveldisdaginn, minnir á fréttirnar af skólabókaverðinu sem þjóðinni var boðið upp á í haust. Viðtöl við háskólanema sem greiddu tugi þúsunda króna fyrir skólabækur runnu saman við foreldra sem tuðuðu yfir því að þurfa að greiða 10.000 kr. fyrir skólavörur handa sex ára börnum – eins og menntun væri einskis virði.

**ÉG HVET FÓLK** sem finnst bókaverð út úr öllu korti að tölta nú út í búð og glugga til dæmis í Gásasöguna eftir Brynhildi Þórarinsdóttur, Komin til að vera nóttin eftir Ingunni Snædal, Milli trjánna eftir Gyrði Elíasson eða Auði eftir Vilborgu Davíðsdóttur og velta því fyrir sér hvort það sé ekki einhvers virði að svona bækur séu skrifaðar hér á landi á íslenskri tungu fyrir íslenska þjóð. Og hvort ekki megi þá greiða eilítið fyrir þær líka eins og eldhúsinnréttingar, jólaljósaseríur og kort í skíðalyftu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Nikon

*At the heart of the image*

# HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

**TILBOÐ!**
MEÐ ÖLLUM NIKON D3000 FYLGIR
**VÖNDUÐ TASKA OG 2x2GB MINNISKORT**
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)










## NIKON D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

**Verð: 114.995 kr.**

Einnig fáanleg með AFS18-55VR linsu: 122.995 kr.

Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

**www.nikon.is**

**Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Hagkaup** – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

**Samkaup** – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; **Hljómsýn** – Akranesi; **Blómsturvellir** – Hellissandi; **Skipavík** – Stykkishólmi; **Kaupfélag V-Húnvetninga** – Hvammstanga; **Smárabær** – Blönduósi; **Skagfirðingabúð** – Sauðárkróki; **Verslunin Pan** – Neskaupstað; **Geisli** – Vestmannaeyjum; **Foto** – Vestmannaeyjum; **Tækniráð** – Grindavík; **Mosfell** – Hellu; **Heimilistæki** – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; **Omnis** – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard

## Ath. á morgun kl. 20

*Næsta erindi í fyrirlestrarröð Mannfræðifélags Íslands, BREYTINGAR – ÞÁTTTAKA – UPPBYGGING, verður haldið á þriðjudagskvöld á Café Loka, Lokastíg 28. Dr. Inga Dóra Björnsdóttir flytur erindið „Kvenleikanum kastað fyrir róða“. Fjallað verður um hvernig erfiðleikar og áföll í lífi Ásu Guðmundsdóttur Wright vísuðu henni af vegi hefðarfrúarinnar. Inga Dóra er höfundur „Kona þriggja eyja – Ævisaga Ásu Wright“ sem nýverið kom út hjá Forlaginu.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Apocrypha á erlendan markað

Einn af verðlaunahöfum Íslensku tónlistarverðlaunanna, Hugi Guðmundsson tónskáld, sem í fyrra hlaut mikla viðurkenningu fyrir verðlaunaplötuna Apocrypha, með samnefndu tónverki sínu, fagnar nú tilboði um samninga á dreifingu á verkinu erlendis. Apocrypha kom út fyrir síðustu jól. Tónverkið og platan vöktu mikla athygli og hafa hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga; tónverkið var valið tónverk ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2007 og platan var tilnefnd sem plata ársins í fyrra. Það ár hlaut platan hlaut einnig Kraumsverðlaunin ásamt því að vera á listum yfir plötur ársins hjá Morgunblaðinu og mbl.is. Þar að auki var Hugi tilnefndur til Menningarverðlauna DV árið 2007, í kjölfar frumflutningsins á verkinu. það er bandaríska fyrirtækið Parma sem hyggst gefa verkið út á bandaríkjamarkaði. Tilboðið felur í sér mikla kynningu erlendis fyrir tónlistarfólkið á plötunni og færi hún m.a. í alheimsdreifingu hjá Naxos, heimsins stærsta dreifingaraðila klassískrar tónlistar. Fyrir utan tilboð ameríska útgáfufyrirtækisins hafa tvö önnur fyrirtæki sýnt plötunni mikinn áhuga en þau eru finnska útgáfan Ondine og norska fyrirtækið L2. Hið síðarnefnda hefði áhuga á að gefa plötuna út á Super Audio geisladisk (surround), en útgáfan er einmitt tilnefnd til tveggja Grammy verðlauna fyrir bestu surround plöturnar í ár. Báðar útgáfurnar hyggjast leggja fyrir tilboð um mögulega endurútgáfu fyrir jólin.

Flytjendur á diskinum eru Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, mezzo-sópran og barokkhópurinn Nordic Affect undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Upptökur annaðist Óskar Páll Sveinsson en lokahljóðblöndun og masteringu gerði Valgeir Sigurðsson. Hugi Guðmundsson klippti og stjórnaði upptökum.



**TÓNLIST** Hugi Guðmundsson tónskáld

**> Ekki missa af**

uppboðum á fjölda listaverka eftir yngri og eldri listamenn í Gallerí Fold í dag og á morgun. Þau hefjast báða dagana kl. 18.15.







**Minnum á teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins fyrir 4. bekkinga**

Hægt er að skila inn myndum fram að jólafríi til Mjólkursamsölunnar, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.




Nánari upplýsingar á www.ms.is


# ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐI LOKAÐ

**Síðasta úthlutun úr Þjóðhátíðarsjóði er lokið. Hann var settur upp fyrir hagnað af myntsláttu í tilefni af Þjóðhátíðinni og hefur um árabil veitt fjármagni til margs konar verkefna sem tengjast menningararfi Íslands að fornu og nýju.**

Í ár var úthlutað 65 styrkjum og útdeilt 33,9 milljónum til hluta af stórum hópi umsækjenda. Alls bárust sjóðnum 259 umsóknir og var sótt um 350 milljónir. Fjárþörfin er því tíu sinnum meiri en styrktarféð sem hægt var að veita.

Tilgangur sjóðsins var að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf. Við það er miðað að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra til þeirra, eins og segir í tilkynningu sjóðsins sem er í vörslu Seðlabanka Íslands.

Hæsta styrkinn hlaut að þessu sinni Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 1,5 milljónir, vegna rannsóknar sem Höskuldur Þráinsson veitir forstöðu. Safna á málheimildum hjá fólki sem er eftirlifandi og tók þátt í hinni miklu rannsókn á mállýskum á Íslandi sem Björn Guðfinnsson stóð fyrir á fimmta áratug síðustu aldar og rannsaka einnig íslenskt nútímamál á síðasta áratug aldarinnar. Í þessu dæmi sést vel hvernig sjóðurinn vinnur: hér er styrkt stór rannsókn sem Málvísindanefnd Háskóla Íslands getur illa unnið á sérstaks fjárstyrks, en háskólinn á þó að vera leiðandi sterk rannsóknarstöð á íslenskri málþróun, sú mikilvægasta í heiminum, sú með lengsta rannsóknarreynslu og þekkingu á þessu sviði.

Sex aðilar fá eina milljón í styrk: Sjóminjasafnið í Reykjavík – Víkin, Ólafsdalsfélagið sem vill reisa safn í Ólafsdal og Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar: öll þessi söfn eru nýstofnuð og fjárvana og stíga með einum eða öðrum hætti inn á starfssvið safna sem fyrir eru. Stofnun Árna Magnússonar fær tvo styrki og má af því ráða að þessari fornu stofnun íslenskra fræða sé illmögulegt að stunda þær rannsóknir sem henni er ætlað að gera án fjárstyrks. Ljósmyndasafn Reykjavíkur fær raunar sýningarstyrk, að hluta til að skrá safn Péturs Thomsen ljósmyndara og jafnframt til að setja upp sýningu á verkum Péturs Thomsen ljósmyndara, hinum yngri sem er barnabarn Péturs Thomsen og alnafni. Safn hins eldri mun óskráð.

Fleiri stofnanir fá styrki til að halda úti verkefnum: þannig fær Sarpur, sérsmíðað skráningarkerfi sem íslensk söfn nota nokkur hundruð þúsund til að þróa sig enn frekar, en það er rekið af einkahlutafélagi en ekki söfnunum sjálfum. Frekar verður fjallað um styrki Þjóðhátíðarsjóðs og hvað úthlutun í ár segir um ástand íslenskra safna og menningarstofna í sérblaðinu menning sem fylgir Fréttablaðinu á laugardag.

**pbb@frettabladid.is**



**MENNING** Stofnun Árna Magnússonar fær tvær milljónir í Þjóðhátíðarsjóði til rannsókna í ár.






Tónlist ★★★

**Draumey**

Ellen Kristjánsdóttir



**Sena**

## Björt og falleg

Draumey hefur að geyma tíu ný lög sem flest eru samin af Ellen og Pétri Ben sem einnig sér um stjórn upptöku. Hljómsveitin sem spilar á plötunni hefur m.a. innanborðs fyrrnefndan Pétur Ben, bræðurna Ómar og Óskar Guðjónssyni, eiginmanninn Eyþór og dæturnar Sigríði, Elísabetu og Elínu, en sveitin kom fyrst fram sem upphitunaratriði fyrir Eric Clapton í Egilshöll.

Tónlistin á Draumey er kántrí, soul og rokkskotið popp. Hún lætur frekar lítið yfir sér í fyrstu, en við frekari hlustun öðlast lögin líf. Þetta er björt og falleg tónlist með hlýlegum textum. Ellen er ein af okkar bestu söngkonum. Hún hefur sérstaklega fallega rödd sem nýtur sín vel hér. Það er töluvert lagt í útsetningarnar og mörg hljóðfæri notuð til að auka fjölbreytnina, t.d. fiðla, selló, bassaklarinett, sópran- og tenórsaxófónar, selesta, moog, ukulele og slide-gítar. Hljóðfæraleikurinn er líka fyrsta flokks.

Það er ekkert vont lag á Draumey, en samt eru nokkur sem standa upp úr. Ég nefni fyrsta lag plötunnar, kántrílagið Liljurós, hið sálarríka Hafðu á honum gætur, Sólskinsdag og lokalagið Ef engill ég væri með vængi.

Á heildina litið er Draumey fín plata. Hún brýtur ekkert blað, en hún stendur vel fyrir sínu og ætti ekki að valda aðdáendum Ellenar vonbrigðum.

**Trausti Júlíusson**



**Niðurstaða:** Fín plata frá einni af okkar bestu söngkonum.

Bókmenntir★★★

**Eitt sinn gangster, ávallt gangster**

Spennusaga

**Josh Bazell**

## Hjúkrað og hefnt




Við nýjan tón kveður í þessari spennusögu, nokkuð sem ekki er auðvelt að ná í þessum heimi sem fullur er af spennusögum. Sagan segir frá einni vakt í lífi læknisins Brown, sem poppar sig upp á örvandi til að komast í gegnum erfiða vakt. Fortíðin bankar á dyrnar á sjúkrahúsinu og það verður til þess að hann rifjar hana upp. Og vart má á milli sjá hvort er blóðugra, minningar hans um lífið og hefndina eða núið í skurðaðgerðunum. Sagan er fersk og skemmtilega hrá, óþægilega brútal á köflum en falleg á köflum. Hress andvari í glæpasagnaheiminn. Þýðing Arnars Matthíassonar er fín, þótt vissulega sé umhugsunarefni hvernig titillinn fór úr Beat the Reaper í Eitt sinn gangster, ávallt gangster.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**Niðurstaða:** Grimm og grípandi saga, full af húmör og spennu.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

# Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn og þriðjudaginn
7. og 8. desember, kl. 18.15 báða dagana
í Galleríi Fold við Rauðarárstíg

Af gefnu tilefni bendum við á að öll verk eru skoðuð af sérfræðingum til að koma í veg fyrir að falsanir rati á uppboðið




LISTMUNASALA fold

Verkin verða sýnd í Galleríi Fold:
mánudag kl. 10–17 (öll verk),
þriðjudag kl. 10–17 (verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Bókmenntir ★★

**Byltingarmenn og bóhemar**

Ólafur Ormsson

## Villta vinstrið



Í Byltingarmönnum og bóhemum fer Ólafur Ormsson yfir sögu vinstrihreyfingarinnar hér á landi á blómatíma hugsjónanna. Ólafur lýsir því hvernig ungt fólk fann eldheitum skoðunum sínum farveg innan hinna ýmsu vinstri samtaka og tekist var á um hvaða spámanni ætti að fylgja; Maó, Stalín, Trotskí, Lenín eða Marx. Þetta var litríkur tími og þó vissulega sé á stundum grátbroslegt að lesa um deilur fólks um landbúnaðarstefnu Maós, verður það ekki frá fólkinu tekið að það hafði skoðanir.

Bókin er skemmtileg heimild um horfinn tíma. Hún er þokkalega skrifuð og mjög persónuleg, en hún hefði vel þolað betri yfirlestur. Hún er full af stafsetningarvillum og sömu menn eru oft kynntir til sögunnar þegar eitt skipti hefði dugað.

**Kolbeinn Óttarson Proppe**

**Niðurstaða** Skemmtileg heimild um horfinn tíma.




Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

### > ÁNÆGÐ MEÐ SMÆÐINA

Shakira segist ánægð með að vera lágvaxin og fíngerð. Í viðtali við breska dagblaðið Daily Mirror segist söngkonan vera stolt af stuttum fótleggjum sínum og skammast sín ekki fyrir þá í myndbandi við lag sitt Did It Again. „Þegar maður er lágvaxinn vorkennir fólk manni svo maður kemst upp með miklu meira. Ef ég væri hávaxin væri ég í miklum vandræðum,“ útskýrir söngkonan og segist hafa æft stíft í heilan mánuð fyrir upptökurnar.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Syngur jólalag eftir bróður sinn

„Það er búið að taka okkur tvö ár að klára þetta lag,“ segir Lísa Einarsdóttir söngkona. Hún sendir nú frá sér sitt fyrsta jólalag sem heitir Hvað eru jólin án þín? Lag og texti er eftir bróður hennar Leif Einarsson, upptökustjóra og grafískan hönnuð. „Þetta er svona róleg poppballaða og ég er mjög stolt af þessu lagi. Við tókum það upp í London og í Hljóðrita í Reykjavík, en af því að hann er búsettur í London var erfitt fyrir okkur að klára þetta. Þegar við vorum að klára þetta núna var ég bara með hann á Skype á meðan,“ segir hún og brosir, en lagið er væntanlegt inn á tonlist.is. „Þetta er fyrsta verkefnið sem ég geri alveg upp á eigin spýtur, án hjálpar Einars Bárðarsonar umboðsmanns,“ bætir hún við.

Lísa hefur í mörgu að snúast um þessar mundir því hún er með útvarpsþátt á Kananum á kvöldin alla virka daga, auk þess sem hún syngur á jólahlaðborðum í Officeraklúbbnum og með Ízlensku sveitinni. „Við erum að taka við bókunum núna og erum meðal annars að fara að spila á þorrablótum út um allar trissur í febrúar,“ segir Lísa, en nánari upplýsingar og tónlist Lísu má heyra inni á lisaeinars.com. - ag



**NÝTT JÓLALAG** Lísa Einarsdóttir söngkona syngur jólalagið Hvað eru jólin án þín? eftir bróður sinn Leif Einarsson.

MYND/GASSI

# Syngjandi rafvirki stefnir alla leið

Georg Alexander Valgeirsson er ungur söngvari sem nú haslar sér völl. Fyrst kom lagið „Íslendingur,“ sem er upprunalega gömul rokkballaða með Bad Company. Íslenski textinn eftir Magnús Þór Sigmundsson keyrir á þjóðarstolti og baráttuanda – „Íslendingur þar til ég dey“ – og Georg segist tengja ágætlega við þann boðskap: „Maður verður að halda haus og vera stoltur af þjóðerninu. Það þýðir ekkert annað.“

Seinna lagið, líka eftir Magnús Þór Sigmundsson, texti og lag, heitir Desember og er jólalegt. „Mjög fallegt lag,“ segir Georg. „Það hefur verið að fá góða spilun á Bylgjunni, Létt-bylgjunni og á Jóla-stjörnunni á netinu.“

Georg segist hafa byrjað að syngja af einhverju viti í fyrra og svo tók hann þátt í Idolinu síðast á Stöð 2. „Það gekk ágætlega. Ég komst í tíu manna úrslit, man ekki hvort ég var númer sjö eða átta í röðinni.“

Söngvarinn er ánægður með viðtökurnar og finnst þetta hafa gengið vel. Hann stefnir þó hærra. „Ég er í samstarfi við marga gæja. Auk Magnúsar Þórs hef ég verið í samstarfi við Jóhann G. Jóhannsson og Bjarna Ara upp á að fá lög og svoleiðis. Ég stefni á plötu næsta sumar og ætla bara að taka þetta alla leið fyrst maður er byrjaður á þessu. Ég yrði alla vega stoltur ef ég kláraði plötuna og lögin fengju einhverja spilun.“

Georg er rafeindavirki og er með eigin rekstur. „Það heitir Loftnetsþjónusta Reykjavíkur. Ég er mikið að setja upp loftnet og diska og allan þann pakka. Það er ekkert gaman að vinna við þetta núna í þessum skítakulda.“ - drg



**STEFNIR Á PLÖTU** Georg Alexander syngur og setur upp loftnet í kuldanum.

MYND/LÁRUS SIGURÐARSON

# Ekki á föstu

Hjartaknúsarinn Alexander Skarsgård neitar alfarið öllum sögusögnum um meint samband hans og leikkonunnar Kate Bosworth. „Ég er ekki að hitta neinn, þetta eru bara sögusagnir. Einu konurnar í lífi mínu eru systir mín og mamma,“ sagði leikarinn hlæjandi.

Skarsgård segir að mótleikarar hans í sjónvarpsþáttunum True Blood séu eins og önnur fjölskylda í hans augum. „Ég hlakka mikið til að fara aftur til Bandaríkjanna og hitta LA-fjölskyldu mína. Mér þykir mjög vænt um Steven og Önnu og þau eru dásamleg par.“



**EKKI Á FÖSTU** Alexander Skarsgård segist ekki vera í föstu sambandi.

# LITRÍK STEMNING

**Sonia Rykiel breytti búð sinni á Saint-Germain í París í skemmtistað með diskókúlum þegar hún sýndi vor- og sumarlínu sína fyrir árið 2010. Fyrirsæturnar léku á als oddi og sendu áhorfendum fingurkossa á meðan þær sýndu litríkan og áberandi fatnað Rykiel.**

- ag



**„VINTAGE“** Það var svolítil „vintage“ stemning yfir nýjustu línu Soniu Rykiel.



**BLÓMLEG** Áherslan var gjarnan lögð axlirnar í kjólum Rykiel, eins og þessum sem var skreyttur með marglitum blómum.



**LITRÍKT** Sonia Rykiel var óhrædd þegar kom að litavalinu.



**FJÓLUBLÁTT** Fyrirsæturnar á sýningunni léku á als oddi.




# Smakkaði náhval og spik

„Þetta var hrikalega gaman,“ segir Hrund Ósk Árnadóttir söngkona sem er nýkomin frá Grænlandi. Hrund er nú búsett í Berlín þar sem hún nemur söng, en var boðið af Josef Lund, fyrrverandi skólafélaga sínum úr Söngskólanum í Reykjavík, að syngja með honum á tónleikum í heimalandi hans, Grænlandi. „Josef ákvað að halda 8. stigstónleika þar og fékk mig til að koma með. Úr því varð svolítið mikið ferðalag því ákveðið var að halda líka aðventutónleika í Mennningarhúsinu í Nuuq sem við sungum á,“ útskýrir Hrund.

Meðan á vikudvöl hennar stóð á Grænlandi var henni meðal annars boðið í barnaafmæli þar sem hún smakkaði alls kyns framandi mat. „Þetta var rosa veisla og þar var meðal annars boðið upp á hreindýrakjöt og rengi af náhval. Þá er fituröndin undir skinninu skorin í teninga og sojasósa sett á hana. Þetta var ekki bragðmikið en var eins og brjósk undir tönn og var ógeðslega vont,“ segir Hrund sem smakkaði einnig hreindýraspik. „Þetta var eins konar þurr fita sem þeir setja út í kaffi. Þetta var svolítið eins og að setja rjóma út í kaffið en var bara seig feiti og bragðið eins og af purusteik, sem er ekki gott. Það var líka boðið upp á harðfisk og fimm sortir af kökum svo þetta var mikil veisla, en ég hugsaði bara að ég fengi eflaust aldrei tækifæri til að smakka þetta aftur,“ bætir hún við og brosir.

Þetta er hvorki í fyrsta né síðasta sinn sem Hrund syngur á tónleikum á Grænlandi því hún hefur áður sungið þar með blúsbandi Pálma Gunnarssonar og heldur aftur til Grænlands á næstu dögum þar sem hún mun syngja á þrennum tónleikum ásamt Josef í suðurhluta landsins. „Ég er orðin ægilega heimakær á Grænlandi,“ segir hún og hlær. - ag



**FRAMANDI** Hrund var boðið í barnaafmæli þegar hún var stödd á Grænlandi þar sem hún smakkaði meðal annars náhval og hreindýraspik.

# Hvað á að gefa í jólagjöf?



**Segðu það með jarðarberjum**
Snotur askja sem inniheldur auk baðlilju eftirfarandi dekurvörur sem allar innihalda rakagefandi olíu unna úr jarðarberjakjörnum: Sturtusápu (250ml), hörundsskrúbbkrem (75ml), "body butter"-húðnæringu (50ml) og sápustykki (100g)
Askjan fæst ennfremur með sambærilegum vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Cocoa", "Coconut", "Mango", "Moringa", "Olive", "Satsuma", "Shea" og "Wild cherry"
**3990 kr.**



**Handa kærastanum**
Kassinn inniheldur "White musk for men"-herrailm (100ml) og sams konar hár- og sturtusápu (75ml)
**4590 kr.**

**Lítil gjafakarfa**
Gjafakarfan inniheldur eftirfarandi 3 vörutegundir með rakagefandi kókosolíu: Sturtusápu (60ml), húðnæringu (60ml) og varasalva (10ml)
**2470 kr.**





**Góð gjöf – gott verð!**
Askjan inniheldur auk baðlilju sturtusápu (60ml) og húðnæringu (60ml) með "White musk"-ilminum sívinsæla
Sams konar askja fæst með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Aqua lily", "Coconut", "Neroli jasmin", "Moringa", "Shea", "Strawberry", "Vanilla" og "Wild cherry"
**1490 kr.**

**Jóla- og áramótafarðinn**
Úrval fjögurra augnskugga og einn kinnalitur auk svamppensils í fallegri öskju
**3280 kr.**
Colourglide™ -varalitur
**1290 kr.**
"Define & Sparkle" -augnháralitur og augnlínupenni
**2190 kr.**





**Fimm farðaburstar í veski**
Þetta snotra veski inniheldur 5 handhæga en bráðnauðsynlega farðabursta
**5290 kr.**

**Ég elska þig!**
Í þessari snotru gjafaöskju eru tvær vörutegundir með Love Etc...™ -ilminum góða: Endingargott ilmvatn (þ.e. "Eau de Parfum, 30ml) og sturtusápa (200ml)
**4990 kr.**





**Ilmgóð gjöf – gott verð!**
Þessi litla askja inniheldur eftirfarandi 3 vörutegundir með "Black velvet apricot"-ilmi: Sturtusápu (60ml), húðnæringu (60ml) og sápustykki (100g)
Askjan er einnig fáanleg með sams konar vörutegundum með annars vegar "Cranberry"- og hins vegar "Nutmeg & vanilla"-ilmi
**1990 kr.**

**Gleðileg jól, Gunna mín!**
Askjan inniheldur auk baðlilju 5 vörutegundir með smjörtrésmauki (þ.e. "She butter") sem gerir hörundið silkimjúkt: Sturtusápu (250ml), hörundsskrúbbkrem (200ml), húðnæringu (250ml), varasalva og sápustykki (100g)
Askjan er ennfremur fáanleg með sambærilegum vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Coconut", "Strawberry", "Olive" og "Moringa".
**5990 kr.**

**Sérstakt jólatilboð sem gleður sanna herramenn**
Rúmlega 20% afsláttur af herravörum og taskan fylgir frítt með! Taskan inniheldur fjórar "Maca root"-vörutegundir: Andlitssápu (50ml), skrúbbkrem (50ml), gel-eftir-rakstur (50ml) og rakakrem (50ml).
*Andvirði herravaranna er 5060 kr. en tilboðsverðið er:*
**3990 kr.**



THE BODY SHOP®



## KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

*Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299*




| SAMbíóin ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 | 7 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 | 12 |

| SAMbíóin KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 6 - 8 - 9 - 10:10 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |

| SAMbíóin AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA: NEW MOON | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MORE THAN A GAME | kl. 8 | 7 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10 | 16 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 4 - 6 | L |
| THE BOX | kl. .5.30 - t8 - 10.30 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 8 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 10 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| EXTRACT | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| ARTHÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 6 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 8 og 10.10 | L |
| 2012 | kl. 7 og 10.10 | 10 |


# Útgáfusamningur í Svíþjóð

„Þetta byrjar allt voða vel," segir Ragnar Ólafsson úr þjóðlagasveitinni Árstíðum. Hún hefur gert samning við sænska útgáfufyrirtækið Adore Music um útgáfu á sinni fyrstu plötu, sem kom út hér á landi í sumar. „Þetta er miðlungsstórt óháð fyrirtæki í Gautaborg og ágætlega vel tengt hvað varðar dreifingu á Norðurlöndunum. Ég er nokkuð sáttur við þennan samning og ég held að hann muni skila sínu," segir Ragnar en bætir við: „Þetta er mest kynning. Við verðum ekkert ríkir á þessu."

Áhugi Svíanna á Árstíðum hófst á tónlistarhátíðinni Réttum þegar hljómsveitin hélt vel heppnaða tónleika í Fríkirkjunni. Margir höfðu þá samband við sveitina en hún vildi bíða með að semja þangað til eftir norsku hátíðina By:Larm þar sem Árstíðir áttu að spila næsta vor. Ekkert verður af þeim tónleikum og því var ákveðið að semja við Adore Music. Platan kemur líklega út í apríl í Svíþjóð og þriggja vikna tónleikaferð um landið er síðan fyrirhuguð í lok maí til að fylgja henni eftir.

Sænskir fjölmiðlar hafa verið áhugasamir um Árstíðir að undanförnu. Nýlega birtist stórt viðtal við sveitina í blaðinu Sydsvenskan og einnig tók tónlistartímaritið Zero Music viðtal við hana. Þar hefur platan þegar fengið mjög jákvæða dóma, átta af tíu mögulegum. Jafnframt birtist viðtal við Ragnar í ítalska tísku- og lífsstílstímaritinu Salad Days eftir áramót þar sem hann var spurður út í lopapeysur og annað sem tengist Íslandi.



**ÁRSTÍÐIR** Þjóðlagasveitin Árstíðir hefur gert útgáfusamning við sænskt fyrirtæki. MYND/ÓSKAR PÁLL ELFARSSON

Árstíðir áttu að spila á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar en ekkert varð af því. Í staðinn heldur hljómsveitin sína eigin jólatónleika í Fríkirkjunni 23. desember. **- fb**

# GEIMVERUR RÁÐAST Á REYKJAVÍK Á NÝRRI PLÖTU

**Andri Ásgrímsson hefur sent frá sér sólóplötuna Orrustan um Esjuna. Andri er einnig í hljómsveitinni Leaves og segist alltaf vera að nostra við einhverja músík.**



**MEÐ LEYSIBYSSUNA Á LOFTI** Andri Ásgrímsson úr Leaves hefur gefið út konseptsólóplötu.

„Þetta er háalvarleg tónlist og alveg jafn dramatísk og umslagið gefur til kynna," segir Andri Ásgrímsson um fyrstu sólóplötu sína, Orrustan um Esjuna. Á umslaginu fljúga fljúgandi furðuhlutir yfir Reykjavík og ofurhetjan, Andri í hlutverki Sveimhugans, stendur keik með leysibyssu. Þetta er konseptplata. „Ég vildi fara eitthvað með þetta, hafa eitthvert form til að vinna út frá," segir Andri. „Sagan á plötunni er að geimverur hafa ráðist á Reykjavíkurborg og það er allt brjálað. Leysigeislaskothríð, sprengingar og læti. Svo kemur Sveimhuginn og bjargar Reykjavík frá geimverunum."

Lögin bera nöfn eins og „Borgin brennur" og „För sniglanna" og tónlistin er bæði hljóðgervlaknúin og spiluð með kammerhljóðfærum. Andra þykir ekki óvitlaust að kalla tónlistina „sci-fi klassík". „Annars vegar dregur músíkin áhrif sín frá þýska krautrokkinu og hins vegar frá klassíkinni."

Auk þess að berjast við geimverur á plötu spilar Andri á hljómborð og gítar með Leaves. „Maður hefur alveg ágætis tíma fyrir utan bandið og mig hefur alltaf langað lengi til að gera eitthvað í þessa áttina. Ég er alltaf að nostra við einhverja músík. Sum lögin eru orðin mjög gömul. Maður er búinn að taka gamlar hugmyndir og vinna þær almennilega."

Fyrir Leaves var Andri í hinu frábæra post-rokkbandi Náttfari, sem hætti áður en hjólin fóru að snúast. „Það band gerði best-of demó sem ekkert varð út. Við vorum bara ekki nógu þroskaðir á þeim tíma til að taka Náttfara lengra. Því miður, þetta var gott efni. Við fokkuðum þessu bara upp," segir Andri. Hann langar til að spila nýju plötuna á tónleikum en það gæti verið snúið því þetta er mikið hljóðversverk. „Það væri erfitt að feika þetta á tónleikum. Strengir og sprengjur og fimm effektar á röddinni. Maður reynir samt."

Andri er búinn að keyra plötuna í allar helstu plötubúðir og hún fæst líka á Gogoyoko.

**drgunni@frettabladid.is**

# *Íslandsvinur slasar sig*

Litlu munaði að illa færi þegar glerhurð í sturtu Ross Jarman, trommara The Cribs, brotnaði. Jarman skarst illa, en harkaði það af sér.

Íslandsvinurinn Ross Jarman, trommari bresku hljómsveitarinnar The Cribs, slasaðist illa í sturtu á mánudag. Jarman var að hressa upp á sig á hótelherbergi sínu eftir tónleika í O2-höllinni í Birmingham þegar glerhurðin losnaði frá sturtunni og brotnaði með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkur djúp sár. Jarman var fluttur á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans.

The Cribs neyddist ekki til að hætta við fyrirhugaða tónleika vegna atviksins, en Jarman lætur slysin ekki stoppa sig. Hann úlnliðsbrotnaði fyrr á þessu ári þegar hljómsveitin var í Los Angeles við upptökur á nýrri plötu. Þrátt fyrir það kláraði hann að taka upp trommurnar á plötunni, en bruddi verkjalyfið vicodin inni á milli laga.

The Cribs kom til Íslands árið 2006 og spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni. Félagarnir létu vel af dvölinni og fóru á marga tónleika á hátíðinni.

**atlifannar@frettabladid.is**



**SKORINN** Trommari The Cribs slasaði sig í sturtu.




FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á morgun!

# TILBOÐ DAGSINS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| United LCD með DVD – 22 tommur (United 22DD91HD) | United LCD breiðtjald – 32 tommur (United LTV9732) | Panasonic DVBT móttakari – 32 tommur (Panasonic TXL32C10) | Finlux Full HD LCD – 26 tommur (Finlux 26FLHE850SU) | Philips Full HD LCD Pixel PLus HD – 32 tommur (Philips 32PFL5404H) | United Full HD LCD – 42 tommur (United LTV9732) |
| 69.989 kr. | 119.989 kr. | 134.989 kr. | 139.989 kr. | 144.989 kr. | 189.989 kr. |
| Philips Full HD LCD Pixel PLus HD – 37 tommur (Philips 37PFL5604H) | Panasonic Plasma 100Hz – 42 tommur (Panasonic TXP42C10) | Toshiba LCD Full HD 100Hz – 40 tommur (Toshiba 40LV685DN) | Philips Full HD LCD Ambilight Spectra – 32 tommur (Philips 32PFL8404H) | Philips Full HD LCD Pixel PLus HD – 42 tommur (Philips 42PFL5624H) | Panasonic Plasma 100Hz – 50 tommur (Panasonic TXP50X10) |
| 199.989 kr. | 199.989 kr. | 229.989 kr. | 239.989 kr. | 249.989 kr. | 289.989 kr. |

## Nýtt KORTATÍMABIL

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Ólafur Ingi samdi við SønderjyskE

Ólafur Ingi Skúlason, landsliðsmiðjumaður og fyrrum leikmaður sænska liðsins Helsingborg, hefur gert þriggja ára samning við danska úrvalsdeildarliðið SønderjyskE en þetta var tilkynnt um helgina. SønderjyskE-liðið hélt upp á komu hans með því að vinna 2-0 heimasigur á Aalborg BK en sigurinn kom því upp um tvö sæti og í 8. sæti deildarinnar. „Við erum mjög stoltir yfir því að Ólafur skuli hafa valið SønderjyskE framyfir önnur lið,“ sagði Jacob Gaxe Gregersen, Íþróttamálastjóri SønderjyskE, á heimasíðu félagsins.





HELENA SVERRISDÓTTIR: ÞURFTI AÐ ÞOLA SÉRSTAKAR REFSINGAR ÞJÁLFARANS EFTIR EINN SLAKAN LEIK

# *Mamma er besta klappstýran sem finnst*

Helena Sverrisdóttir er áfram í stóru hlutverki hjá TCU í bandaríska háskólaboltanum. TCU tapaði óvænt á móti Minnesota á móti á Bahamaeyjum á dögunum og tapið fór mjög illa á Jeff Mittie, þjálfara liðsins. Hann gerði Helenu að blóraböggli.

„Leikurinn gegn Minnesota var bara hreint út sagt hræðilegur. Það gekk ekkert upp hjá mér né liðinu,“ sagði Helena, sem var með 3 stig. „Ég og TK, sem erum fyrirliðarnir hérna, vorum „leystar af störfum“ í Kansas-leiknum, og tveir nýliðar settir í það hlutverk þann daginn. Það var kannski mesta „wake-up call“ sem ég hef fengið. Mittie hefur mikla trú á mér, og hann kann alveg á mig, það virkar ekkert endilega að öskra á mig, frekar að ná inn á mig andlega,“ segir Helena, sem var líka tekin út úr byrjunarliðinu. „Það var mjög skrýtið þar sem ég hef verið í byrjunarliðinu hérna í öll skiptin nema tvö. Ég ber fullkomið traust til Mittie þjálfara og ég veit að þetta var rétt í stöðunni. Ég set liðið númer eitt. Þó svo að ég hafi kannski verið ósátt með þetta lét ég engan vita af því, heldur kom bara af bekknum og reyndi að gera mitt besta. Við spiluðum síðan við Kansas, sem er án vafa eitt besta lið sem ég hef spilað við, og unnum þær,“ sagði Helena.



Helena fannst aðgerðir þjálfarans ekki hafa verið ósanngjarnar. „Ég vil verða betri, ég vil fá alla þá hjálp sem ég mögulega get til þess að ná sem lengst. Ein af ástæðum þess að ég ber svona mikla virðingu fyrir honum er að engin fær neitt auðvelt, hann ýtir öllum áfram og ögrar manni á hverjum degi. Mér fannst ég eiga þetta skilið, ég spilaði ekki vel gegn Minnesota og eftir að horfa á vídeó af þeim leik skil ég Mittie hundrað prósent,“ sagði Helena, sem stefnir á að vinna Mountain West deildina með TCU og komast í úrslitakeppnina. Helena er með góða heimsókn þessa dagana því foreldrar hennar eru komnir út. „Það verður frábært að fá þau. Þau hafa alltaf verið til staðar, og ég tala við þau nánast daglega í gegnum skype eða síma, en það verður gott að fá alvöru knús. Pabbi hefur alltaf eitthvað gott að segja um körfuboltahlið leiksins og mamma er besta klappstýra sem finnst. Sama hvernig fer er hún alltaf til staðar til að peppa mig upp,“ segir Helena að lokum.

## ÚRSLITN Í ENSKA

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| ARSENAL-STOKE CITY | 2-0 |
| 1-0 Andrei Arshavin (25.), 2-0 Aaron Ramsey (78.). | |
| ASTON VILLA-HULL CITY | 3-0 |
| 1-0 Richard Dunne (12.), 2-0 James Milner (28.), 3-0 John Carew, víti (87.). | |
| MANCHESTER CITY-CHELSEA | 2-1 |
| 0-1 Sjálfsmark (8.), 1-1 Emmanuel Adebayor (36.), 2-1 Carlos Tevez (55.). | |
| PORTSMOUTH-BURNLEY | 2-0 |
| 1-0 Hermann Hreiðarsson (64.), 2-0 Aruna Dindane (83.). | |
| WEST HAM-MANCHESTER UNITED | 0-4 |
| 0-1 Paul Scholes (45.), 0-2 Darron Gibson (60.), 0-3 Antonio Valencia (70.), 0-4 Wayne Rooney (71.). | |
| WIGAN ATHLETIC - BIRMINGHAM CITY | 2-3 |
| 1-0 Charles N'Zogbia (32.), 1-1 Sebastian Larsson (60.), 1-2 Christian Benetez (65.), 1-3 Sebastian Larsson (71.), 2-3 Jordi Gomez (88.). | |
| WOLVES-BOLTON | 2-1 |
| 1-0 Jody Craddock (2.), 2-0 Nenad Milijaii (62.), 2-1 Johan Elmander (78.). Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton. | |
| FULHAM-SUNDERLAND | 1-0 |
| 1-0 Bobby Zamora (7.) | |
| EVERTON-TOTTENHAM | 2-2 |
| 1-0 Jermain Defoe (47.), 2-0 Michael Dawson (59.), 2-1 Louis Saha (78.), 2-2 Tim Cahill (86.) | |

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **15** | **12** | **0** | **3** | **37-10** | **36** |
| Man.United | 15 | 11 | 1 | 3 | 34-13 | 34 |
| **Arsenal** | **14** | **9** | **1** | **4** | **38-18** | **28** |
| Tottenham | 15 | 8 | 3 | 4 | 35-21 | 27 |
| **Aston Villa** | **15** | **7** | **5** | **3** | **25-14** | **26** |
| Man. City | 14 | 6 | 7 | 1 | 26-18 | 25 |
| **Liverpool** | **15** | **7** | **3** | **5** | **31-20** | **24** |
| Fulham | 15 | 6 | 4 | 5 | 19-16 | 22 |
| **Birmingham** | **15** | **6** | **3** | **6** | **15-16** | **21** |
| Sunderland | 15 | 6 | 2 | 7 | 21-21 | 20 |
| **Stoke City** | **15** | **5** | **5** | **5** | **13-17** | **20** |
| Blackburn | 15 | 5 | 3 | 7 | 16-28 | 18 |
| **Burnley** | **15** | **5** | **2** | **8** | **19-33** | **17** |
| Wigan Athletic | 15 | 5 | 2 | 8 | 17-34 | 17 |
| **Everton** | **15** | **4** | **4** | **7** | **19-27** | **16** |
| Hull City | 16 | 4 | 4 | 8 | 17-34 | 16 |
| **West Ham** | **15** | **3** | **5** | **7** | **24-30** | **14** |
| Wolves | 15 | 3 | 4 | 8 | 14-28 | 13 |
| **Bolton** | **14** | **3** | **3** | **8** | **17-29** | **12** |
| Portsmouth | 15 | 3 | 1 | 11 | 13-23 | 10 |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| **Jermain Defoe, Tottenham** | **12** |
| Wayne Rooney Manchester United | 11 |
| **Didier Drogba, Chelsea** | **11** |
| Fernando Torres, Liverpool | 10 |
| **Darren Bent, Sunderland** | **9** |
| Louis Saha, Everton | 9 |

# Grannagreiði City-liðsins

**Manchester United minnkaði forskot Chelsea í tvö stig um helgina þökk sé 2-1 sigri Manchester City á Chelsea þar sem Shay Given var hetjan. United vann 4-0 sigur á West Ham og Liverpool datt niður í 7. sæti eftir markalaust jafntefli.**

**FÓTBOLTI** Manchester City getur þakkað markverði sínum Shay Given að liðið slapp við áttunda jafnteflið í röð og vann glæsilegan 2-1 sigur á toppliði Chelsea í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Shay Given varði vítaspyrnu Franks Lampard sjö mínútum fyrir leikslok en áður höfðu Emmanuel Adebayor og Carlos Tevez komið City yfir.

„Við höfum enga ástæðu til þess að hafa áhyggjur. Við erum að gera góða hluti þessa stundina en leikurinn í dag var mjög erfiður þar sem Manchester City spilaði mjög vel,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, eftir leikinn og hann sagði líka að Frank Lampard yrði áfram vítaskytta liðsins.



**HETJA LEIKSINS** Shay Given sést hér búinn að verja vítaspyrnu frá Chelsea-manninum Frank Lampard sjö mínútum fyrir leikslok. MYND/GETTYIMAGES

„Stundum gerast óvæntir hlutir og ég bjóst ekki við að Frank myndi klikka á vítinu,“ sagði Mark Hughes, stjóri City, og hrósaði markverði sínum. „Við byrjuðum eins illa og við gátum með því að fá á okkur þetta ólukkumark í byrjun en það eru ekki mörg lið sem geta komið til baka á móti Chelsea. Það eitt sýnir sterkan karakter og getu þessa liðs,“ sagði Hughes en hans menn eru að breytast í mikla áhrifavalda í toppbaráttunni enda búnir að ná í sjö stig á móti stóru liðunum á þessu tímabili. City er búið að vinna Chelsea og Arsenal og gera jafntefli við Liverpool.

Sir Alex Ferguson lenti í miklum vandræðum með varnarlínu sína á móti West Ham á Upton Park en það hafði engin áhrif á liðið, sem vann 4-0 sigur. Paul Scholes skoraði fyrsta markið í uppbótartíma fyrri hálfleiks og Darron Gibson, Antonio Valencia og Wayne Rooney bættu síðan við mörkum í þeim síðari.

„Evra hlýtur að vera minnsti miðvörður í heimi en hann les leikinn vel og er fljótur og áræðinn,“ sagði Ferguson eftir leik en Evra kláraði leikinn í miðri vörninni þar sem Rio Ferdinand var meiddur, Nemanja Vidic var veikur, Gary Neville tognaði í fyrri hálfleik og Wes Brown meiddist í þeim síðari. Þegar Wes Brown meiddist í seinni hálfleik varð Ferguson að færa Patrice Evra í miðvörð við hliðina á Carrick og Ryan Giggs niður í vinstri bakvörð. Miðjumaðurinn Darren Fletcher spilaði síðan hægri bakvörð allan leikinn.



**SIGURMARKIÐ** Carlos Tevez fagnar hér marki sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

Liverpool missti bæði Aston Villa og Manchester City upp fyrir sig í töflunni eftir að hafa aðeins náð markalausu jafntefli á móti Blackburn í 500. leik Stevens Gerrard fyrir félagið.

Arsenal komst aftur á sigurbraut með 2-0 sigri á Stoke þar sem Andrey Arshavin átti flottan leik; skoraði eitt, lagði upp annað fyrir Aaron Ramsay og fiskaði víti sem Cesc Fabregas lét Thomas Sørensen verja frá sér.

Tottenham mistókst að ná aftur 3. sætinu af Arsenal þegar liðið missti niður tveggja marka forskot á síðustu tólf mínútum. Jermain Defoe gat tryggt Tottenham sigurinn í uppbótartíma en lét Tim Howard verja frá sér vítaspyrnu.

ooj@frettabladid.is



**MIKILVÆGUR** Hermann Hreiðarsson fór fyrir liði Portsmouth. NORDICPHOTOS/GETTY

Mikilvægur sigur Portsmouth:

## Hermann allt í öllu í sigurleik

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson var allt í öllu þegar Portsmouth vann 2-0 sigur á Burnley á Fratton Park í gríðarlega mikilvægum leik í baráttu liðsins á botni deildarinnar.

„Það er fullt af stigum eftir í pottinum,“ sagði Hermann, sem skoraði fyrra mark Portsmouth og fiskaði einnig víti í fyrri hálfleik sem nýttist ekki.

„Þetta var ekki víti. Ég var að bíða eftir sparkinu sem kom aldrei. Þetta var samt ekki dýfa því það er ekki það sem ég stend fyrir,“ viðurkenndi Hermann, sem hefur staðið í launakrísu Portsmouth fyrir hönd leikmanna liðsins. „Allir leikmenn liðsins hafa staðið saman í þessari erfiðu stöðu og það hefur enginn verið að kvarta. Þetta hefur kannski bara þjappað hópnum saman,“ sagði Hermann. - óój



**SVEKKTUR** Cristiano Ronaldo fagnaði ekki marki Real sem kom eftir misheppnaða vítaspyrnu hans. MYND/AFP

Cristiano Ronaldo hjá Real:

## Líkt við Dr. Jekyll og Hr. Hyde

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo sýndi á sér tvær ólíkar hliðar í 4-2 sigri Real Madrid á Almeria í spænsku úrvalsdeildinni um helgina.

Ronaldo var lykilmaðurinn á bak við endurkomu Real, sem lenti 1-2 undir í leiknum, en hann lét einnig reka sig út af í lok leiks fyrir að sparka í leikmann Almeria sem hafði ögrað honum. Spænsku fjölmiðlarnir voru fljótir að líkja honum við hina frægu sögupersónu R.L. Stevenson, Dr. Jekyll og Hr. Hyde.

Ronaldo fór í gegnum allan skalann í leiknum, hann skoraði, lagði upp mark, fiskaði víti, klikkaði á víti, fékk gult fyrir að fagna treyjulaus og fékk síðan rautt spjald.

„Þetta voru ósjálfráð viðbrögð en ég veit að ég gerði mistök. Ég er bara mannlegur. Ég hef beðið félaga mína í liðinu um að fyrirgefa mér,“ sagði Ronaldo, sem verður í leikbanni á móti Valencia um næstu helgi. - óój




Fyrirtæki á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Bjóðum upp á örugga og hraða sendingarþjónustu fyrir jólin. Pakkar, bögglar og nafnamerkt blöð.

Nánari upplýsingar veitir Pósthúsið í síma 585-8300 eða á posthusid.is

Póst húsið

Topplið Vals í N1-deild kvenna í handbolta:

## Þriggja stiga forskot

**HANDBOLTI** Valskonur náðu þriggja stiga forskoti í N1-deild kvenna um helgina eftir 39 marka sigur, 52-13, á nýliðum Víkings í Víkinni. Valsliðið nýtti sér það að Íslandsmeistarar Stjörnunnar spila ekki næst fyrr en á nýju ári þar sem Florentina Stanciu er að keppa með Rúmeníu á HM í Kína.

Línumennirnir og varnartröllin Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og Hildigunnur Einarsdóttir fengu að njóta sín í leiknum og brutu báðar tíu marka múrinn. Anna Úrsúla skoraði 12 mörk úr 13 skotum og Hildigunnur var með 10 mörk úr 13 skotum.

Hafnarfjarðarliðin FH og Haukar unnu bæði góða útisigra á sama tíma. FH vann 39-30 sigur á KA/Þór fyrir norðan á sama tíma og Haukar unnu 34-25 sigur á HK í Digranesi.

FH-ingurinn Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir hélt áfram að spila frábærlega með FH og skoraði 11 mörk í sigrinum á KA/Þór. Þrátt fyrir tap tókst HK-liðinu þó að halda Haukakonunni Hönnu Guðrúnu Stefánsdóttur í 7 mörkum en hún hafði skorað 14,7 mörk að meðtali í þremur leikjum á undan þessum. - óój



**12 MÖRK** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Geymið auglýsinguna
Skemmtilegar jólagjafir
Takkaskór
Handboltaskór
Körfuboltaskór
Jólaskórnir í ár
innanhússkór
Monaco heimatreyja
Kr. 12.990.-
Uppáhalds liðið þitt, frábært úrval
CFC kanna
Kr. 2.990.-
Tottenham kanna
Kr. 2.490.-
Arsenal litabox
Kr. 1.990.-
LFC – Arsenal bjórglös
Frá kr 2.490.-
Arsenal kanna
Kr. 2.490.-
Vatnsbrúsar
Man U CFC o.fl
Kr. 1.990.
ManU Veski
Kr. 2.490.-
LFC bindi
Kr. 4.990.-
Tattoo LFC – ManU
CFC – ManCity
Kr. 990.-
Arsenal karfa
Kr. 2.990.-
LFC matarsett
Kr. 2.490.-
CFC fyrirliðaband
Kr. 1.490.-
LFC derhúfa
Kr. 2.990.
Liverpool könnur
Gerrard eða Torres
Kr. 2.490.-
ManU trefill
Kr. 2.990.-
Arsenal trefill
Kr. 3.490.-
CFC trefill
Kr. 2.990.-
Gerrard og Torres treflar
Kr. 2.990.-
ManU skópoki
LFC mini kit
Kr. 2.990.-
ManU glas
Kr. 2490.-
Arsenal teningar í bílinn
Kr. 1.490.-
Húfur frá kr. 2.990.-
Matarskál
Kr. 2.990.-
Skópoki Tottenham
Kr. 1990.-
Adidas handbolti
Kr. 3.990.-
Dagatal
Kr. 2.990.-
Plakat
Frá kr. 990.-
Boston Celtics
frá kr. 7.990.
LFC svunta
Kr. 3.990.-
LFC – MUFC – CFC Sængurver kr. 6.990.-
Spalding Körfubolti
Kr. 2.490.-
Chelsea Flísteppi
Kr. 4.990.-
HM-treyjur
Spánn
Argentína
Frakkland
T-bolir frá Nike og adidas
Frá kr. 4.990.-
Spánn Home
2010 – 2012
Kr. 10.990.-
Barna kr. 8.990.-
Adidas Jabulani
HM boltinn 2010
Fæst hjá okkur!
Og margt margt fleira ☺ Þetta er bara sýnishorn af úrvalinu....
Vilt þú jólagjöf frá Jóa útherja!
Skilaðu auglýsingunni í pottinn til okkar þegar
þú verslar. Fimm heppnir viðskiptavinir fá
jólagjöf frá Jóa útherja á Þorláksmessu
Nafn: ____________
Sími: ____________
Netfang: ____________
Jói útherji
síðan 1999
Ert þú aðdáandi Jóa útherja á Facebook?
Ármúla 36
108 Reykjavík
www.joiutherji.is

# Haukar áfram eftir magnaðan leik

**Haukar gengu brosandi út úr Krikanum eftir 38-37 sigur í tvíframlengdum leik á móti FH í átta liða úrslitum Eimskipsbikarsins í gær. Einar Örn Jónsson tryggði Haukum framlenginguna fjórum sekúndum fyrir leikslok eftir að Haukarnir voru mest komnir fimm mörkum undir í seinni hálfleiknum.**

**HANDBOLTI** Haukar tryggðu sér sæti í undanúrslit Eimskipsbikarsins í handbolta eftir sigur á FH í Kaplakrika í gær en tvær framlengingar þurfti til þess að fá úrslit. FH-ingar unnu bikarleik liðanna í fyrra, einnig í átta liða úrslitum, en nú náðu nágrannar þeirra að hefna.

FH-ingar mættu brjálaðir til leiks, spiluðu hraðan sóknarleik og börðust allir sem einn eins og ljón í vörninni. Gestirnir voru hins vegar lengur í gang en eftir tíu mínútna leik var loksins kviknað á lærisveinum Arons Kristjánssonar.

Heimamenn voru líklegri allan fyrri hálfleikinn og var staðan 18-15 í hálfleik. Seinni hálfleikur einkenndist áfram af mikill hörku og sérstaklega góðum varnarleik hjá báðum liðum. Birkir Ívar minnti á sig með góðum vörslum og kom Haukum aftur inn í leikinn. Markvörður FH-inga Daníel Andrésson átti stórleik og varði stórkostlega oft á tíðum. Einar Örn Jónsson tryggði Haukum framlengingu í blálokin og staðan eftir venjulegan leiktíma, 29-29.

Framlengingin var stórkostleg skemmtun. Markverðirnir héldu áfram að verja vel og bæði lið voru mjög vel samstillt í vörn og sókn. Í lok framlengingarinnar fengu FH-ingar víti og var það Bjarni Fritzson sem steig á punktinn; hann skoraði örugglega og leikurinn var á leið í tvíframlengingu. Þegar hér var komið sögu voru allar dyr í Kaplakrika opnar, fólk rennandi blautt af svita á pöllunum að öskra örmagna leikmenn sinna liða áfram. Stórkostleg stemning.

Daníel Andrésson hélt upptæknum hætti og varði vel. Birkir Ívar sömuleiðis hinum megin á vellinum. Útlit var fyrir að Haukar væru bunir að klára leikinn þegar að haukamaðurinn Freyr Brynjarsson stal boltanum af FH-ingum eftir klaufalega sendingu og skoraði úr hraðaupphlaupi. Bjarni Fritzson var ekki á sama máli og kom fljúgandi úr horninu í næstu sókn og hélt sínum mönnum í leiknum. Sigurbergur Sveinsson og Freyr Brynjarsson kláruðu svo þennan ævintýralega bardaga hafnfirsku liðanna með sínu markinu hvor. FH-ingar minnkuðu muninn í eitt mark áður en flautan gall en á þeirri stundu voru Haukamenn nánast allir komnir upp í stúku að fagna með áhorfendum sínum.

„Gríðarleg vonbrigði en stoltur af strákunum. Þeir lögðu allt í þetta og það er mín skoðun að þeir hefðu átt skilið að vinna þennan leik." sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, eftir leik.

Aron Kristjánsson var eðlilega mjög ánægður og er nú kominn með lið sitt í undanúrslit bikarsins. „Þetta var frábær sigur og við erum virkilega ánægðir með að vera komnir áfram í bikarnum. Töpuðum hérna í fyrra með einu marki í spennuleik eins og fór fram hér í dag þannig það að var gott að hefna fyrir þetta núna," sagði Aron Kristjánsson.

HK tryggði sér einnig sæti í undanúrslitunum með 25-18 sigri á 1. deildarliði Selfoss í gær. Ólafur Víðir Ólafsson skoraði 9 mörk fyrir HK í leiknum.

Hinir tveir leikirnir fara fram í kvöld; Valur tekur á móti Fram í Vodafone-höllinni og Víkingur fær Gróttu í heimsókn í Víkina. Báðir leikirnir hefjast klukkan 19. 30.

**- rog, óój**



**BROSANDI HEIM ÚR KRIKANUM** Sigurbergur Sveinsson og félagar í Haukum unnu sigur í miklum spennu- og baráttuleik í gær. Hér sést Sigurbergur brosa eftir átök við FH-inga í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLITIN

### Eimskipsbikar karla

FH-Haukar 37-38 (18-15)

Mörk FH (skot): Bjarni Fritzson 9/6 (12), Ásbjörn Friðriksson 8 (13), Ólafur Guðmundsson 6 (12), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (4), Örn Ingi Bjarkason 4 (7), Ólafur Gústafsson 3 (8), Hermann Ragnar Björnsson 1 (1), Benedikt Reynir Kristinsson 1 (2), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (2).
Varin skot: Pálmar Pétursson 4 (11/3) 36%. Daníel Andrésson 16/1 (27/3) 59%
Hraðaupphlaup: 7 (Jón Heiðar 2, Ólafur Guðm. 2, Bjarni Fritzson, Sigurgeir, Ólafur Gústafsson)
Fiskuð víti: 5 (Jón Heiðar 2, Ólafur Guðm, Örn Ingi, Hermann Ragnar)
Utan vallar: 12 min.
Mörk Hauka (skot): Sigurbergur Sveinsson 10/2 (22), Björgvin Hólmgeirsson 6 (17), Guðmundur Árni Ólafsson 6/4 (6), Einar Örn Jónsson 5 (6), Pétur Pálsson 4 (6), Freyr Brynjarsson 4 (7), Elías Már Halldórsson 3 (3).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 16 (35/4) 46%. Aron Rafn Eðvarðsson 1.
Hraðaupphlaup: 4 (Freyr Brynjarsson 3, Stefán)
Fiskuð víti: 7 (Pétur 3, Björgvin, Einar Örn, Elías, Freyr). Utan vallar: 10 min.
Dómarar: Hafsteinn Ingibergsson og Gísli Hlynur Jóhansson, misstu tökin á leiknum oft á tíðum.

Selfoss-HK 18-25

Markahæstir: Atli Kristinsson 7, Helgi Héðinsson 3 - Ólafur Víðir Ólafsspon 9/3, Már Þórarinsson 3, Ragnar Hjaltested 3, Valdimar Þórsson 3, Hákon Bridde 3.

### Subway-bikar karla

Skallagrímur-Fjölnir 63-84

Stigahæstir: Silver Laku 20, Hafþór Ingi Gunnar soin 17, Konrad Tota 14 - Chris Smith 25, Magni Hafsteinsson 16 (11 frák.), Tómas Tómasson 14, Ægir Þór Steinarsson 12 (10 frák., 11 stoðs.).

Snæfell-Hamar 130-75

Stigahæstir: Sean Burton 55 (hitti úr 16 af 20 3ja stiga skotum), Jón Ólafur Jónsson 15, Hlynur Bæringsson 12, Sigurður Þorvaldsson 12 - Andre Dabney 29, Svavar Páll Pálsson 12.

KFÍ-ÍR 86-93

Stigahæstir: Pance Ilievski 29, Craig Schoen 18 (9 stoðs.) - Hreggviður Magnússon 23, Nemanja Sobvic 22, Ólafur Þórisson 14, Steinar Arason 12.

Valur-Keflavík 90-100

Stigahæstir: Byron Davis 22, Hörður Hreiðarsson 17 - Gunnar Einarsson 16, Gunnar Stefánsson 16, Hörður Axel Vilhjálmsson 15, Þröstur Leó Jóhannsson 15.

Hrunamenn-Njarðvík 55-107

Stigahæstir: Mate Dalmay 20, Sigurður Sig urjónsson 14 - Kristján Rúnar Sigurðsson 20, Guiðmundur Jónsson 19, Hjörtur Hrafn Einarsson 15, Jóhann Árni Ólafsson 14.

Breiðablik-IBV 102-58

Stigahæstir: Sæmundur Oddsson 27, Arnar Pæetursson 15, Þorsteinn Gunnlaugsson 11 - Kristján Tómasson 24, Baldvin Johnsen 19.

Grindavík-Ármann 132-76

Páll Axel Vilbergsson 28, Guðlaugur Eyjólfsson 18, Darrell Flake 17 - John Davis 31.

Laugdælir-Tindastóll 72-88

Lið í 8 liða úrslitum: Grindavík, Njarðvík, Keflavík, Breiðablik, Tindastóll, Snæfell, ÍR og Fjölnir.

### Subway-bikar kvenna

KR-Hamar 64-74 (30-28)

Stig KR: Jenny Pfieffer-Finora 18, Signý Hermannsdóttir 14 (20 frák.), Guðrún Gróa Þor steinsdóttir 9, Margrér Kara Sturludóttir 8, Hildur Sigurðardóttir 6 (8 stoðs.), Unnur Tara Jónsdóttir 6, Helga Einarsdóttir 3.
Stig Hamars: Sigrún Ámundadóttir 18, Guð björg Sverrisdóttir 17 (10 frák.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 13, Koren Schram 13, Kristrún Sigurjónsdóttir 9, Sóley Guðgeirsdóttir 3, Hafrún Hálfdánardóttir 1.

Keflavík-Grindavík 70-61 (39-33)

Stigahæstar: Kristi Smith 20, Birna Valgarðs dóttir 19 (10 frák.) , Bryndís Guðmundsdóttir 15, Svava Ósk Stefánsdóttir 9 - Michele DeVault 16, Jovana Lilja Stefánsdóttir 12, Íris Sverrisdóttir 10.

Haukar-Valur 68-53 (32-30)

Stigahæstar: Heather Ezell 25, Heiðrún Ösp Hauksdóttir 18 - Birna Eiríksdóttir 16, Hrund Jóhannsdóttir 14, Þórunn Bjarnadóttir 12.

Skallagrímur-Fjölnir 49-54 (23-25)

Stigahæstar: Íris Gunnarsdóttir 17, Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir 11 - Bergdís Ragnarsdóttir 15, Gréta María Grétarsdóttir 10.

Laugdælir-Stjarnan 52-46

Keflavík b-Þór Ak. 57-87

Lið í 8 liða úrslitum: Snæfell (sat hjá) Keflavík, Haukar, Þór Akureyri, Laugdælir, Fjölnir og Hamar Grindavík b og Njarðvík mætast í kvöld.

### N1-deild kvenna

Víkingur-Valur 13-52 (4-26)

Markahæstar: Guðríður Ósk Jónsdóttir 5, Kristín Jónsdóttir 2, María Karlsdóttir 2 - Anna Úrsula Guðmundsdóttir 12, Hildigunnur Einarsdóttir 10, Íris Ásta Pétursdóttir 8, Arndís María Erlings dóttir 6, Ágústa Edda Björnsdóttir 4, Soffía Rut Gísladóttir 4.

HK-Haukar 24-34 (10-18)

Markahæstar: Elín Anna Baldursdóttir 10, Gerður Arinbjarnar 4 - Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7, Ramune Pekarskyte 6, Nína Arnfinnsdóttir 4.

KA/Þór-FH 30-39 (15-18)

Markahæstar: Emma Havin Davoody 8, Martha Hermansdóttir 8, Arna Valgerður Erlingsdóttir 6- Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 11, Birna Íris Helgadóttir 7, Berglind Ó Björgvinsdóttir 6, Birna Berg Haraldsdóttir 5, Arnheiður Guðmundsd 4.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **10** | **8** | **2** | **0** | **320-179** | **18** |
| Stjarnan | 9 | 7 | 1 | 1 | 294-198 | 15 |
| **Fram** | **9** | **7** | **1** | **1** | **261-190** | **15** |
| Haukar | 10 | 7 | 0 | 3 | 300-247 | 14 |
| **FH** | **8** | **4** | **0** | **4** | **220-229** | **8** |

KR-konur töpuðu sínum fyrsta leik og fyrsta titli á tímabilinu í DHL-Höllinni í gær:

# Planið okkar var að koma sterkar inn í fjórða leikhluta

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið KR tapaði sínum fyrsta leik á tímabilinu þegar Hamar frá Hveragerði náði að leggja það að velli í Vesturbænum. Lokatölurnar urðu 64-74 í jöfnum og fjörugum leik í sextán liða úrslitum Subway-bikarsins. Þarna voru tvö efstu liðin á Íslandsmótinu að mætast og var ljóst að sigurliðið í leiknum yrði sigurstranglegast í þessari bikarkeppni.

KR-konur voru búnar að vinna alla þrettán leiki tímabilsins, tíu í deildinni, tvo í Powerade-bikarnum og einn í Meistarakeppninni. Flesta leikina hafði KR-liðið unnið mjög örugglega en liðið er með sex stiga forskot í deildinni. „Það er náttúrlega mikið svekkelsi að detta út úr bikarnum strax í fyrstu umferð. Vörnin náði sér aldrei almennilega á strik en hún hefur verið okkar aðalsmerki. Fyrir mér er það skýringin á þessu," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, eftir leik.

Bæði lið hittu illa í fyrsta leikhlutanum en staðan var jöfn 9-9 að honum loknum. Áfram hélt svo jafnræðið og var KR með tveggja stiga forystu í hálfleik, 30-28. Sóknarlega voru bæði lið nokkuð frá sínu besta en staðan var hnífjöfn fyrir síðasta leikhlutann, 48-48.

Heimakonur byrjuðu lokafjórðunginn mjög illa á meðan gestirnir frá Hveragerði voru í miklum ham og náðu að skora 14 stig í röð. Það var þessi kafli í leiknum sem gerði útslagið og Vesturbæjarkonum mistókst að vinna þetta upp á þeim tíma sem eftir var.

„KR er með meiriháttar gott lið og það var komin mikil pressa á það eftir að hafa unnið svona marga leiki í röð. Það var planið okkar að halda leiknum jöfnum og koma sterkar inn í fjórða leikhluta. Það gekk upp," sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars.

„Þær voru í stöðu sem þær eru ekki vanar í vetur. Þær hafa venjulega verið búnar að gera út um leikina fyrir fjórða leikhluta. Á móti höfum við verið að klára okkar leiki í síðasta leikhlutanum og sú reynsla hjálpaði okkur mikið í dag. Það er ekkert annað en meiriháttar að ná að vinna toppliðið á heimavelli þess," sagði Ágúst.

Keflavík vann 70-61 sigur á Grindavík í hinu uppgjöri efstu liðanna í Subway-bikar kvenna. Birna Valgarðsdóttir átti mjög góðan leik fyrir Keflavík og þá sérstaklega í þriðja leikhlutanum þegar Keflavík náði upp góðu forskoti. Grindavíkurliðið var búið að vinna Keflavík tvisvar í vetur en nú náðu þær keflvísku að svara fyrir sig.

**- egm, óój**



**GÓÐ GEGN GÖMLU FÉLÖGUNUM** Sigrún Ámundadóttir átti góðan dag hjá Hamri og sést hér skora 2 af 18 stigum sínum framhjá KR-ingunum Signýju Hermannsdóttur og Unni Töru Jónsdóttur (14). FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GUNNAR HEIÐAR** Heillaði Reading-menn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Líklega á leiðinni til Reading

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson sagði í samtali við Íþróttadeild Stöðvar 2 í gær að níutíu prósenta líkur væru á að hann yrði leikmaður Reading á næstu dögum. Þjálfari Reading vill fá hann strax en Danirnir hafa verið tregir til að leyfa honum að fara.

„Ég held að þeir séu að mýkjast núna," sagði Gunnar Heiðar og bætti við: „Ég átti gott spjall við þjálfarann. Hann er með stórt hlutverk fyrir mig í liðinu. Eigum við ekki að segja að það séu áttatíu til níutíu prósenta líkur á að ég fari til Reading. Ég vona að það gerist eftir helgi," sagði Gunnar Heiðar við Stöð 2 í gærkvöldi. **- óój**

Franski fótboltinn um helgina:

## Eiður Smári inn á í hálfleik

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen byrjaði á varamannabekknum en kom inn á í hálfleik í 1-3 tapi Mónakó fyrir Valenciennes í frönsku úrvalsdeildinni.

Mónakó jafnaði leikinn fimm mínútum eftir að Eiður kom inn á völlinn en Valenciennes skoraði síðan tvö mörk á síðustu fimm mínútunum. Eiður Smári fékk fimm í einkunn fyrir frammistöðu sína hjá L´Equipe, sem er með bestu einkunnum sem hann hefur fengið á tímabilinu. **- óój**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **David Arquette**

„Karlmönnum er sagt að þeir eigi að vera kvensamir og harðir naglar en einmitt það getur eyðilagt allt fyrir þeim.“

***Arquette fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Time Bomb sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld. kl. 22.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR ÓTTAST UM LÍMHEILANA

# *Mamma, verum bara léttar og spilum golf*



Mér fannst ég aldrei hafa heyrt neitt fallegra en þegar sonur minn kornungur fór að söngla vögguvísur eftir heimsóknir hjá ömmum sínum. Nú nokkrum vikum síðar er væmið brosið stirðnað á vörum mínum, því „1,2,3 áfram Latibær!“ heyrist æ oftar. Ha? Hvenær í óskópunum lærði hann þetta? Eru markaðsöflin í alvörunni búin að krækja í son minn, og það fyrir tveggja ára aldur?

Já, það er víst þannig, enda eru krakkar eins og ryksugur sem sjúga allt upp í hausinn á sér sem gengur á í kringum þau. Ég fékk vísbendingu um hvernig framtíðin verður í heimsókn hjá vinafólki mínu um daginn. Fimm ára dóttir þeirra sat inni í herberginu sínu í dúkkuleik. „Hagkaup – í fimmtíu ár fyrir Íslendinga,“ sagði hún við dúkkurnar og skálaði við þær. Stelpan er söngelsk og elskar sviðsljósið og snerist svo um stofugólfið og söng sjálf undir grípandi auglýsingastef frá Símanum. Þegar mamma hennar ætlaði eitthvað að leiðbeina henni greip hún frammí fyrir henni og sagði: „Mamma! Verum bara léttar og spilum golf.“

Með þessa áhrifagjörnu litlu límheila er ekki skrýtið að auglýsendur keppist um plássið á milli barnatímanna fyrir fréttir. En þeir keppast svo sem líka um okkur hin, sem einnig erum með heila sem drasl límist við þótt viðnámið sé ef til vill orðið aðeins meira. En mikið vildi ég óska að ég gæti skipt sumum óþolandi slagorðum út fyrir eitthvað eigulegra. Leiðinlegasta slagorð sem ég þekki og losna ekki við úr höfðinu er „Kjarnafæði pepperóní... Alvöru pepperóní... Af því það er Kjarnafæði pepperóní!!!“ Hver bjó þetta til? Og gerði hann það bara til þess að koma mér í vont skap?

## MÁNUDAGUR



▶ **20.00** Into the Blue
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.25** Glee
STÖÐ 2



▶ **20.30** Ástríður
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.10** Glæpahneigð
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** CSI: New York
SKJÁREINN

### SJÓNVARPIÐ

**16.10 Leiðarljós**
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.05 Sammi** (51:52)
**17.12 Pálína** (13:28)
**17.17 Stjarnan hennar Láru** (8:22)
**17.30 Útsvar** (e)
**18.35 Jóladagatalið – Klængur sniðugi** (e)
**18.45 Jóladagatalið – Klængur sniðugi**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Stórviðburðir í náttúrunni** (Nature's Great Events) (2:6) Heimildarmyndaflokkur frá BBC. Í þáttunum er sýnt hvernig náttúruöflin setja af stað keðjuverkanir sem gjörbreyta landslagi og ráða örlögum stórra dýrahjarða.
▶**21.10 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (63:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Trúður** (Klovn V) (10:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.
**22.55 Framtíðarleiftur** (e)
**23.40 Spaugstofan** (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**06.35 Into the Blue**
**08.25 Manchester United. The Movie**
**10.00 An Inconvenient Truth**
**12.00 The Sandlot 3**
**14.00 Manchester United: The Movie**
**16.00 An Inconvenient Truth**
**18.00 The Sandlot 3**
▶**20.00 Into the Blue** Ævintýramynd með Jessicu Alba og Paul Walker.
**22.00 Time Bomb** Hryðjuverkamenn hafa komið fyrir sprengju á íþróttaviðburði í Washington. Aðalhlutverk: Angela Bassett og David Arquette.
**00.00 Out of Sight**
**02.00 Jackass Number Two**
**04.00 Time Bomb**
**06.00 Take the Lead**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Beauty and the Geek** (8:10)
**11.00 The Moment of Truth** (13:25)
**11.45 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Facing the Giants**
**14.45 ET Weekend**
**15.30 Gavin and Stacey** (5:6)
**16.05 Barnatími Stöðvar 2** Njósnaskólinn, Ruff's Patch og Áfram Diego, áfram!
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.58 Friends** (18:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.52 Íþróttir**
**18.59 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Simpsons** (12:25)
**19.55 Two and a Half Men** (8:24) Charlie Sheen og John Cryer snúa aftur sem Harper-bræðurnir ólíku, Charlie og Alan.
▶**20.25 Glee** (6:22) Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.
**21.10 So You Think You Can Dance** (14:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.
**22.40 So You Think You Can Dance**
**23.30 K-Ville** (2:11) Hörkuspennandi sakamálaþættir um félagana Marlin og Trevor. Þeir eru afar ólíkir en vinna mjög vel saman sem verðir laganna og beita ósjaldan ansi óhefðbundnum aðferðum til að framfylgja réttvísinni.
**00.15 True Blood** (11:12)
**01.15 Tarnation**
**02.50 Rescue Me** (10:13)
**03.35 Facing the Giants**
**05.25 The Simpsons** (12:25)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**17.30 Chevron World Challenge** Útsending frá Chevron World Challenge mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA-mótaröðinni í golfi.
**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.00 Bestu leikirnir: ÍBV - ÍA 23.09.01** Árið 2001 börðust ÍBV og ÍA hatrammlega um Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu. Það var því sannkallaður draumaviðureign fyrir knattspyrnuáhugamenn þann 23. september þegar ÍBV og ÍA mættust í úrslitaleik í lokaumferðinni á Íslandsmótinu.
**22.30 Atvinnumennirnir okkar: Ólafur Stefánsson** Að þessu sinni verður einn dáðasti sonur íslensku þjóðarinnar heimsóttur til Ciudad Real á Spáni.
**23.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Everton - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.05 Arsenal - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 PL Classic Matches** Manchester City - Tottenham, 1994.
**19.10 PL Classic Matches** Wimbledon - Newcastle, 1995.
**19.40 Watford - QPR** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni en með liði Watford leikur Heiðar Helguson en hann er í láni frá QPR.
**21.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**22.40 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**23.10 Watford - QPR** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
**08.00 Dynasty** (22:29) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Survivor** (5:15) (e)
**17.25 Dynasty** (23:29)
**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**18.30 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (46:48) (e)
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (12:25) Bandarískir gamanþættir
**20.10 90210** (10:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Annie býður Jasper í mat með fjölskyldunni og Navid hefur áhyggjur af Adrianne.
**20.55 Melrose Place** (10:18) Heather Locklear snýr aftur í hlutverki Amöndu Woodward og setur allt á annan endann.
▶**21.40 CSI: New York** (13:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Núna þarf rannsóknardeildin að púsla saman sönnunargögnum þegar glímuþjálfari er myrtur og líkamsleifar hans finnast í pörtum á mismunandi stöðum í borginni.
**22.30 The Jay Leno Show**
**23.15 Harper's Island** (13:13) (e)
**00.05 United States of Tara** (7:12) (e)
**00.35 King of Queens** (12:25) (e)
**01.00 Melrose Place** (10:18)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Ertu í mat?** Annar af tveimur þáttum um þátttöku íslensku matreiðslumeistaranna í Ólympíueldamennsku.
**20.30 Segðu mér frá bókinni** Þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar og lesa úr þeim.
**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Þáttur um heilsufar og mataræði.
**21.30 Í nærveru sálar** Megastuð í Múlalundi. Helgi Kristófersson og Ólafur Sigurðsson rabba um innviði Múlalundar.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# JÓLAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG

## Viltu selja málverk ? Við bjóðum lægri sölulaun.

Galleri BORG
**Skipholti 35**
105 Reykjavík. Sími 511-7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is



STÓRVAL



STÓRVAL

Galleri BORG
**Skipholti 35**
105 Reykjavík. Sími 511-7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is

**AÐEINS 5 % SÖLULAUN AF ÖLLUM VERKUM SEM KOSTA 200.000 EÐA MEIRA**

Tökum dæmi : Samkeppnisaðili sem tekur 20 % í sölulaun og 25 % uppboðsgjald, selur mynd á tvær milljónir. Þá þarf kaupandinn að greiða 2,5 milljóniren seljandi fær aðeins 1.600.000 til sín. Mismunurinn er 900.000 ! **Hver mundi vilja selja bíl á tvær milljónir og borga 900.000 í sölulaun ?**

**Vinsamlegast hafið samband sem fyrst við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600**

**GALLERÍ BORG SKIPHOLTI 35. • SÍMAR 511 7010 og 847 1600 • petur@galleriborg.is**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### So You Think You Can Dance



Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Ertu í mat?

### INN kl. 20.00

Nýr þáttur þar sem skyggnst er á bak við tjöldin hjá íslenska kokkalandsliðinu og fylgst með undirbúningi þess fyrir þátttöku í heimsmeistaramóti sem fer fram í Lúxemborg 2010. Saga liðsins verður kynnt og rifjaður upp frábær árangur þess á erlendri grundu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.20** Tónlist á 20. öld
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Úr kvæðum fyrri alda
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (23:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (24:25)
**17.30 ER** (19:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.15 Seinfeld** (2:22)
**18.45 Doctors** (23:25)
**19.15 Doctors** (24:25)
**19.45 ER** (19:22)
**20.30 Ástríður** (1:12) Jarðeðlisfræðingurinn Ástríður er nýflutt til Íslands frá Danmörku. Í Reykjavík hefur henni boðist starf hjá fjármálafyrirtæki.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 The Mentalist** (2:22) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**22.45 Numbers** (21:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðisnillingur sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.30 Mad Men** (8:13)
**00.20 Ástríður** (1:12)
**00.50 Seinfeld** (2:22)
**01.20 Sjáðu**
**01.45 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Absolutely Fabulous **12.55** Absolutely Fabulous **13.25** After You've Gone **13.55** After You've Gone **14.25** My Hero **14.55** The Weakest Link **15.40** Monarch of the Glen **16.29** Monarch of the Glen **17.20** My Hero **17.50** EastEnders **18.20** The Weakest Link **19.05** Lead Balloon **19.35** The Mighty Boosh **20.05** Rob Brydon's Annually Retentive **20.35** The Catherine Tate Show **21.05** Hustle **22.05** Lead Balloon **22.35** The Mighty Boosh **23.05** The Catherine Tate Show **23.35** Only Fools and Horses

## DR 1

**12.20** OBS **12.25** Strömsö **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Spam **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Ekspedition Ny Guinea **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Klimaets ofre **23.20** Seinfeld **23.40** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** En plass i livet **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn. Ormen i Seljordsvannet **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Folk. Bob Benoni - et fyrverkeri i nord **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Livet i Fagervik **21.20** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Derrick **23.15** God natt, elskede

## SVT 1

**12.20** Robins **13.25** Kvinnor i fångenskap **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Vem tror du att du är? **21.00** Mitt Gaza **21.45** Sportstugan **22.00** Kulturnyheterna **22.15** Dansbandskampen **23.45** Brotherhood




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Ég nýt þess að sjá hann blómstra í þessu því hann var búinn að segja mér að hann ætlaði að lifa af tónlist. Mér finnst hann flytja fallegan boðskap vináttu og virðingar.“*

Magnea Kristjana Guðmundsdóttir er móðir Halldórs Gunnars Pálssonar, forsprakka Fjallabræðra. Kórinn syngur Bitlalagið All You Need Is Love í dag, en það er hluti af risastóru alþjóðlegu verkefni.

# Dóttirin hannaði endurskinsmerki

„Mér fannst mikilvægt að gera eitthvað sem myndi skapa skemmtilega stemningu því neikvæðnin er búin að vera of mikil síðustu mánuði,“ segir Auður Lind Aðalsteinsdóttir, sem stendur fyrir verkefninu Brosum saman. Hún hefur látið framleiða 10.000 endurskinsmerki með mynd af broskarli sem dóttir hennar Hanna María Petersdóttir, fjögurra ára, teiknaði. Merkin verða til sölu frá og með deginum í dag í verslunum Hagkaupa, Nóatúns, Krónunnar, Fjarðarkaupa og Cintamani og verða seld á 500 krónur við kassann. Allur ágóðinn mun renna óskiptur til Fjölskylduhjálpar.

„Mér finnst ástandið vera verra en ég hafði búist við og finn svolítið fyrir því að þessi samstaða meðal Íslendinga hefur gleymst. Mér fannst ég þurfa að finna eitthvað sem myndi vekja smá samstöðu, væri einfalt og hefði notagildi. Þegar ég hafði ákveðið að gera endurskinsmerki fór af stað umfjöllun um að að vöntun væri á að fólk notaði endurskinsmerki, sem eru nauðsynleg nú í skammdeginu, svo það kom sér vel,“ útskýrir hún og segir fyrirtækin sem hún leitaði til hafa fjármagnað verkefnið. „Sjálf er ég með lítið á milli handanna en vil samt gera eitthvað,“ segir Auður, sem stundar meistaranám í fjármálum fyrirtækja í HR.

„Ég lít ekki á þetta verkefni sem góðverk heldur er ég frekar að gera þetta til þess að við, fólkið, getum staðið saman og hjálpað góðu starfi Fjölskylduhjálparinnar. Þetta er nokkurs konar samstarf okkar allra og ég kom aðeins með hugmyndina og gef fólki tækifæri að taka þátt með mér,“ segir Auður. „Annað hvort floppar þetta eða verður mjög vinsælt,“ bætir hún við og vonast til að selja öll merkin innan viku.

**- ag**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STYRKJA FJÖLSKYLDUHJÁLP** Auður hefur látið framleiða 10.000 endurskinsmerki með mynd af broskarli sem Hanna María, fjögurra ára dóttir hennar, teiknaði. Allur ágóði af sölu merkjanna mun renna til Fjölskylduhjálpar.



**LÁRÉTT**

**2.** plat, 6. óhreinindi, 8. spíra, 9. gljúfur, 11. æst, 12. yfirstéttar, 14. létt hlaup, 16. innan, 17. frjó, 18. frestur, 20. frá, 21. innyfla.

**LÓÐRÉTT**

**1.** etja, 3. í röð, 4. ofbjóða, 5. mælieining, 7. höfuðstöðvar, 10. draup, 13. hrós, 15. bæla niður, 16. erlendis, 19. skammstöfun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gabb, 6. im, 8. ála, 9. gil, 11. ör, 12. aðals, 14. skokk, 16. út, 17. fræ, 18. töf, 20. af, 21. iðra.

**LÓÐRÉTT:** 1. siga, 3. aá, 4. blöskra, 5. bar, 7. miðstöð, 10. lak, 13. lof, 15. kæfa, 16. úti, 19. fr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Arnar Birkir Hálfdánarson.
2. Hún heitir Mjöll og er bolabítur.
3. Þær voru 2.747, sem er 77,5 prósenta fækkun frá sama tímabili í fyrra.

Auglýsingasími 512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## DUNCAN MCKNIGHT: Á BATAVEGI EFTIR LÍFSHÆTTULEGT SLYS

# Nældi sér í hjúkrunarkonu sem kom honum til heilsu

Duncan McKnight, söngvari hljómsveitarinnar The Virgin Tongues, er á batavegi eftir fall ofan af þaki fjölbýlishúss á Skólavörðustíg 1. maí síðastliðinn. Duncan höfuðkúpubrotnaði og hlaut innvortis meiðsli en er allur að koma til. Hann hefur eignast nýja kærustu en það er hjúkrunarkonan sem hjálpaði honum við endurhæfingu þegar hann lá á Landspítalanum. „Hún vann í sumar sem hjúkrunarkona. Ég hitti hana og við spjölluðum saman. Hún hjálpaði mér að borða og kenndi mér að bursta tennurnar á nýjan leik,“ segir Duncan, sem ætti því að vera í góðum höndum í framtíðinni.

Hann segir að batann ganga hægt en örugglega. Hann eigi erfitt með gang auk þess sem talandinn sé breyttur. Andlega hliðin er þó í góðu lagi þrátt fyrir að líf hans hafi tekið miklum stakkaskiptum. „Ég er ekki þunglyndur eða neitt slíkt. Aðalatriðið er að ég er ekki eins kærulaus núna. Fyrir slysið drakk ég vodka og gerði það sem mér datt í hug, eins og rokkarar gera. Núna er ég miklu skynsamari og varkárari.“

Hvernig vildi slysið eiginlega til? „Ég var í þakherbergi sem er fyrir utan íbúð vinar míns. Ég lokaðist út úr íbúðinni, fór aftur inn í herbergið, skreið út um gluggann og reyndi að komast inn um hinn gluggann. Ætli ég hafi ekki tekið skref á vitlausan stað.“

Þrátt fyrir að hafa ekki náð fullri heilsu ætlar Duncan að halda sína fyrstu tónleika í langan tíma á Kaffibarnum 29. desember. Með honum á sviðinu verða íslenskir vinir hans úr tónlistargeiranum því félagar hans úr The Virgin Tongues eru fluttir aftur til Berlínar þar sem hljómsveitin var með bækistöðvar fyrir slysið. „Ég stefni á að fara til Berlínar í mars og byrja aftur að spila með The Virgin Tongues. En mig langar að halda þessa tónleika hérna á Íslandi til að venjast því að vera uppi á sviði á nýjan leik. Þetta verður kannski ekki fullkomið hjá mér en mér er alveg sama. Mig langar bara að gera þetta.“

Duncan er einnig með hliðarverkefni í gangi með eigin lögum sem nefnist The Flaming Banshees. Áhugasamir geta fest kaup á nýrri vínylplötu hljómsveitarinnar í versluninni 12 Tónum og styrkt Duncan í leiðinni, enda hefur fjárhagur hans verið erfiður undanfarna mánuði.

**freyr@frettabladid.is**



**KÆRUSTUPAR** Duncan McKnight ásamt kærustu sinni Ylfu Úlfsdóttur Grönvold. Hún hjúkraði honum þegar hann lá á Landspítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Dagur rauða nefsins var haldinn hátíðlegur á föstudag. Meira en 100 milljónir söfnuðust í átakinu og útsending Stöðvar 2 þótti afar vel heppnuð. Sveppi og **Auddi** voru með gríninnslög sem vöktu athygli á vatnsskortinum í Afríku með því að hella vatni inn á útvalda. Á meðal þeirra sem fengu vatn inn á sig var Máni Pétursson, útvarpsmaður á X-inu. Auddi hefur væntanlega notið þess að hella inn á hann þar sem hann er oftar en ekki skotspónn Mána og Frosta í þættinum Harmageddon á X-inu.



Og meira um dag rauða nefsins. Fjölmargir lögðu söfnuninni lið í símaverinu og mátti meðal annars sjá Jónsa í Sigur Rós og **Sigurjón Kjartansson**. Þegar sá síðarnefndi fékk afhent an eldrauðan bol til að klæðast í söfnunni vissi hann ekki alveg hvert hann var að fara, enda ekki þekktur fyrir litríkan klæðnað. Hann lét sig þó hafa það, enda málstaðurinn góður.



Útvarpskonan **Margrét Erla Maack** gerði afar óheppileg mistök í gær þegar hún tannburstaði sig með vöðvaslakandi kreminu Bengay rétt fyrir útsendingu. Hún lét það ekki stöðva sig og var vopnuð servíettu þegar hún talaði við þjóðina á Rás 2, þar sem það reyndist henni afar erfitt að hefta munnvatnsflæðið úr dofnum munninum. **- afb**

Humar 2.000 kr/kg
Skatan er komin!
Vestfirsk Hnoðmör
Stór, pilluð Eldeyjar-rækja
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Útgefendur borguðu tvær milljónir

Íslenskir bókaútgefendur borguðu rúmar tvær milljónir fyrir þær hundrað bækur sem sendar voru og gátu fengið tilnefningu til hinna íslensku bókmenntaverðlauna. 44 bækur voru sendar inn í flokk fræðirita og bóka almenns efnis en 56 í fagurfræðibókaflokkinn, þar af tólf barnabækur. Bókaútgefendur þurfa að reiða fram 25 þúsund krónur fyrir hverja bók nema barnabækur en tilnefningagjaldið fyrir þær er fimmtán þúsund krónur. Kristján Bjarki Jónasson, formaður Félags bókaútgefenda, segir gjaldið vera það sama og það var fyrir tuttugu árum. „Og það hefur ekki verið mikil stemning fyrir því að gjaldinu verði breytt. Ég tel það hins vegar æskilegt því þá gæti verðlaunaupphæðin hækkað. Gjöldin í dag ná varla upp í kostnaðinn,“ segir Kristján en verðlaunaupphæðin í ár er 750 þúsund krónur í hvorum flokki.

Kristján segir að á velmegunarárum fjármálalífsins hafi komið til tals, bæði innan og utan bókaheimsins, að leggja þessi gjöld einfaldlega niður, jafnvel verðlaunin í sjálf, og fá bara styrki úr digrum menningarsjóðum fjármálafyrirtækjanna. Í dag séu menn hins vegar sáttir við að hafa ekki farið þá leið. „Verðlaunin fjármagna sig sjálf, það er enginn bakhjarl eða sjóður, þau eru algjörlega óháð. Og mér finnst eins og bókmenntaheimurinn sé almennt ánægðari núna en oft áður með verðlaunin og hvernig staðið er að þeim,“ segir Kristján. **- fgg**



**ALMENN SÁTT** Formaður Félags bókaútgefenda segir meiri sátt ríkja um verðlaunin núna en oft áður enda hafi ekki mörg menningarverðlaun staðið af sér tímans tönn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


JÓLATILBOÐ
REKKJUNNAR
JÓLATILBOÐ
VERÐDÆMI
Queen size heilsurúm
(153x203 cm)
Verð 155.800 kr.
NÚ 124.640 kr.
GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR
25%
AFSLÁTTUR
af öllum sængurfatnaði til jóla
JÓLATILBOÐ
Sængurföt frá
5.175 kr.
JÓLATILBOÐ
Heilsukoddar frá
5.915 kr.
GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR
30%
AFSLÁTTUR
af öllum heilsukoddum til jóla
JÓLATILBOÐ
Kauffmann
hitajöfnunardúnsængur
Verð frá
21.600 kr.
Ertu í vandræðum með jólagjöf?
Gjafabréf
rekkjan
Þú leysir það með gjafabréfi frá Rekkjunni.
ARGH!!! 191109
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst:húsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Svansmerkt prentverk
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýtt lag frá Jónsa



**Jónsi** úr Sigur Rós hefur sent frá sér nýtt lag af væntanlegri sólóplötu sem kemur út snemma á næsta ári. Lagið nefnist Boy Lilikoi og er poppað, með nokkuð hröðum takti, eilítið í ætt við sum laganna á síðustu plötu Sigur Rósar. Jónsi hefur einnig stofnað heimasíðuna Jonsi.com þar sem upplýsingar um nýju plötuna verður að finna.

### Fjölhæfur sýslumaður



Sýslumaður tónelski, Ólafur Helgi Kjartansson á Selfossi, fór með himinskautum á vestfirskri bókakynningu sem endaði með Rolling Stones-dansleik á laugardagskvöldið. Fyrst las Ólafur Helgi upp úr nýútkominni smásagnabók sinni, Nýrri von að morgni, og sagði vestfirskar gamansögur. Kvöldið endaði sýslumaðurinn síðan sem gestasöngvari á dansleik hljómsveitarinnar Granít sem flutti valin lög með Rolling Stones. Allt þetta gerðist á veitingastaðnum Cafe Catalina í Kópavogi.

### Ráðherra í fjallgöngu



Það er búið að vera brjálað að gera í vinnunni hjá Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra. Í gær gaf Steingrímur sér þó tíma til að sinna sér og sínum. Þennan fallega sunnudag nýtti hann til að ganga á Esjuna og steikja laufabrauð með fjölskyldunni. Bærilegt dagsverk fyrir hvern sem er en væntanlega hrein afslöppun fyrir fjármálaráðherra Íslands.

### Mest lesið VISIR.IS

1. Landhelgisgæslan hyggst skila björgunarþyrlu
2. Fannst látin í Hafnarfirði - ekkert saknæmt að...
3. Roger Boyes: Jón Ásgeir og Davíð haga sér eins og...
4. Forstjóri Landhelgisgæslunnar: Þarf að skera...
5. Unnið að fjórða meirihlutanum í Grindavík...


Egill Árnason™ 75 ára




Möller Chemie
Frábær hreinsiefni fyrir náttúrusteininn
Ármúla 8 | Sími: 595 0500






Fíton/SÍA F1030846

# Gefðu góða ferð!

**Jólagjafabréf Iceland Express** er frábær jólagjöf, því það er svo margt. Vel heppnuð leikhúsferð til London, huggulegheit í Köben, rokk og ról í Berlín eða bara þægileg afslöppun í útlöndum. **Jólagjafabréfið** er líka tilvalin jólagjöf handa þeim sem búa erlendis, svo þeir geti skotist heim til Íslands.

Bókaðu ævintýri í útlöndum fyrir þann sem þér þykir vænt um á **www.icelandexpress.is/jolagjafabref**

**Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2010:**
Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum, sem gildir fram og til baka til Köben, London Stansted/Gatwick eða Berlínar.
Bókunartímabil: 26. desember 2009–31. janúar 2010.
Ferðatímabil: 15. janúar–15. maí 2010.
Takmarkað sætaframboð.

**Ef bókað er eftir 1. febrúar 2010:**
Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr.
Gildir til allra áfangastaða og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

## Jólagjafabréf:
# 25.900 kr.

Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2009.

Iceland Express **með ánægju**

www.icelandexpress.is